FORNLEIFASKRÁNING Í LANDI BÚLANDSNESS

UTAN ÞÉTTBÝLISINS Á DJÚPAVOGI



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR
(ritstjóri)

Höfundar efnis: Gylfi Helgason, Lilja Laufey Davíðsdóttir,
Kristborg Þórsdóttir og Stefán Ólafsson

Reykjavík 2020
FS781-17371

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Á forsíðumynd er refagildra SM-233:024 í forgrunni en horft er til norðurs út á Eyfreyjunes.
Ljósmynd: Kristborg Þórsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2020
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt.....5
Summary.....5

1. Inngangur.....6

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....8

3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....10

4. Fornleifaskrá.....12

5. Niðurstöður.....154
Minjaflokkar.....156
Bæjarhólar og bæjarstæði.....*156*
Kirkjur og legstaðir.....*158*
Kálgarðar og garðlög.....*159*
Útihús.....*160*
Kvíar og stekkir.....*160*
Sel og beitarhús.....*161*
Minjar um sjósókn.....*162*
Refagildrur.....*164*
Verndun og kynning.....165

6. Heimildaskrá.....170

Hnitaskrá ISN93.....173

Minjakort.....177

Samantekt

Vorið 2018 fór fram aðalskráning fornleifa í landi Búlandsness og Bjargarréttar í Djúpavogshreppi (áður Geithellnahreppi) í Suður-Múlasýslu. Jarðirnar eru á nesi sem gengur til austurs á milli Hamarsfjarðar og Berufjarðar. Svæðið er í eigu sveitarfélagsins og byggðist þéttbýlið á Djúpavogi upp innan jarðarinnar Búlandsness í kringum verslunarstaðinn í samefndum vogi. Áður en ráðist var í fornleifaskráningu á jörðinni var búið að vinna aðalskráningu fornminja innan þéttbýlisins og deiliskráning var einnig unnin í kringum gamla verslunarstaðinn, í tengslum við tillögu um verndarsvæði í byggð.

Innan Búlandsness (utan þéttbýlis) og Bjargarréttar voru skráðar 204 minjastaðir 2018 en í heildina hafa verið skráðar 466 minjar innan þeirra jarða og Borgargarðs sem var hjáleiga frá Búlandsnesi eins og Bjargarrétt. Búlandsnes er stór jörð og minjarnar eru dreifðar. Flestar eru þær í tengslum við búskap og sjósókn á Búlandsnesi og hjáleigum en nokkur fjöldi þeirra tengist sjálfsþurftarbúskap íbúa í þéttbýlinu (kálgarðar, mógrafir og fjárhúskofar). Ástand minja á svæðinu er nokkuð gott ef frá eru talin heimatún Búlandsness og Bjargarréttar en þar er mikil skógrækt. Einnig hefur sandur sem berst inn á eyjasund austast á nesinu fært minjar í kaf og stuðlað að jarðvegseyðingu. Eru minjar horfnar eða í mikilli hættu af þeim sökum.

Lykilorð: Djúpivogur, Búlandsnes, Austfirðir, fornleifaskráning, Fornleifastofnun Íslands

Summary

In the spring of 2018 a general archaeological survey was carried out for the abandoned farms Búlandsnes and Bjargarrétt in the Eastfjords of Iceland at the request of the municipality of Djúpavogshreppur. The town of Djúpivogur was established within the boundaries of the farm Búlandsnes in connection to the trading post founded in the late 16th century.


A total of 204 archaeological sites were surveyed. Prior to this work the Institue of Archaeology in Iceland had carried out a survey of archaeological remains within the boundaries of the town of Djúpivogur, so in total there are 466 sites surveyed within the area historically belonging to the farm Búlandsnes.

Most of the sites are in fairly good condition, however the forestry in the old home fields of Búlandsnes and Bjargarrétt is causing serious threat to the archaeology. In the eastern most part of the area sand brought up along the coast from the south is filling up coves and channels between small islands. The sand is covering some of the archaeology in that area, causing erosion of the vegetation and damaging the archaeology.

Keywords: Búlandsnes, Djúpivogur, Eastfjords, archaeology, archaeological survey, The Institute of Archaeology, Iceland

1. Inngangur

Undanfarin ár hefur verið lögð talsverð áhersla á fornleifaskráningu og varðveislu menningarminja í Djúpavogshreppi á Austfjörðum. Í kjölfar fornleifaskráningar sem Fornleifastofnun Íslands vann fyrir sveitarfélagið innan verndarsvæðis í byggð í kringum gamla verslunarstaðinn á Djúpavogi árið 2016[1] og innan þéttbýlisins 2016-2017[2] ákvað sveitarfélagið að fá Fornleifastofnun til að vinna aðalskráningu fornminja á jörðinni Búlandsnesi sem Djúpivogur byggðist út úr en jörðin er í eigu sveitarfélagsins. Innan skráningarsvæðisins var einnig lögbýlið Bjargarrétt sem var áður hjáleiga frá Búlandsnesi. Fornleifastofnun hafði áður unnið heimildaskráningu[3] fyrir sveitarfélagið sem nýttist mjög vel.



Kort sem sýnir afmörkun þess svæðis sem fjallað er um í skýrslunni. Þéttbýlið á Djúpavogi er undanskilið í umfjölluninni og er afmarkað með svartri línu. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Staðsetning svæðisins er merkt með rauðum punkti á innfellt Íslandskort.

Jörðin Búlandsnes er talsvert landmikil (um 1400 ha) og er á milli Berufjarðar og Hamarsfjarðar. Úti fyrir nesinu var fjöldi lítilla eyja sem eru langflestar orðnar landfastar. Utan þéttbýlisins á Djúpavogi voru skráðir 204 minjastaðir og eru þeir til umfjöllunar í þessari skýrslu. Áður höfðu verið skráðir 211 minjastaðir innan þéttbýlisins[4] (160 ha) og þar að auki var

1 Kristborg Þórsdóttir. 2017.
2 Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2018.
3 Sædís Gunnarsdóttir. 2004.
4 Kristborg Þórsdóttir (ritstj.) 2018.

51 minjastaður skráður innan verndarsvæðis í byggð á miðsvæði Djúpavogs.[5] Þegar allt er talið saman hafa því verið skráðir 466 minjastaðir innan Búlandness og hjáleiganna Borgargarðs og Bjargarréttar. Þess má geta að í raun er um mun fleiri minjaeiningar að ræða en þessi tala gefur til kynna því á sumum minjastaðanna voru skráðar fleiri en ein eining sem fengu þá undirnúmer.

Vettvangsskráning var unnin snemma vors 2018 af fornleifafræðingunum Kristborgu Þórsdóttur, Stefáni Ólafssyni, Gylfa Helgasyni og Lilju Laufeyju Davíðsdóttur. Ritun skýrslu og kortagerð var í höndum Kristborgar en Gylfi setti upp myndefni í fornleifaskrá.

Jörðin Búlandsnes hefur verið í eyði síðan 1944 og fannst ekki heimildamaður fyrir gömlu bújörðina sem ólst þar upp eða stundaði búskap. Helsti heimildamaður skrásetjara var Andrés Skúlason sem búsettur er á Djúpavogi og hefur rætt við fjölmarga heimildamenn af eldri kynslóðinni. Einnig var rætt við ýmsa aðra heimildamenn um afmörkuð svæði innan Búlandsness og er þessu fólki öllu þakkað kærlega fyrir aðstoðina.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundum hætti. Á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir kemur fornleifaskrá með teikningum og ljósmyndum. Þar er fjallað um allar þær fornleifar sem skáðar voru innan jarðarinnar Búlandsness að þéttbýlinu undanskildu. Þar á eftir kemur svo kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá, kort og listi yfir staðsetningarhnit með ISN93 vörpun.

5 Kristborg Þórsdóttir 2017.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (NM, GK o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-084:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.



Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornleifar í skýrslum Fornleifastofnunar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða),

mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Lítill hluti minjanna sem skráðar voru 2018 var mældur upp með Trimble Geoexplorer 6000 en aðrar minjar voru hnitsettar með GPS-tæki af gerðinni Garmin GPSMAP64.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem reyndust innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

4. Fornleifaskrá

SM-233 Búlandsnes

Dýrleiki 12 hdr 1696. Björn Lárusson, 328. Dýrleiki 6 hdr 1847, fátækraeign hreppsins. JJ, 379. Bænhús var á jörðinni. 1397: Máldagar. [Til Háls] liggur vnder Bænhvs a Bulandsnesi [... Þvottárkirkja á] Halfs manadar beit a Bulandsnesi þui fie sem vera skal j eyumm ef þarf " DI IV, 230-231.

1541: Minnisgreinar Gizurar biskups. "Jtem bygt Jone Eiolfzsyne heima vegna sijnz faudurz Bulandznes kristfiarjordina vm næstu iij aar med slijkum skilmala sem hann hefur adur hafdur verid af Biskup Augmundi ad giallda hest og smior aa þa vm er ridid. fæda omagann," DI X, 656.


Búlandsneshjáleiga nefnd 1760. Borgargarður og Bjargarrétt hjáleigur í byggð 1847. Önnur forn afbýli Ásmundarhús, Halldórshjáleiga, Merki, Eyfreyjunes, Gunnukofi og Hrísey. Ekki talin upp hér öll afbýlin sem tilheyrðu kaupstaðnum. Fyrst var verslað í Fúluvík þar sem Brimarar sáu um verslunina en síðar hófu Hamborgarkaupmenn verslunarrekstur við Djúpavog og urðu deilur á milli þeirra. Verslunarstaðurinn Djúpivogur byggður í landi jarðarinnar. Í eyði frá 1944. Nýbýli Askur 1964 og Framnes 1936.

"Hamborgarar kræktu sér í leyfisbréf til verslunar á Djúpavogi með brögðum 20. júní 1589. Mætti miða aldur Djúpavogs við þann dag og ár, þótt Fúluvíkur- og Gautavíkurverslun hafi staðið lengur," segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi, 417.

Þingörnefni á jörðinni.

1840: "... stórt tún og nokkrar útslægjur, ekki einasta á fastalandinu heldur og í eyjum. Heyskapur fæst þar því nokkur. Útigangur er þar og hinn besti, bæði á landi og í eyjum, jörðin er ei heldur áföllum undirlögð og hefur lítið af sér gengið." SSM, 557. 1916-1918: Túnið er talið 3,51 ha. og taða a.m.k. 82 hestar. [...]. Túnið er ¾ slétt og ¼ þýfður, það er vel hirt. Engjarnar gefa af sér 76 h. [...]. 5.a Eldsneyti: Mótak er ekki gott, skógur enginn. Fjárreki lítill. b. Byggingarefni: Torfrista góð en ekki notuð, sem er lofsvert því torfrista er oftast [?]. Grjót og sandur er nægilegt til steinsteypu. c. Samgöngur eru góðar. Akvegur til Djúpavogarkauptúns [...] 6. Ókostir: Ágangur á landið af annar[r]a búfé. Varpeyjar eru að verða landfastar vegna sandbyrðar á eyjasundinu. Geta gripir gengið fyrir girðingar varpslandsins - er útkrefur mikið eftirlit og viðgjörð. Eyjar og beitiland skemmist af landfokinu. Svo er einnig bráðapest í sauðfé og skjögur í unglömbum. [...] 7. Leigumáli seldur 1898: Ársgjald af jörðu og 2 kúg.= 12 ám samtals kr. 300,00," Fasteignamat 1916 - 1918 SM I, 393.

1919: Tún 3,24 ha, garðar 587 m2. "B. var góð bújörð, einkum þó vegna hlunninda sem áður segir, gamla túnið allstórt og "vellagað til útgræðslu», ... en engjar þýfðar og reytingssamar, mýrar og valllendisbrekkur. Beitiland þótti gott til vetrarbeitar en sumarbeit lakari." SJM III, 426-427.




Túnakort Búlandsness frá 1919 lagt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Á kortið hafa verið merktar inn allar skráðar minjar í túninu og næsta nágrenni þess.

SM-233:001 *Búlandsnes* bæjarhóll bústaður 723005 470045

"Bærinn Búlandsnes stóð við Stóra-Setberg undir Hálsum í sveig milli Bjargarréttarklifs að innan og klettahraunsins Búrfells nokkru utar. Litlu ofar er nú íbúðarhúsið Askur þar sem eitt sinn stóð Gunnukofi [051] í túnjaðri," segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Bærinn hefur staðið á flatlendi undir Ytri-Hálsum og hafa háir stakir klettar verið einkennandi fyrir bæjarstæðið. Bæjarhóllinn og flest útihúsin stóðu á vesturhluta heimatúnsins. Á og fast við bæjarhólinn voru tóftir sex útihúsa 004, 005, 007, 008, 340 og 342 en aðeins fjær og við túnjaðarinn voru tóftir



Bæjarhóll Búlandsness 001, horft til suðurs á vinstri mynd. Á hægri mynd sést grunnur síðasta íbúðarhússins, horft til austurs.



Teikning af bæjarhóli Búlandsness 001 og minjum í næsta nágrenni.

fimm annara útihúsa 003, 006, 009, 010 og 011. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var blómagarður sunnan við bæjarhólinn og er hann skráður hér með bæjarhólnum undir einu minjanúmeri.
Heimatúnið og næsta umhverfi þess hefur verið girt af og er í umsjá Skógræktarfélags Djúpavogs og þrengir trjágróður mjög að minjunum. Bæjarhóllinn er undir klettum sem eru austan og norðan við hann. Talsverðum trjágróðri hefur verið plantað í bæjarhólinn og umhverfis klettana.
“Hús skv. F’18: Tvílyft timburhús með kjallara byggt 1898, 3,78x3,15x1,89 m, allt járnvarið. Hlöður f. 200 hb. Íbúðarhúsið stóð til búsetuloka árið ‘44,” segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.
Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir: “Jarðarhús samkvæmt úttekt virt að nýjum viðum 1898: Búr og eldhús - 3,78x2,05x2,84 m. Kr. 32,00. Skemma - 4,41x2,84x1,47 m. Kr. 40,00. -vegghæð-. Fjós - 3,78x2,05x1,42 m á veggbrún. Kr. 2,400. Hlaða – 5,67x2,84x3,15 m. Kr. 43,50. Samtals kr. 139,50. Hús ábúenda – 10,08x4,41x5,04+1,74 m. - Tvílyft timburhús með kjallara –


3,78x3,15x1,89 m. - Alt járnvarið að utan, virt á kr. 6200,00. Hjallur úr timbri. Þvottahús o. fl. smákofar. Peningshús er rúma: 6 naut, 6 hesta, 600 fjár og hlöður er taka 200 heyhesta.“ Matið: a. Jörðin 4000/00 hlunnindi 20000/00 Kr. 24000,00. b. Jarðarhús kr. 139,50. c. Mannvirki jarðar 400/00, leigul. 1100/00 kr. 1500,00. d. Hús ábúenda Kr. 7400,00 kr. Samtals Kr. 33000,00” Ekki reyndist unnt að tengja öll þau hús sem nefnd eru í fasteignamati við minjar sem skráðar voru. Í grein Birgis Thorlacius sem hann nefnir «Ýmislegt um Búlandsnes» og birtist í Múlaþingi 1998 segir: “Þegar foreldar mínir fluttu að Búlandsnesi þurftu þau að byggja að nýju íbúðarhús og peningshús. Byggingar sem fyrir voru voru allar ónýtar. Reyndar byggðu þau tvö íbúðarhús, því hið fyrra brann strax eftir að þau voru flutt í það og olli þeim að sjálfssögðu miklu tjóni. [...] Eftir brottflutning foreldra minna frá Búlandsnesi árið 1928 var jörðin í ábúð nokkurn tíma, en fór síðan í eyði og hefur svo verið um langa tíð.” Birgir getur þess ennfremur að foreldrar hans hafi búið á jörðinni í um 30 ár og því hafa þau flutt að Búlandsnesi í kringum aldarmótin 1900. Bæjarhóllinn er um 45m í þvermál. Upphleðsla hans er ágætlega greinileg og skýrust að vestanverðu en þar mun upphleðsla hans vera um 1,5m. Á bæjarhólnum er grjóthlaðinn grunnur 15x10m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hann er vel hlaðinn en víða hefur verið steypt upp að honum til að styrkja hleðsluna og þá aðallega að utanverðu. Í norðausturhorni grunnsins eru leifar steypts stromps sem er 60-70cm á hæð og er hann áfastur lágu veggbroti sem er 30-40cm á hæð. Í suðvesturhorni grunnsins er ferhyrnd gryfja sem er um 4x4m að innanmáli og um 150 cm á dýpt. Hún hefur grjóthlaðna veggi og má telja um 5 umför í þeim. Hleðslan hefur verið styrkt með steypu. Framhlið bæjar hefur sennilega snúið til suðvesturs.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919; ÁFÍ 2002, 92; SJM III, 427; Fasteignamat 1916 – 1918 SM I, 394; Múlaþing 1998, 92

SM-233:002 heimild um bænhús
BÚLANDSNES (SM) (HÁLSÞING) BÆNHÚS
1397: [til Háls] liggur vnder Bænhvs a Bulandsnesi oc Hamar ad allri skylldu. takast vj aurar af bænhvsumm; Máld DI IV 230 231 [Háls]. Bænhúsið stóð enn um 1791. “[...] bendir ýmislegt til, að bænhúsið hafi staðið fram á miðja 19. öldina,” segir í Múlaþingi 1988.
Það sem er vitað með vissu er að bænhúsið á Búlandsnesi var uppistandandi 1791 þegar Búlandsnesbærinn var tekinn út (sjá Múlaþing 1988) en það má vel hafa verið fallið þegar August Mayer málar Búlandsnesbæinn 1836 (sjá Íslandsmyndir Mayers). Á henni virðist það í það minnsta ekki að sjá. Staðsetning bænhússins að Búlandsnesi er því miður óþekkt en það má fastlega gera ráð fyrir því að það hafi verið á eða mjög nærri bæjarhólnum.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:DI IV, 230-231; Ingimundur Sveinsson: Siglt og róið, 143; Múlaþing 1988, 124; Íslandsmyndir Mayers

SM-233:003 tóft útihús 723017 470063



Útihús 003, horft til norðurs.



Teikning af útihúsi 003.

Á túnakorti frá 1919 er útihús sýnt um 10 m norðan við bæ 001. Tóft þessa útihúss sést ennþá og er hún byggð þétt upp að klettaborg sem nefnist Stóra Setberg.
Tóftin er innan skógræktargirðingar og er norðaustast á bæjarhólnum.
Tóftin er einföld, 8x7 m að stærð og hlaðin úr torfi og grjóti. Hún hefur op til suðurs og er niðurgrafin. Innrabyrði hennar er grjóthlaðið og er það hæst í norðurgaflinum en þar er það um 170cm á hæð og má telja í því 7-8 umför. Aðrar veggbleðslur eru ekki mikið lægri. Bleðslugrjótið er kantað og vel hlaðið. Veggir eru um 2 m á breidd en ytrabyrði vesturveggjar er verst farið og mun ástæðan fyrir því vera sú að greinar trjáa sem plantað hefur verið alveg upp við tóftina að vestanverðu eru sífellt að nuddast í tóftina.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919


SM-233:004 tóft útihús 723030 470057

Á túnakorti frá 1919 er útihús sýnt um 20 m norðaustan frá bæ 001. Tóft þessa útihúss er enn vel greinileg og er hún byggð upp að klettaborg sem nefnist Stóra-Setberg.



Útihús 004, horft til norðurs.

Tóftin er innan skógræktargirðingar og er norðaustast á bæjarhólnum.
Tóftin er einföld, 3x3 m að stærð, hlaðin úr torfi og gjóti með op til suðurs. Hún er niðurgrafin og er aðeins ytrabyrði á austurhlið. Innrabyrði hennar er grjóthlaðið, það er um 80 cm hátt og má telja í því 4 umför. Innrabyrðið austanmegin er sigið en það stendur enn ágætlega vestanmegin.



Teikning af útihúsi 004

Hleðslugrjótið er í meðallagi smátt. Í botni tóftarinnar er yfirgróin bárujárnsplata sem bendir til þess að tóftin hafi verið þakberandi. Kannski hefur hún verið nýtt sem reykkofi.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919

SM-233:005 tóft fjós 723022 470032



Á vinstri mynd sést annað hólfið í fjóstóft 005, horft til suðvesturs. Á hægri mynd er niðurgrafin hlaða aftan við fjósið, horft til suðausturs.

Á túnakorti frá 1919 eru sýnd tvö útihús suðaustan við bæjarhúsin. Af tóftinni að dæma sem þar er hafa útihús þessi verið sambyggð og verður þeim lýst hér sem einum minjastað undir einu númeri. Af gömlum ljósmyndum sem til eru af bæjarstæðinu á Búlandsnesi sést stórt torf- og grjóthlaðið útihús austan við íbúðarhúsið en efri hluti þess er timburklæddur. Líklega hefur suðurhluti þessa húss verið fjós.
Tóftirnar eru á bæjarhólnum, byggðar upp við litla klettaborg sem nefnist Litla-Setberg. Tré hafa verið gróðursett þétt upp að vesturhlið tóftanna og einnig í hana. Tóftin er innan skógræktargirðingar.
Eins og áður hefur komið fram er um tvær sambyggðar tóftir að ræða sem eru um 17x10 m að stærð og snúa suðvestur og norðaustur. Tóftirnar eru vel greinilegar og ágætlega hlaðnar

úr torfi og grjóti. Minni tóftin sem er norðaustan við þá stærri er þétt suðvestan undir Litla-Setbergi og er hún niðurgrafin. Hún er einföld, um 5x5m að stærð. Innanmál hennar er 3x2 m og er innrabyrði hennar um 150 cm á hæð. Í því má telja 5-6 umför. Op er á tóftinni til austurs. Suðurveggur þessarar tóftar er jafnframt norðurgafl syðri tóftarinnar. Syðri tóftin er 12x10 m að stærð og er hún tvískipt. Hólfin eru samsíða, snúa suðvestur og suðaustur. Op er á milli hólfanna alveg syðst og þá er op á tóftinni sunnarlega á austur langhlið. Gróið rof er á suðurgafli framan við vestara hólfið og má vera að þar hafi einnig verið op. Innrabyrði veggja er um 150 cm á hæð og má telja í því 6-8 umför. Ytrabyrði er lægra eða 80-90 cm á hæð og sáust 3-4 umför.


Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1919; https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=712478 (Lpr-4971)

SM-233:006 tóft útihús 722933 470016



Útihús 006, horft til vesturs á vinstri mynd, og austurs á hægri mynd.



Teikning af útihúsi 006.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús í vesturjaðri túnsins um 70 m vestan við bæjarhól 001. Þar er enn tóft og er hún um 90m suðvestan við útihús 009 og tæplega 10 m suð-suðaustan við tóft 010. Tóftin er nærri kletti sem nefnist Gatklettur.

Tóftin er innan skógræktargirðingar og hafa tré verið gróðursett umhverfis og í tóftina.


Tóftin er einföld, 5,5x5 m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hún er niðurgrafin, hlaðin úr torfi og grjóti og er eitt op á henni til norðausturs. Grjóthleðslur eru greinilegar í innrabyrði en ytrabyrði er vel gróið.

Ytrabyrðið er 30-150 cm á hæð og er suðvesturgaflinn lægstur en innrabyrði er 120-150 cm á hæð. Hleðslugrjótið í innrabyrðinu er í meðallagi stórt og má telja 4-5 umför. Grjóthleðslurnar sem eru mikið mosavaxnar eru töluvert farnar að síga, sér í lagi suðvesturgafinn og norðvestur-langhliðin. Hrunið í norðvesturhliðinni má að miklu rekja til þess að tré sem vex inni í tóftinni liggur utan í hleðslunni.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919

SM-233:007 tóft útihús 722990 470025




Útihús 007, horft til suðvesturs.



Teikning af útihúsi 007.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 10 m vestan við bæ 001. Samkvæmt sama korti hefur gerði verið áfast þessu útihúsi að norðanverðu og austan megin við gerðið er merkt fyrir blómagarði. Hér er þessum þremur minjaeiningum gefið eitt númer. Sjá má þetta útihús á gömlum myndum frá Búlandsnesi.
Tóftin er í jaðrinum á bæjarhólnum og innan skógræktargirðingar. Nánasta umhverfi er nokkuð flatlent en einkennist af klettaborgum og berggöngum sem standa upp úr túninu hér og hvar.
Tóftin er einföld, 4x4 m að stærð og öll hlaupin í þúfur. Ekkert hleðslugrjót sést í henni og er hún niðurgrafin. Innrabyrði veggja er um 30 cm á hæð og mun skýrara en ytrabyrðið sem er varla mikið meira er 10-15 cm á hæð. Eingöngu sést ytrabyrði veggja á suður- og vesturveggjum. Vegghleðslur eru um 1-1,5 m á breidd. Engin ummerki sjást eftir gerðið eða blómagarðinn en sjá má af áður nefndum ljósmyndum að umhverfis þau hafa verið grjóthlaðin garðlög.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=632741

SM-233:008 tóft óþekkt 722983 470027
Á túnakorti frá 1919 er mannvirki sýnt um 15 m vestan við íbúðarhús sem þá var enn uppistandandi á bæjarhólnum 001. Á kortalykli sem fylgir kortinu kemur ekki fram um hvers



Teikning af tóft 008.



Tóft 008, horft til austurs.

konar mannvirki er að ræða en þar er tóftarbrot sem er allt hlaupið í þúfur. Þetta hús virðist ekki sjást á gömlum myndum af bæjarstæði Búlandsness.

Minjastaðurinn er innan skógræktargirðingar, á mörkum bæjarhóls og túns sem komið er í órækt.

Tóftin er einföld, um 5x2 m að stærð og er niðurgrafin. Eingöngu sést ytrabyrði á suður- og vesturvegg. Engar grjóthleðsur sjást í vegghleðslunum sem eru tæplega 1 m á breidd og 30 cm á hæð. Hún er um 4x1,5 m að innanmáli.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Túnakort 1919

SM-233:009 tóft útihús 722974 470096




Útihús 009, horft til vesturs.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús við norðanverðan túnjaðarinn, fast vestan við leið 136 og um 55 m norðvestan við bæ 001. Þar er greinileg tóft og er hún ennfremur um 80 m norðvestan við tóft 010.

Tóftin er innan skógræktargirðingar og er búið að gróðursetja töluvert af trjám umhverfis tóftina. Timburhúsi sem geymir verkfæri og salernisaðstöðu hefur verið komið fyrir á norðvesturhorni tóftarinnar og þá hefur norðvesturgafl hennar verið skemmdur. Grafið hefur verið fyrir rotþrónni inní tóftinni og norðvestan við húsið hefur slétt plan verið útbúið.

Tóftin er einföld, 10x9 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er niðurgrafin inn í brekku og hefur haft op til suðurs. Inni í tóftinni, við norðurgafl hennar hefur verið grafið fyrir




Teikning af útihúsi 009.

rotþró svo að þar hefur mikið rask átt sér stað. Þá er einnig búið að fylla uppí norðurenda hennar. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eru vegghleðslur um 150 cm á breidd og almennt um 50 cm á hæð en ytrabyrði vesturveggjar er um 150 cm á hæð. Vegghleðslurnar eru vel grónar og eru grjóthleðslur greinilegar bæði í ytra- og innrabyrði en ekki var þó hægt að telja umför vegna gróðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Túnakort 1919

SM-233:010 tóft útihús 722924 470025



Teikning af útihúsi 010.



Útihús 010, horft til suðurs.

Tóft er við vesturjaðar túnsins, rúma 70 m vestan við bæjarhól 001, rúma 70 m norðaustan við tóft 009 og um 10 m norðvestan við útihús 006. Skammt sunnan við tóftina er klettur sem nefnist Gatklettur.

Tóftin er innan skógræktargirðingar og er búið að gróðursetja töluvert af trjám þétt umhverfis tóftina.


Tóftin er einföld, um 8x6 m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hún er torf- og grjóthlaðin og eru hleðslur á kafi í mosa og grasi. Ytrabyrði veggja er gróið en innrabyrðið grjóthlaðið og má telja í því 3-5 umför. Hleðslugrjót er í meðallagi stórt. Hleðsluhæð veggja er 80-100 cm og breidd 1-1,5. Tóftin er niðurgrafin í brekku sem hallar til norðausturs og því er ytrabyrði suðvesturgafls lægst. Op er á norðausturgafli. Grjóthleðslan í innanverðu norðvesturhorni tóftarinnar er farin að síga.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919

SM-233:011 tóft útihús 723124 470107



Útihús 011, horft til norðurs.



Teikning af útihúsi 011.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús við norðaustanverðan túnjaðarinn um 120m austan við bæjarhól 001 og áfast túngarði 139. Þar má enn sjá tóftarbrot og eru þau um 150m austan við útihús 009 og um 120 m suðvestan við íbúðarhúsið í Aski en þar stóð áður Gunnukofi 051. Tóftin er á mörkum gamals túns sem komið er í órækt og sem hefur verið tekið undir skógrækt og ræktaðs túns sem hefur verið sléttað.
Tóftin hefur verið sléttuð að hluta og standa bara tvö veggbrot enn uppi sem liggja í L og eru það hlutar af vestur- og suðurvegg. Tóftarbrotið er 7x4 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti og er innrabyrði 30-60 cm á hæð en ytrabyrði 30-100 cm á hæð. Breidd veggja er 1,5-2 m. Grjóthleðslur sjást bara í innrabyrði og eru þær mjög signar og verða umför ekki talin. Hleðslugrjótið virðist þó hafa verið í meðallagi stórt. Túngarður 139 liggur að vestara veggbrotinu og tengist því. Fjögur barrtré og þrjár aspir hafa verið gróðursett í tóftina en einnig hafa fleiri aspir verið gróðursettar þétt sunnan við tóftarbrotið.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919

SM-233:012 *Búlandsneshjáleiga* bæjarstæði býli
Búlandsneshjáleiga er nefnd 1760 skv. Jarðatali Johnsens. Ekki er ljóst hvar þessi hjáleiga var og er ekki útilokað að hún hafi verið á sama stað og Bjargarrétt SM-234. Er það líklegra en að hjáleigan sé sú sama og Borgargarður SM-235 því þess býlis er getið í manntalinu frá 1703. Ekki reyndist unnt að staðsetja hjáleiguna.
Heimildir:JJ, 379 nmgr. 1; www.manntal.is

SM-233:013 gata leið 722240 470107



Gata 013, horft til VSV.

Troðin, gróin gata liggur upp á Hálsana frá býlinu Merki 016. Götunni var fylgt á stuttum kafla upp bratta brekku frá túni býlisins til norðausturs. Gatan liggur upp á Hálsana þar sem þeir eru lágir og uppgangan auðveld að sunnanverðu.

Suðurhlíðar hjallanna eru grasi vaxnar hér og hvar en víðast eru klettar og skriður í þeim.

Leiðinni var fylgt á um 36 m löngum kafla næst Merki en hún verður fljótlega illgreinileg þegar ofar dregur. Aðeins sést ein gata sem er mjög grunn og 0,2-0,3 m á breidd. Ekki er ljóst á hvaða leið gatan er en sem fyrr segir er auðvelt að komast yfir Hálsana á þessum stað og styttir það leið að þurfa ekki að fara út fyrir þá þegar farið er á milli Hamarsfjarðar og Berufjarðar. Þess má líka geta að mór sem stunginn var upp ofan við Bæjarhjalla (sjá mógrafir 114) var reiddur inn Hálsana og niður hjá Merki og þaðan að Búlandsnesi 001.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur,194

SM-233:014 *Halldórshjáleiga* bæjarstæði býli

Halldórshjáleiga er nefnd í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar í Múlaþingi 5 frá 1970. Þar kemur fram að hún sé sögð fara í eyði 1757. Ekki er vitað hvar Halldórshjáleiga var og reyndist því ekki unnt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.


Heimildir:Múlaþing 1970, 186

SM-233:015 *Hrísey* bæjarstæði býli 724971 468504



Bæjarstæði Hríseyjar 015, horft til suðausturs.

“Þarna [í Hrísey] var eitt sinn búið á nítjándu öldinni. Þorsteinn Pálsson frá Kömbum bjó í Hrísey á árunum 1871-1875,” segir í bókinni Undir Búlandstindi eftir Eirík Sigurðsson. “Frá Úlfsey að Hrísey er Úlfseyjarsandur. Hrísey er til suðurs milli Fýluvogs og Breiðavogs, en Hörganes er milli Breiðavogs og Úlfseyjarsands. Í Hrísey var byggð fyrir all löngu og þar mun Steingrímur Jakobsson fæddur [...],» segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. “Í Hrísey eru Bæjarrústir



Teikning af bæjartóft Hríseyjar 015.

og Melhólmatagl suður frá Melhólma," segir í örnefnaskrá. Bæjarstæðið í Hrísey er 2,6 km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 400m sunnan við kálgarð 336 og tæpa 150m norð-norðaustan við hjall 359 sem einnig er í eyjunni.

Bæjarstæðið er á klettóttri eyju sem er orðin landföst. Jarðvegur er þunnur og nokkuð gisinn en vestan við eyjuna er mýri.

Á bæjarstæðinu er tvískipt tóft, 8x6m að stærð og snýr norð-norðaustur og suð-suðvestur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og eru grjóthleðslur vel hlaðnar úr meðalstóru grjóti. Hleðsluhæð veggja er 50-90cm og breidd þeirra um 1m. Op er á milli hólfanna og er nyrðra hólfið stærra en það syðra. Í nyrðra hólfinu er ferhyrnd gryfja meðfram austurhliðinni og er hún um 3x1m að innanmáli. Hún er um 50cm djúp. Þetta eru einu mannvirkin sem sjást á bæjarstæðinu en beint norð-norðaustur af tóftinni er stórt skarð í klettinn sem bæjartóftin er á. Það er skjólgott þarna á milli klettanna og er líklegt að þetta svæði hafi verið nýtt á einhvern hátt. Ekki var hægt að finna nein greinileg ummerki um öskuhaug við bæjarstæðið.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Eiríkur Sigurðsson: Undir Búlandstindi, 60; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 200; Ö-Búlandsnes, 6

SM-233:016 *Merki* bæjarstæði býli 722200 470064



Fjárhús 016A, horft til NNA.

Útihús 016B, horft til SSV.



Yfirlitskort af minjum í túni Merkis 016.


"Eitt af býlið enn er á sunnanverðu nesinu inn við mörk og heitir Merki. Byggt fram til 1961," segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Bæjarstæði og tún Merkis eru út við merki Búlandsnesjarðarinnar á móti Hálsþorpi í dálítilli kvos sem gengur inn í Hálsana og lækka þeir ofan við Merki. Minjar um býlið Merki eru um 700 m vestan við Búlandsnes 001 og 460 m norðaustan við Ásmundarhús 021 í Húshrauni. Býlið fór í eyði 1961 en túnið er enn slegið.

Túnið í Merki er slétt og í halla til suðurs. Lítill trjálundur er efst í miðju túni. Meðfram suðaustanverðu túninu rennur lækur og eru dýjauppsprettur norðvestan við túnið.

Fjöldi mannvirkja sjást enn í túni Merkis og rétt utan þess. Skráðar voru 15 minjaeiningar á svæði sem er 160x110 m að stærð og snýr austur-vestur. Flestar virðast þessar minjar ungar og man Svandís Kristinsdóttir, heimildamaður, eftir flestum tóftunum sem húsum fyrir fáeinum áratugum. Ekki er hægt að greina mikla uppsöfnun mannvistarlaga undir tóftum og virðist byggð ekki hafa varað þarna lengi.

Lýsing minja í túni hefst efst (nyrst) og austast í túninu á einfaldri tóft A sem var fjárhús með garða en ummerki um garðann sjást ekki. Tóftin er að litlu leyti grafin inn í brekku undir klettum. Hún er 8,5x5,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekki er hlaðinn veggur í suðurenda tóftar þar sem verið hefur timbur- eða bárujárnsþil. Veggir eru að mestu grjóthlaðnir. Utanmáls eru þeir 1,2 m á hæð en innanmáls 1,5 m á hæð þar sem þeir eru hæstir í norðurenda. Þar má telja 5-6 umför í hleðslu sem er farin að halla mikið inn á við. Nokkurt hrun er úr austurvegg inn í tóftina.

Lítil grjóthlaðin en hrunin tóft B er um 15 m norðvestan við tóft A og fast suðaustan við tóft C. Hún er um 6x2,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru innan við 1 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara. Suðurendi tóftarinnar er raskaður og ógreinilegur en þar er búið að ýta upp grjóti. Þýft er inni í tóftinni. Hlutverk þessarar tóftar er ekki þekkt og man



Teikning af fjárhúsi og hlöðu 016C.




Fjárhús og hlaða 016C, horft til vesturs.

Svandís ekki eftir henni í notkun. Ætla má að hún hafi verið einhvers konar útihús. Útihústóft C er 70 m norðaustan við bæjarstæði K og fast VNV við tóft B. Hún er tvískipt og grjóthlaðin, fjárhús og hlaða. Að sögn Svandísar voru gemlingar og hrútar hafðar í húsunum en mögulega líka eitthvað af eldra fé. Hey var flutt úr þessari hlöðu í fjós (sjá tóft J) og fjárhús (sjá tóft A). Tóftin er 11x6 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hólf I (fjárhúshlutinn) er í austurenda tóftar og er 2x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er á því á miðjum SSV-vegg. Lágur, grjóthlaðinn stallur er meðfram NNA-langvegg sem er 0,3 m á breidd og hæð. Þar hefur verið undirstaða jötu. Hólf II (hlaða) er í vesturenda tóftar og er heldur stærra, eða 4x3 m að innanmáli og snýr það NNA-SSV. Ekki er hlaðinn veggur í SSV-enda þess þar sem hefur verið þil með dyrum. Hólf II er niðurgrafið um 0,4 m. Ekki er op á milli hólfanna. Veggir tóftarinnar eru að mestu leyti grjóthlaðnir og eru þeir 1,3 m á hæð utanmáls en 1,6-1,7 m innanmáls. Þar má mest telja 7 umför í hleðslum sem standa víðast en grjót hefur hrunið úr SSV-vegg og einnig er hrun úr veggjum í hólfi II. Fast VNV við tóft C hefur verið grafið inn í brekkuna á svæði O sem er 15x5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Vestast á svæðinu er lítill trjálundur með hávöxnum og allgömlum trjám. Ætla má að einhver mannvirki hafi verið á þessum stað sem hafa verið rifin, mögulega jafnvel eldra bæjarstæði. Hvorki sjást mannvirki innan svæðisins né uppsöfnun mannvistarlaga. Þó er grjóthleðsla E í brekkunni ofan við það á 20 m löngum kafla,



Kálgarður 016D og svæði 016O, horft til norðausturs.



Teikning af kálgarði 016D og svæði 016O sem hefur verið grafið inn í brekku.




Túngarður 016F, horft til ANA.



Kálgarður 016G, horft til norðvesturs.

frá trjálundi í vestri að fjárhústóft C í austri. Líklegt verður að teljast að hún hafi verið hlaðin undir girðingu í brekkunni en yngri netagirðing er rétt ofan við hleðsluna. Þar sem hleðslan sést upp úr grassverði er hún 0,3-0,4 m á hæð og í henni sjást tvö umför. Stór kálgarður D er fast vestan við trjálund á svæði O efst í túni Merkis í halla til suðurs. Kálgarðurinn er 28 m VNV við tóft C og 35 m norðaustan við bæjarstæði K. Kálgarðurinn er grafinn inn í brekku ofan til (að norðanverðu) en hlaðinn kantur er neðantil (að sunnanverðu) og óverulegir torfhlaðnir veggir á meðfram austur- og vesturhliðum. Kálgarðurinn er um 10x8 m að innanmáli og snýr ASA-VNV. Kanturinn og hlöðnu veggirnir eru víðast 0,3 m á breidd og 0,2 m á hæð.

Tóft J er í NNV-jaðri túnsins, tæpum 10 m norðaustan við bæjarstæði K. Þarna var fjós fyrir þrjár kýr, að sögn Svandísar. Þetta er einföld tóft sem er að mestu grjóthlaðin og er 7x4,5 m að stærð. Op er á miðri SSV-langhlið og NNA-langhlið er lítillega grafin inn í aflíðandi halla. Veggirnir eru 1,1 m á hæð utanmáls. Í dyraopi sjást 5 umför eins og inni í tóft. Hleðslur standa að mestu en hrunið hefur úr ytra byrði ASA gafls. Bárujárn og timbur úr þaki er ofan í tóftinni. Grunn gryfja er í halla VNV við fjóstóftina, neðan við klöpp í brekku. Neðst í henni í VNV-enda er grjóthrúga. Gryfjan var notuð fyrir skítinn úr fjósinu og er 10 m löng og 7 m á breidd næst fjósinu í ASA-enda en mjókkar til VNV. Lækur rennur VNV við endann á gryfjunni í skurð




Teikning af fjósi 016J.



Fjós 016J, horft til NNA.



Bæjarstæði 016K, horft til SSV.



Teikning af bæjarstæði 016K.

neðar í brekkunni.

Á bæjarstæði Merkis (K) er nánast engin uppsöfnun mannvistarlaga en þar sést móta fyrir grunni íbúðarhúss og kjallara í hluta hans. Húsgrunnurinn er 6x6 m og er kjallari í suðurhorni hans sem er 2x3 m að innamáli og snýr norðvestur-suðaustur. Kjallarinn er um 1 m djúpur og grjóthlaðinn að innan. Í hleðslunni sjást 7-8 umför og op hefur verið ofan í hann á miðjum suðvestur-langvegg. Ofan í kjallaranum má sjá leifar af postulínsvaski, pottlok, könnur o.fl. Enn óljósari ummerki eru um viðbyggingu norðvestan við húsgrunninn en hún hefur verið um 4x4 m að grunnfleti og er nánast ekkert niðurgrafin. Á þessu svæði er timbur og grjót á stangli. Svandís Kristjánsdóttir man vel eftir húsinu sem þarna stóð. Það var klætt með gifsplötum en áður var það forskalað. Þegar byggt var við það síðast var hlöðnum vegg á milli húss og fjóss rutt um. Í eldri hluta hússins voru búr og geymsla í norðurhorni. Framan við búrið var eldhús. Í því var fyrst kolavél þegar Svandís man eftir en seinna var keypt Solo eldavél með olíukyndingu. Yfir kjallaranum var svefnherbergi og stofa. Þá var herbergi í austurhorni við hlið búrsins. Í viðbyggingu var inngangur og vatnssalerni (það fyrsta í hreppnum). Herbergi var svo í norðvesturhluta viðbyggingarinnar. Hundakofi var byggður við húsið að suðaustanverðu en engin ummerki sjást um hann.

Gryfja N er í túni, um 17 m suðaustan við bæjarstæði K og 18 m norðvestan við tóft I. Gryfjan er



Gryfja 016N, horft til VNV.



Reykkofi 016I, horft til NNA.

1,3 m í þvermál og 0,3 m á dýpt, grynnist til ANA. Grjót sést á einum stað í innri brún. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki hér hefur verið en mögulega er gryfjan leifar af útflattri útihústóft. Tóft I er í túni tæpum 40 m suðaustan við bæ K og 40 m suðvestan við tóft C. Hún er lítil og einföld, 4x3,5 m að stærð, snýr NNA-SSV. Op er inn í tóftina í SSV-enda. Tóftin er að mestu grjóthlaðin og lítillega niðurgrafin. Veggir eru rúmur 1 m á breidd og 0,5 m á hæð utanmáls. Innanmáls sjást 4-5 umför hleðslu. Þarna var reykkofi en Svandísi minnti að þarna hefði ef til vill einnig verið hafður hrútur. Túngarður F sést á 28 m löngum kafla meðfram læk við suðausturjaðar túnsins. Hann er gróinn og líklega að miklu leyti torfhlaðinn. Í VSV-enda er hann rúmur 1 m á breidd en mjókkar eftir því sem ofar og lengra dregur til norðausturs. Hæstur er hann 0,3-0,4 m. Garðurinn endar til VSV við hlið á girðingu umhverfis túnið í Merki. Þar er laust grjót í grassverði en ekki er ljóst hvaðan það kemur. Um 20 m vestar má óljóst greina framhald af garðinum á 60 m löngum kafla í túninu. Þar er búið að slétta yfir garðinn og túnið hefur verið fært talsvert mikið út til suðurs. Þessi túngarður var hlaðinn í æsku Svandísar við útfærslu túnsins. Óljósar minjar um eldri garð H eru 12-15 m norðan við ummerki um yngri túngarð F sem búið er að slétta í tún. Þar sést 35 m langur kantur sem liggur austur-vestur og er 0,3 m á hæð. Afgerandi þúst er ofan (norðan) við austurenda kantsins og er hún 4x4 m að stærð og 0,5 m á hæð. Mikið grjót er í henni en ekki er ljóst hvort hún sé leifar af útflattri tóft eða hvort efni úr eldri túngarði hafi verið ýtt þarna saman. Ungur kálgarður G er vestan við útrækt í túni. Þar er flatlendur blettur sem stunginn hefur verið út en engar hleðslur eru í kringum hann.



Meintur brunnur 016L, horft til NNA.



Hæsnakofi 016M, horft til norðurs.


Garðurinn er 20x6 m að stærð. Í kálgörðunum voru ræktaðar rófur og kartöflur.
Tóftir L og M eru skammt utan við norðvesturjaðar túnsins, í brekku til suðvesturs. Tóft M er ofar, 30 m norðvestan við bæjarstæði K og 12 m norðaustan við tóft L. Tóftin, sem er af hænsnakofa, er að hluta byggð inn í brekkuna. Hún er um 4x3,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekki er hlaðinn veggur á ASA hlið þar sem op er á henni. Veggir tóftarinnar eru að mestu grjóthlaðnir, 0,6 m á hæð og í þeim sjást 4 umför innanmáls. Tóft L er ofan við dýjauppsprettu og er hún grafin inn í brekkuna eins og tóft M. Hún er 3x2,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekki

sést op á tóftinni en grjóthleðslur sjást í innanverðum NNA-vegg. Veggir tóftarinnar eru 0,5 m á hæð þar sem þeir eru hæstir 0,5 m. Gamalt blikk er ofan á tóftinni. Svandís man ekki eftir þaki á þessari tóft og þekkti ekki hlutverk hennar. Ekki er ólíklegt að þarna hafi verið brunnur eða vatnshrútur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SJM III, 425

SM-233:017 *Eyfreyjunes* bæjarstæði býli 722559 471540



Yfirlitskort af minjum sem tilheyrðu býlinu Eyfreyjunesi 017.



Efri: Útihús 017A, horft til norðurs. Neðri: Kálgarður 017B, horft til NNA.

"Innan við Skollagrímskletta er Móbakki [144], Skútakambur og Langikambur. Eyfreyjunesklettar frá Hálsum niður undir Eyfreyjunestanga, fram af tanganum er Eyfreyjunessker og innan undir tanganum tvö smásker, Hnísa og Selur. Skútavík og Eyfreyjuneskrókur; þar var lending [018]. Ofan vegar eru Eyfreyjunestættur og Hjallsklettur [044]," segir í örnefnaskrá. Býlið Eyfreyjunes er í mjög litlu og þröngu túni á milli tveggja lágra klapparhryggja. Túnið er ASA undir hærri hryggnum. Neðan og austan við býlið rennur lækur til norðurs og er deiglent meðfram honum á bökkum hans. Minjar um býlið er 140 m suðvestan við íbúðarhús Framness (nýbýli frá 1936) og 1,6 km NNV við bæinn á Búlandsnesi 001.

Umhverfis túnið er gróður mjög rýr og jarðvegur þunnur. Þó er nokkurt graslendi beggja vegna við lækinn sem rennur austan við túnið. Túnið sjálft er þýft og mikil sina er í því.
Í túni Eyfreyjuness eru sjö minjaeiningar á svæði sem er 35x20 m að stærð og snýr norður-suður. Á svæðinu eru þrjár tóftir og fjórir kálgarðar. Lýsingin hefst á útihústóft A sem er



Gerði 017D, horft til norðurs.



Bæjartóft 017E, horft til VSV.

suðvestast í túninu, austan undir klettum í túnjaðri. Tóftin er einföld og gróin en virðist að mestu grjóthlaðin. Hún er 4x5 m að stærð, snýr norður-suður. Op er í suðausturhorni hennar. Innri brún vesturveggjar er grafin inn í hallann austan undir klettunum. Mesta hæð veggja er 1 m í suðurenda en víðast eru þeir lægri. Innanmáls sjást tvö umför í hleðslum sem eru úr lagi gengnar og signar. Gerði B (kálgarður) er fast austan við tóft A. Það er torfhlaðið og tvískipt, er 12x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru 0,6 m á breidd og hæstir eru þeir 0,5-0,6 m. Óljós veggur skiptir gerðinu í tvo hluta og er austurhlutinn 5x3 m að innanmáli en vesturhlutinn 4x3 m að innanmáli. Hleðslur í vesturhluta eru verr farnar en í austurhluta. Gerði C er austan undir stalli í túni og að hluta austan undir kálgarði B. Gerðið er heldur lítilfjörlegt og hefur líklega verið kálgarður innan þess. Það er um 6x3 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir þess eru torfhlaðnir, vaxnir grasi, mosa og lyngi. Þeir eru 0,5 m á breidd og 0,4 m á hæð. Gerði D er 4 m norðan við kálgarð B og fast norðvestan við meintan kálgarð C. Gerðið er að mestu torfhlaðið, 5x5 m að stærð. Það nær fram á brún stallsins sem kálgarður C er neðan við og á austurhliðinni er aðeins kantur en innri brún veggjar sést ekki. Veggjahleðslur eru 0,5 m á breidd og hæð þar sem best lætur. Ætla má að þetta gerði hafi einnig verið kálgarður. Kálgarður F er 8 m norðan við kálgarð D. Hann hefur verið stunginn út í aflíðandi halla í túni Kálgarðurinn er um 4x3 m að innanmáli



Tóft 017G, horft til norðvesturs.

og snýr NNA-SSV. Bæjartóftin E er hlaðin austan undir kletta í túnjaðri. Hún er tvískipt og grjóthlaðin að miklu leyti en nokkuð vel gróin. Tóftin er 7,5x6,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Í vesturhluta tóftar er hólf sem er 3x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því í norðausturhorni. Lítið hólf er í suðausturhorni tóftar sem er um 1,2x1 m að innanmáli og snýr eins og stærra hólfið. Op er á því í norðvesturhorni. Gróin þúst er í norðausturhorni tóftar þar sem gengið var inn bæði hólfin í tóftinni. Hún er stórþýfð, er 3x3 m að stærð og 0,3 m á hæð. Veggir tóftarinnar eru voldugir; 1,5-2 m á breidd og hæstir 1,2 m utanmáls. Tvö umför sjást í innanverðum veggjum í stærra hólfinu. Að lokum er lítil tóft G, líklega af einhvers konar útihúsi, sem er 3 m norðan við bæjartóft E. Hún er einföld, er 5x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á henni í suðausturhorni. Veggir tóftarinnar virðast torf- og grjóthlaðnir og eru 0,3 m á hæð. Ekki sjást fleiri minjar í túninu en þess má geta að gryfja er um 60 m ANA við bæjartóft E sem minnir helst á brunn. Gryfjan er 1,3 m í þvermál og 0,3 m á dýpt. Í henni er grjót og möl og stendur vatn í henni. Engar hleðslur sjást. Hafi þetta verið brunnur þurfti að flytja vatnið um langan veg og fara yfir bæjarlækinn. Það er því harla ólíklegt að þarna hafi verið brunnur, nema ef til vill í neyð, ef þornaði í bæjarlæknum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SJM III, 425; Ö-Búlandsnes, 5

SM-233:018 hleðsla lending 722638 471833

"Innan við Skollagrímskletta er Móbakki [144], Skútakambur og Langikambur. Eyfreyjunesklettar frá Hálsum niður undir Eyfreyjunestanga, fram af tanganum er Eyfreyjunessker og innan undir tanganum tvö smásker, Hnísa og Selur. Skútavík og Eyfreyjuneskrókur; þar var lending," segir í örnefnaskrá. Breið hleðsla er við lendingu í Eyfreyjunesikróki fast norðvestan við naust 349 og um 300 m norðan við býlið Eyfreyjunes 017. Lendingin er nyrst í króknum og er stutt á milli hleðslunnar og klettsins sem afmarkar krókinn til norðurs.

Krókurinn er innarlega á vestanverðu nesinu á milli kletta sem skaga fram í sjó. Fjaran er malarfjara og aðgrunnt í henni. Aflíðandi grasi gróinn bakki er niður að fjörunni.

Hleðslan er ekki ýkja fornleg, er 2 m á breidd og 5 m á lengd, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er



Hleðsla í lendingu 018, horft til VSV (vinstri) og norðvesturs (hægri).


0,5-0,6 m á hæð og sjást 2-3 umför í henni. Við suðvesturendann á hleðslunni, þar sem komið hefur verið með báta upp að henni suðaustanverðri, er steinn í fjörunni sem kann að hafa verið festarsteinn.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 5

SM-233:020 hleðsla óþekkt 722700 471929
Hleðsla er utarlega á Eyfreyjunesi úr blönduðu efni. Hlutverk hennar er ekki þekkt. Hleðsla þessi er efst í klettum, í skoru þar sem nesið mjókkar mest og hækkar töluvert.


Hleðsla 020, horft til norðurs.

Eyfreyjunes er fremur mjótt og í því eru skörð og ýmsar bergmyndanir. Það er víðast grasi gróið að ofan og fuglavarp í því.
Hleðslan liggur í sveig efst í skarði inn í bergið, en það er ekki djúpt. Hún er um 2x2 m að stærð og 1 m á hæð. Hún stendur ekki upp úr sverði en myndar kant í skarðinu. Í hleðslunni sjást 3-4 umför. Trjágreinum hefur verið stungið ofan í hleðsluna. Neðst í henni er timburfleki. Sjórinn brýtur bergið undir hleðslunni og er farið að hrynja úr henni af þeim sökum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta mannvirki hefur gegnt og er það ekki gamalt en aldur þess er ekki þekktur. Ef til vill hefur það átt að verja fuglavarpið í nesinu.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 1

SM-233:021 *Ásmundarhús* tóft býli 721761 469777
Ásmundarhús eru nefnd í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar í Múlaþingi 5 frá 1970. Þar er haft



Teikning af tóft Ásmundarhúsa 021.


Ásmundarhús 021, horft til suðurs.

eftir eyðibýlaskrá Hálsprests sem unnin var að undirlagi Sveins Pálssonar 1794 að Ásmundarhús hafi farið í eyði vegna lítilla landnytja og aflabrests. Í örnefnaskrá segir: “Landamörk við Háls eða Kambshjáleigu: Úr Kolþúfu [123] um Húshraunsmýri, Húshraun, Stigahraun um Merkistein í Votaberg um Háhlíðar í vörðu [022] á Hálsabrún, þaðan í vörðu [023] við Hálsamótalæk; nú heitir hann Kápugilslækur), um Kápugil og eftir vörðum [SM-239:036 og SM-239:037?] um Prófastsgötumel [sjá SM-239:016] í sjó í Eyfreyjunesvík.” Húshraun dregur að líkindum nafn sitt af Ásmundarhúsum. Þau eru merkt inn á örnefnakort fyrir Búlandsnes og nágrenni við tóft sem þar er greinileg. Tóftin er litlu neðan þjóðvegar, í kverkinni á milli hans og heimreiðar að Hlauphólum. Uppi á Húshrauni, um 35 m suðvestan við tóftina er varða 203.

Tóftin er á milli klappa á mýrlendu svæði sem er þýft og vaxið grasi/sinu. Á þessu svæði skiptast á klappir og mói með mýrarsund inn á milli.

Tóftin er torfhlaðin og tvískipt. Hún er um 9x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Rof hefur komið í veggi og er ytri brún þeirra lág og óljós af þeim sökum, nema á suðausturhlið. Hólf I er í suðvesturhluta tóftarinnar. Það er 1x5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því í suðausturenda. Hólf II er samsíða hólfi I í norðausturhluta tóftar. Það er 2x7 m að innanmáli. Ekki er sýnilegt op á því og virðist það aflagað af rofi í suðausturenda. Mesta hæð veggja er 0,5 m. Sú tóft sem hér er skráð líkist helst tvískiptri fjárhústóft en minnir síður á ummerki um íveruhús. Ekki er ljóst hvenær Ásmundarhús voru í byggð en þess má geta hér að í manntali frá 1703 er Ásmundur nokkur Jónsson skráður til heimilis í Búlandsnesi. Meint fjárhústóft sem enn sést kann að vera frá því eftir að búsetu lauk á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Múlaþing 1970, 186; Ö-Búlandsnes, 2; Örnefnakort-Búlandsnes; www.manntal.is

SM-233:022 varða landamerki 721911 470183




Meint varða 022, horft til suðvesturs.

“Landamörk við Háls eða Kambshjáleigu: Úr Kolþúfu [123] um Húshraunsmýri, Húshraun, Stigahraun um Merkistein í Votaberg um Háhlíðar í vörðu á Hálsabrún, þaðan í vörðu [023] við Hálsamótalæk; nú heitir hann Kápugilslækur), um Kápugil og eftir vörðum [SM-239:036 og SM-239:037?] um Prófastsgötumel [SM-239:016] í sjó í Eyfreyjunesvík. (Frá vörðu á Hálsabrún í sjó eru landamörk við Teigarhorn.),” segir í örnefnaskrá. Varðan á Hálsabrún er líklega þar sem fuglastapi er á klettasnös, um 310 m norðvestan við Merki 016 og 1,1 km vestan við bæ Búlandsnes 001. Vörðuhleðsla sést ekki fyrir gróðri. Stikuð gönguleið liggur hér rétt ofan og norðan við.

Uppi á Hálsabrún eru gróðurlitlir melar innan um klappir. Inn á milli er þó mosagróður og gróin mýrarsund.
Gróðurinn á klettasnösinni nær yfir svæði sem er 1,5x1 m að stærð og snýr ASA-VNV. Hvergi sést í grjót eða hleðslur sem tekur af vafa um að hér sé varða undir gróðrinum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 2

SM-233:023 varða landamerki 721871 470703
"Landamörk við Háls eða Kambshjáleigu: Úr Kolþúfu [123] um Húshraunsmýri, Húshraun [sjá 021], Stigahraun um Merkistein í Votaberg um Háhlíðar í vörðu [022] á Hálsabrún, þaðan í vörðu við Hálsamótalæk; nú heitir hann Kápugilslækur), um Kápugil og eftir vörðum [SM-239:036 og SM-239:037?] um Prófastsgötumel [SM-239:016] í sjó í Eyfreyjunesvík. (Frá vörðu á Hálsabrún í sjó eru landamörk við Teigarhorn.)," segir í örnefnaskrá. Meint varða við Hálsamótalæk er á litlum klapparhól við upptök lækjarins um 520 m norðan við meinta vörðu 022 á Hálsabrún og 860 m suðvestan við gildru 024. Allgreinileg og stór hundaþúfa er á hólnum sem er lítillega kúptur.



Meint varða 023, horft til NNA.

Þetta svæði einkennist af gróðurlitlum hryggjum en inn á milli þeirra er og mosa- og lyngigróinn móa og mýrarsund.
Ekkert grjót sést í hundaþúfunni og er því ekki hafið yfir vafa að í henni séu leifar af landamerkjavörðu. Við suðurenda hólsins er óvönduð grjóthleðsla með óljóst hlutverk. Ekki er útilokað að hún sé leifar af vörðu. Hleðslan er um 1m á lengd og 0,3 m á breidd. Í henni sjást tvö umför hleðslu og er hún 0,5 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 2

SM-233:024 hleðsla refagildra 722550 471231
Voldug refagildra er á klettum út við merki Búlandsness og Teigarhorns. Hún er 330 m ofan og sunnan við Eyfreyjunes 017, á milli Eyfreyjuneslækjar og annars lækjar sem er austar.
Mosagrónar og grýttar klappir eru á svæðinu en mólendi er inn á milli í lækjargiljum.
Gildran er fremst á klöpp sem hallar til norðvesturs. Hún er 2 m á lengd og 0,6 m á breidd, snýr norðvestur-suðaustur. Í gildrunni eru 2 umför hleðslu og hún er 0,3-0,4 m á hæð. Hleðslan myndar stokk og eru stórar hellur sem loka honum að ofan. Op er á gildrunni í norðvesturenda og er grjóthella upp á rönd fyrir því sem hægt er að taka úr eða setja fyrir.



Refagildra 024, horft til suðausturs.



Teikning af refagildru 024.

Hættumat: engin hætta

SM-233:027 *Gálgaklettur* örnefni aftökustaður 723001 470054



Gálgaklettur 027, horft til suðurs.

"Milli hárra hamra er fjárrétt [235:017] í Bjargarétt. Innan við Stóra-Setberg er Gálgaklettur (er á teikningu eftir Mayer). Brekkurnar sunnan undir Ytrihálsunum eru kallaðar Búlandsnesbrekkur," segir í örnefnaskrá. Gálgaklettur er fast norðan við bæjarhól Búlandsness 001 og um 40m suð-suðaustan við útihús 009.

Kletturinn er innan skógræktargirðingar all nærri bæjarhólnum og má segja að nærumhverfið einkennist af klettaborgum.

Gálgaklettur er grannur aflangur berggangur sem liggur frá norðri til suðurs. Frá norðurenda berggangsins hækkar kletturinn ört og er syðri endi hans hár og svo til þverhníptur. Gálgaklettur hefur margt til að bera til að hafa hentað sem aftökustaður Það er auðvelt að komast uppá hann og að þeim stað sem hann er hæstur og brattastur og þar hefur verið auðvelt að láta einhvern dingla. Yfirleitt er talið að aftökur hafi verið ákveðnar á þingstöðum og því líklegt að aftökurnar færu fram þar eða nærri þeim. Ekki eru heimildir um að þingstaður hafi verið í Búlandsnesi en auk Gálgakletts bendir örnefnið Þingbrekkur til þinghalds. Það er hins vegar um 3,2km austan við Gálgakletta. Núna (2018) er Gálgaklettur allur á kafi í trjágróðri og verður vart greindur.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Búlandsnes, 2

SM-233:028 *Mensaldurstótt* tóft skemma 723631 469799



Mensaldurstótt 028, horft til austurs.



Teikning af Mensaldurstótt 028.

“Í Grænhraunum er gömul mótótt, kölluð Mensaldurstótt,” segir í örnefnaskrá. Mensaldurstótt er um 640m suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 45m vestan við mógrafarsvæði 369 og um 135m norð-norðaustan við kálgarð 364.

Tóftin er upp við klettarana sem nefnist Grænuhraun en austan við hana er torfmýri.

Tóftin er einföld, 7x6m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er undir bröttu klettabelti og mynda stór björg sem hafa fallið úr því vesturgaflinn og hluta af suðurhlið tóftarinnar. Það er helst norðurhliðin og austurgaflinn sem eru hlaðin úr torfi og grjóti. Bæði innra- og ytrabyrði eru grjóthlaðin, er hleðslugrjótið frekar stórt og má telja 1-3 umför. Hleðsluhæð er 30-80cm og breidd veggja um 2m. Ytra byrði er mun lægra en innrabyrði og mun tóftin að öllum líkindum vera niðurgarfin. Hún hefur óljóst op Í suðausturhorni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Búlandsnes, 2

SM-233:029 *Þingbrekka* örnefni þingstaður 726141 469498



Þingbrekka 029, horft til norðurs.

“Við austanverðan Breiðavog er Þingbrekka,” segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar nákvæm staðsetning Þingbrekku er en Andrés Skúlason, heimildamaður, taldi hana vera 400 m norðaustan við Breiðavog og 3,2 km austan við Búlandsnes 001. Líklegt er að Þingbrekka hafi verið suðvestan undir allháu klapparholti við norðausturenda deiglends sunds milli klapparhryggja.


Í meintri Þingbrekku er grasi gróið. Klettar eru ofan við hana og smáþýft graslendi neðan

við hana. Mýrlendara svæði tekur svo við til vesturs.
Brekkan er allbrött en góður hvíldarstaður og ágætt útsýni til vesturs og suðvesturs. Engin mannvirki er að sjá í eða við brekkuna og engar heimildir um þinghald á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 2

SM-233:030 tóft verbúð 726894 468698



Meint verbúðartóft 030, horft til suðurs.



Teikning af tóftum 030 (neðst) og 402 (efst).

“Milli Lynghólma og Úlfseyjar er Kríuhólmi og sunnar Úlfseyjarhólmi og innar Úlfseyjarstapi. Úlfsey var verstöð; þar var góð Höfn og tuttugu skipa uppsátur [sjá 416] og tekin 4 mk. undir hvert (fasteignamat frá 1804); þar eru margar hjallatættur [152, 398, 410 og 413],” segir í örnefnaskrá.
“Á austanverðri Úlfsey gegnt Hafnarey heitir Höfn [414], sandfylltur vogur og orðinn mýrlendi. Vottar þar fyrir hleðslum af tveimur húsum [030 og 402] og nausti [346],” segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Verstöðin í Úlfsey var að líkindum þar sem heitir Höfn (sjá 414) um 4,1 km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001. Þar má þar sjá tvær óljósar tóftir sem gætu verið leifar verbúða og er önnur þeirra skráð hér en hin undir minjanúmeri 402. Tóft 030 er um 8m suðaustan við tóft 402 og 28m norðaustan við uppsátur 346.
Miklar breytingar hafa átt sér stað síðan 20 skip gátu haft uppsátur í Úlfey. Hafnarey er orðin landföst og Hafnar-vogurinn landfylltur.
Engar óyggjandi minjar af verbúðum fundust á svæðinu en engu að síður er þar einföld tóft, 7x6m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún virðist að einhverju leyti vera niðurgrafin því innrabyrðið sem er 50-
80cm á hæð er að jafnaði skýrara en ytrabyrðið sem er 20-50cm á hæð. Hún hefur op til suðvesturs. Engar grjóthleðslur sjást í veggjum sem eru á kafi í grasi. Út frá lögun hennar, stærð og staðsetningu gæti hún allt eins verið heystæði.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Búlandsnes, 2; ÁFÍ 2002, 96

SM-233:031 *Hellir* heimild 727423 468490



Hellir 031, horft til norðurs á vinstri mynd og til NNV á hægri mynd.

"Á innanverðri Hvaley voru Lundabakkar. Utan við Tjörnina er Tjarnarmöl. Syðst í klettunum upp af Lundabrekku er Hellir, rúmgóður og hátt til lofts með dyraumbúnaði, var ágætur bústaður, og skammt frá var svolítil lækjarsytra," segir í örnefnaskrá. Hellirinn er náttúrumyndun og er í suðaustanverðri Hvaley. Þar eru háir lóðréttir klettar ofan við háa sandbakka sem vaxnir eru melgresi. Hellirinn hefur fyllst af sandi en þó mátti sjá í efri brún munnans þar sem sandurinn mætir klettunum þegar staðurinn var skoðaður 2018. Hellirinn er 170 m suðvestan við fjárhús 404 og 4,6 km suðaustan við bæinn í Búlandsnesi 001.
Mikill sandur hleðst upp að klettunum en í honum er farið að vaxa gras og mosi. Allhátt og bratt er niður sandbrekkur frá hellinum til suðausturs.
Andrés Skúlason, heimildamaður, gróf hellinn út að hluta fyrir nokkrum árum síðan. Inni í honum fann hann kjálkabein úr kind og lundabringubein sem bendir til þess að þeir sem höfðust við í hellinum hafi m.a. haft sviðakjamma og lundabringu til matar. Grjóthleðsla var fyrir hellismunnanum og hurð var í henni. Í hellinum hefur fólk hafst við sem var að nytja eyjuna, en í henni voru slægjur og eggjatekja auk þess sem að fjárhús 404 voru á henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 2

SM-233:032 *Selhjalli* tóftir sel 726013 470870
"Utan við mölina er Básinn, fé flæddi oft í Básnum. Sunnan við Fálka-Jónsvík er Selhjalli; þar eru tættur," segir í örnefnaskrá. Óljósar minjar um sel eru í halla niður af klettaholti til austurs. Varða 276 er uppi á holtinu 15 m norðvestan við minjarnar og má ætla að hún hafi vísað á selið.



Minjar um sel 032 við Selhjalla, horft til NNV.

Ekki er ljóst frá hvaða býli selið var en líklegast er að það hafi verið frá heimajörðinni Búlandsnesi og er selið 3,1 km ANA við bæ 001.
Lítið klapparholt er SSV við selið og er gróið sund á milli holtanna. Grasi gróið og smáþýft er framan við selið til austurs og norðurs. Ekki er augljós vatnsuppspretta eða lækir í nágrenni selsins en stutt er í litla tjörn til austurs (60 m) og Íshústjörn 381 er tæpum 100 m suðvestan við selið. Stikuð gönguleið liggur meðfram seltóftum að vestan- og sunnanverðu.
Á selstæðinu eru tvær signar tóftir á svæði sem er 15x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Vestari tóftin A er greinilegri og er hún að hluta í talsverðum halla til austurs. Tóftin er um 8x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Vestara hólfið er á flata neðan við brún holtsins sem hún er hlaðin utan í. Það er um 3-4x1,5-2 m að innanmáli en orðið illgreinilegt. Ekki sést op á því. Austurhluti tóftarinnar er í talsverðum halla til austurs og þar sést ekki móta skýrt fyrir innanmáli hólfs og ekki sést heldur op inn í það. Tóftin er grasi gróin og hvergi sést í grjót í hleðslum. Veggir eru 0,2-0,3 m á hæð. Fast neðan og austan við tóft A er önnur tóft B sem er mjög sigin og eru veggir hennar einnig 0,2,-0,3 m á hæð. Hún er 11x4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þessi tóft er á flata neðan við litla klöpp sem skagar út úr gróinni brekkunni. Norðvestan við tóftina er gróinn bolli í jaðri holtsins sem selið er utan í. Tóftin lokar þessum bolla að hálfu leyti og kann hann að hafa verið nýttur sem aðhald. Óljóst innanmál hólfs eða gróið rof er í norðurenda tóftar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 3

SM-233:033 heimild 725882 471040
“Utan við mölina er Básinn, fé flæddi oft í Básnum. Sunnan við Fálka-Jónsvík er Selhjalli; þar eru tættur [032]. Í Fálka-Jónshólma geymdi Jón fálkafangari ungana,” segir í örnefnaskrá. Fálka-Jónshólmi er vestan við Fálka-Jónsvík, rúmum 1 km norðaustan við þéttbýlið á Djúpavogi og 3 km norðaustan við Búlandsnesbæinn 001.
Hólminn er fremur lítill en á honum er dálítið gróðurlendi.
Ekki var farið út í hólmann og ekki vitað hvort einhver mannvirki séu í honum frá því Fálka-Jón geymdi unga sína þar.
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 3

SM-233:035 varða samgöngubót 725633 470598



Innsiglingarvarða 035, horft til vesturs.

"Sunnan við Fagrahól eru leiðarmerki vörður, sem vísa leið um Ribbusund," segir í örnefnaskrá. Tvær vörður vísa leiðina um Ribbusund. Önnur þeirra, sú sem hér er skráð, er norðaustast í Brandsvík, um 280 m NNA við austustu húsin í Djúpavogi og 120 m suðvestan við kálgarð 277. Hin varðan 278 er innar í landi, rúmum 100 m suðaustar.


Varðan er hlaðin á lága kletta í fjöruborðinu. Grýtt fjara er vestan við vörðuna.

Varðan er hringlaga og er um 2 m í þvermál. Enn má sjá hleðslur í vörðunni en mikið af grjóti í henni virðist úr lagi gengið. Er ekki ólíklegt að grjóti sem hrunið hefur úr henni hafi verið bætt í hana aftur. Varðan er um 2 m á hæð en ekki er hægt að greina fjölda umfara. Á enhverjum tímapunkti hefur hún verið máluð gul og sjást leifar af málningu á sumum steinunum.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir:Ö-Búlandsnes, 3

SM-233:039 *Nátthagi* gerði nátthagi 723144 469910




Teikning af Nátthaga 039 og minjum í kring á Hjallshrauni.

"Utan við Búlandsnestún, neðan við Nátthaga er Smalahraun," segir í örnefnaskrá. Ummerki eftir nátthaga sem var ofan við Smalahraun eru 180m suðaustan við bæjarhól 001 og um 12m norðan við hjall 354 en þar eru óljósar garðhleðsluleifar.

Nátthaginn er um 15m sunnan við þjóðveg 1 og austan við klettarana sem myndar jafnframt vesturhlið hans. Hann er í flötu landi sem er skorið af vegarslóða sem liggur að Innri- og Ytri-Búlandshöfn. Gróðurhula er gisin.

Nátthaginn hefur verið afmarkaður með torf og grjóthlöðnu gerði sem er að lágmarki um 35x35m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Það hefur verið

ferhyrnt og aflangt en hornin mjög rúnnuð. Hleðsluhæð garðlagsins sem er hlaðið úr torfi og grjóti er 30-80cm og breidd 1-1,5m. Hleðslugrjótið er stórt og víða sést bara eitt umfar. Suðausturhlið nátthagans er heillegust, liggur hún upp við lágan klettarana. Suðurhliðin hefur verið skorin af vegarslóða en vesturhliðin er mikið til náttúruleg, mynduð af klettavegg. Ekki er hægt að greina neina norðurhlið á honum. Vestast upp við klettavegginn hefur hugsanlega verið annað hólf innan nátthagans. Því frá suðurhlið nátthagans liggur lítill veggstubbur til norðurs. Myndar þessi veggstubbur ásamt klettaveggnum rými sem er 5x3m að innanmáli.




Nátthagi 039, horft til austurs

Hættumat: stórhætta, vegna rasks

Heimildir:Ö-Búlandsnes, 2

SM-233:040 *Kallagarður* gerði kartöflugarður 724194 469190





Kallagarður 040, horft til VSV á ljósmynd.

“Sunnan undir Vatnshraunum átti Karl Steingrímsson (f. 1877) kartöflugarð, kallaður Kallagarður,” segir í örnefnaskrá. Kallagarður er um 1,4 km sunnan við Djúpavogsveg og rúmum 500 m norðvestan við tóft 294.

Kallagarður er neðarlega í mosagrónum klettarana. Þar er lynggróður áberandi og til suðausturs er Borgargarðsvatn.


Kallagarður er á stalli, snýr ASA-VNV og er 30x20 m að stærð. Ekki er ljóst hvort garðurinn

hefur endað þar sem hann fjarar út eða hvort hann hefur náð lengra til suðvesturs; mögulega þá verið allt að 40 m langur. Umhverfis kálgarðinn er torfhlaðið gerði sem skiptist í tvo hluta. Veggir gerðisins eru heillegir, en eru þó útflattir á norðaustur- og suðausturhliðum. Mesta veggjahæð er 1,2 m á austurhlið en aðrar hliðar garðsins eru signar og er veggjahæð þar 0,2-0,7 m. Veggjabreidd er 0,4-0,7 m. Ekkert op er greinanlegt á gerðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 4

SM-233:043 *Stöðull* heimild um kvíar 722833 469962
"Bjargarréttarklifið eða Klifið, innan við bæinn upp að Stöðlinum í Bjargarétt (þar voru kvíar fram til 1926)," segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Stöðull er merktur inn á örnefnakort Eyjólfs Guðjónssonar á milli Klifs og Innra Klifs. Kvíar þessar hafa að líkindum verið frá Búlandsnesi. Ekki er ljóst hvar kvíarnar voru nákvæmlega en af lýsingu að dæma hafa þær verið innan og vestan við Klifið eða Búlandsnesklif, utan túns Bjargaréttar SM-235. Stöðullinn var um 200 m VSV við bæ 001 og um 70 m norðaustan við bæinn í Bjargarétt SM-235:001.
Mikil skógrækt er í túni Bjargaréttar og Búlandsness og í næsta nágrenni. Þar sem ætla má að kvíarnar hafi verið er því kominn talsverður trjágróður. Gamall akvegur liggur um Klifið og meðfram Hálsunum. Af honum er stikuð gönguleið á milli Bjargaréttarkletta og Klifsins inn á tún Bjargaréttar.
Engin ummerki fundust um kvíar þar sem heimildir benda til að Stöðull hafi verið. Ekki er ljóst hvort að þær séu horfnar (vegna vegagerðar, skógræktar eða annars rasks) eða hvort leitað hafi verið á röngum stað.
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 194; Örnefnakort EG

SM-233:044 *Hjallsklettur* hleðsla hjallur 722539 471486





Grjóthlaðnar undirstöður hjalls 044 við Hjallsklett ofan við Eyfreyjunes 017, horft til norðausturs á mynd.

“Innan við Skollagrímskletta er Móbakki [144], Skútakambur og Langikambur. Eyfreyjunesklettar frá Hálsum niður undir Eyfreyjunestanga, fram af tanganum er Eyfreyjunessker og innan undir tanganum tvö smásker, Hnísa og Selur. Skútavík og Eyfreyjuneskrókur; þar var lending [018]. Ofan vegar eru Eyfreyjunestættur [017] og Hjallsklettur,” segir í örnefnaskrá. Hjallsklettur er hár en ekki stór klettur ofan við Eyfreyjunes 017, suðaustan við hrygginn sem bærinn stendur undir. Vestan við hann eru grjóthlaðnar undirstöður hjalls sem tilheyrt hefur Eyfreyjunesi. Minjarnar eru 70 m SSV við býlið og 360 m SSV við lendingu 018.


Grunnur jarðvegur og lítill gróður (mosi og lyng) er innan um klapparholt og kletta í kringum Hjallsklett.

Hleðslurnar eru á svæði sem er 6x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur og fá þær bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Innan svæðisins eru tvær samsíða hleðslur (undirstöður) og ein lítil hrunin hleðsla næst Hjallskletti. Norðvestast á svæðinu er hrunin hleðsla A sem er um 5 m löng og 1 m á breidd, snýr norðaustur-suðvestur. Um miðbikið er hleðslan um 0,4 m á hæð en lækkar til beggja enda þar sem nánast sést eingöngu jarðlægt grjót. Önnur hleðsla B sem er mun stæðilegri er 1 m suðaustar. Hún er 4,5 m á lengd og 1,5 m á breidd. Hleðslan er 1,2 m á hæð og sjást 6 umför í norðausturenda þar sem hún stendur nokkuð vel. Á milli þessarar hleðslu og Hjallskletts er hrunin þverhleðsla C. Hún er 1,5 m á lengd og breidd og 0,3 m á hæð. Varla stendur steinn yfir steini. Í Hjallskletti er stallur í svipaðri hæð og hleðsla B. Líklegt er að hann hafi verið notaður í stað hleðslu á móti hleðslu B. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hleðsla C hefur gegnt en hleðsla A er líklega úr eldri hjalli og virðist grjót hafa verið rifið úr honum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Búlandsnes, 5

SM-233:048 *Æðarsteinsrétt* hleðsla rétt 724313 471136



Æðarsteinsrétt 048, horft til norðausturs á ljósmynd.

“Upp af Þríhyrningstjörn utan við Réttarklett er Gildruklettur (tófugildra, krókgildra) [049]. Í Réttarkletti er Æðarsteinsrétt,” segir í örnefnaskrá. Æðarsteinsrétt er tæpa 1,7 km norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001 og 330m suðvestan við Æðarsteinsvita 412.

Réttin er í viki milli tveggja klettarana. Nærumhverfið er mólendi sem einkennist af lágum klettarönum sem liggja frá suðri til norðurs.
Réttin er 10x10m að stærð, hlaðin úr grjóti milli tveggja hárra klettaveggja sem mynda norður- og suðurhliðar réttarinnar. Grjóthleðslurnar eru gisnar og er hleðslan einföld. Hún er vel hlaðin og standa hleðslurnar vel. Grjótið er af nokkuð breytilegri stærð og eru vegghleðslurnar lítið eitt uppmjóar. Vesturhliðin er um 120cm á hæð og má þar telja 8-9 umför. Á vesturhliðinni er lítið útskot syðst sem er um 3x2m að innanmáli. Austurhliðin er um 1m á hæð og 5-6 umför og er op á henni miðri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 4

SM-233:049 *Gildruklettur* heimild um refagildru 724365 471192
"Tvö Gildruhraun vitum við um í nánd við Djúpavog. Annað er inn og upp af Æðarsteinsvita [412][sjá einnig 179], hitt á Teigum rétt innan við spennuvirki Rarik [sjá SM-239:065]," segir í bókinni Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. "Upp af Þríhyrningstjörn utan við Réttarklett er Gildruklettur (tófugildra, krókgildra). Í Réttarkletti er Æðarsteinsrétt [048]," segir í örnefnaskrá.
Gildruklettur er 1,7 km norðaustan við bæjarhól Búlandsnes 001, um 75m norðaustan við Æðarsteinsrétt 048 og um 250m suðvestan við Æðarsteinsvita 412.
Nærumhverfi Gildrukletts er mólendi en víða í því eru lágir klettaranar sem liggja frá suðri til norðurs.
Þrátt fyrir leit á klettinum fundust engin ummerki eftir gildru og má ætla að hún hafi verið rifin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 4; Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 75

SM-233:051 *Gunnukofi* bæjarstæði býli 723210 470193
"Við Gunnukofa, austan við tún á B[úlandsnesi], reisti Þorsteinn Sveinsson kaupfélagsstjóri sumarbústað um 1950. Þar er íbúð og húsið nefnt Askur," segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. "Utan og ofan við Búlandsnestún var Gunnukofi, gamlar tættur. Þar stendur nú húsið Askur," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Gunnukofi mun hafa staðið 235m norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001 og um 90 m austan við kálgarð 167 en þar sem Gunnukofi stóð áður stendur núna íbúðarhúsið á Aski byggt 1954.
Minjastaðurinn er inní húsagarði sem í er mikið af trjágróðri.
Ekkert sér lengur til minja eftir Gunnukofa en hann mun hafa staðið þétt suðaustan við íbúðarhúsið. Að sögn Ragnhildar Garðarsdóttur heimildarmanns, var grafið fyrir olíutanki á svipuðum stað og Gunnukofi stóð áður.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir:SJM III, 425; Ö-Djúpivogur og Búlandsnes Aths, 1

SM-233:053 *Gildruhryggur* heimild um refagildru 723209 470525



Varða sem hlaðin var upp úr gildru 053, horft til norðurs.

"Austur af Bæjarhjalla er Djúpadokk, innan við er Gildruhryggur (tófugildra, krókgildra)," segir í örnefnaskrá. Líklega dregur Gildruhryggur nafn sitt af gildru sem búið er að hlaða vörðu úr en hún er nefnd í bókinni Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson: «Auk gildranna við Gildruhraun [sjá Gildruklett 049 og SM-239:065] virðast hafa verið [...] tvær á Ytri-Hálsum [sjá einnig 177] (önnur hefur verið eyðilögð, rifin upp og byggð úr henni varða)." Varða er á Gildruhrygg sem ætla má að sé sú sem nefnd var hér að framan og hlaðin var upp úr refagildru. Hún er um 220 m vestan við mógrafir 114 og 520 m norðaustan við bæ 001. Stikuð gönguleið er norðan við vörðuna.

Ytri-Hálsar einkennast af grýttu holtalandslagi sem er mosagróið. Inn á milli holta eru mýrarsund. Varðan er um 1,5x1 m að stærð, snýr austur-vestur. Hún er 0,4-0,5 m á hæð í austurenda en lækkar til vesturs. Óvönduð hleðsla er í vörðunni en þó sjást 2-3 umför. Ekkert sést lengur af gildrunni sjálfri.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Búlandsnes, 5; Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 75

SM-233:054 *Baðstofufjara* tóft óþekkt 726553 467625

"Sandey. Innanvert á Sandey er dálítil vík; þar er Baðstofufjara," segir í örnefnaskrá. Engar heimildir eru um að bústaður hafi verið í Sandey þó að örnefnið Baðstofufjara bendi til þess. Ógreinileg og sigin tóft er nyrst í víkinni á innanverðri Sandey sem gengur inn til austurs. Upp





Tóft 054 við Baðstofufjöru, horft til suðausturs á mynd.

af fjörunni er nokkurt stórþýfi og norðan við mitt það svæði rennur lækjarlæna út í fjöruna úr mýrlendi, norðan við litla klöpp.
Baðstofufjara er sandfjara milli kletta á vestanverðri eyjunni. Ofan og austan hennar er grasi gróið og þýft svæði sem verður mjög stórþýft þegar nær dregur fjörunni.
Tóftin er um 8x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld og líklega að mestu torfhlaðin. Norðaustur-langveggur er mjög greinilegur og innanmálið sömuleiðis en aðrar hliðar eða veggir mjög hlaupnir í púfur og illgreinanlegir. Líklega var op í suðausturenda en tóftinni hallar lítillega til þeirrar áttar. Mesta hæð veggja er 0,3 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en ekki er útilokað að þarna hafi verið bústaður. Vera má að fleiri minjar séu í þýfinu í kring.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 6

SM-233:057 *Fýluvogur* heimild um verslunarstað 725247 469164




Horft yfir Fýluvog 057 til norðurs. Ljósmynd: Andrés Skúlason.

“Fýluvogur er nú lítið stöðuvatn, þar var áður verslunarstaður og skipgengt,” segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson.
“Fýluvogur varð síðar aðalhöfn við Berufjörð þegar menn hættu að sigla inn til Gautavíkur. Það er skjalfest að kaupmenn frá Brimum (Bremen í Þýskalandi) byrjuðu að versla í Fúluvík um 1500. Eins og mörgum er kunnugt fengu Hamborgamenn leyfi til að versla á Djúpavogi 20. júní 1589. Þá kom fljótlega til árekstra af versluninni við Berufjörð. Urðu í framhaldi af þeim árekstrum málaferli og vitnaleiðslur. Ketill Sveinsson frá Sléttu í Reyðarfirði vottar við yfirheyrslur 19. ágúst að Brimarar hafi verslað í Fúluvík í nær 80 ár “hvar að stendur þeirra gömlu búð og þeirra forfeðra”,” segir í bókinni Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson.

Í bókinni Undir Búlandstindi segir um Fýluvog: «Gamlar sagnir hafa verið uppi um það við Berufjörð, að eitt senn hafi verið verzlunarstaður og höfn í Fýluvognum, sem liggur sunnan á Búlandinu gegnt Djúpavogi. Nú er þar aðeins tjörn og allt sandorpið fyrir utan. Sennilega hefur vörum verið skipað upp á Selaklöppina áður fyrr, þegar það var aðdjúpt. Nafn sitt Fýluvogur [...] getur hann hafa fengið af vondri lykt af rotnuðum þara.» Selaklöppin sem nefnd er hér að framan er líklega það sem í örnefnalýsingu er nefnt Ytri-
Selabryggjur og er allstórt klapparholt yst í Fýluvogi. Ekki er vitað hvar verslunarstaður og höfn við Fýluvog voru. Fjöldi minja eru allt í kringum voginn, flestar þeirra virðast ungar. Á Ytri-Selabryggjum eru kálgarðar 375 og 377 en engin ummerki um höfn eða eldri mannvirki. Fornleg tóft 365 með óskilgreint hlutverk er byggð neðan við klett, frammi á bakka vogsins. Helst kemur til greina að hún sé frá þeim tíma sem verslun var stunduð við Fýluvog. Hún er við vestanverðan voginn, 1,1 km sunnan við Löngubúð 109 og 130 m norðvestan við Ytri-Selabryggjur.
Ysti hluti Fýluvogs hefur fyllst af sandi og er þar forarblautt mýrlendi en innar í voginum er stór tjörn. Deiglent er á flatlendi meðfram voginum innan um klapparholt.
Engin óyggjandi ummerki sjást á yfirborði um verslunarstað við Fýluvog. Forvitnilegt væri að gera rannsókn á tóft 365 og kanna aldur og hlutverk hennar. Eins mætti kanna hvort að fornar mannvistarleifar séu í þýfðu graslendi vestan við hana sem gætu verið frá verslunartímanum.
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 200; Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 9-10; Eiríkur Sigurðsson: Undir Búlandstindi, 32

SM-233:058 *Brandsleifarhellir* þjóðsaga 722882 471645
"Þjóðsaga segir frá systrum tveim, einsetukonum eða völvum, hétu Brandsleif og Eyfreyja. Brandsleif bjó í Brandsleifarhelli og Eyfreyja [059] í Eyfreyjunesi, varla meira en 300 metrar þar í milli," segir í viðbótum við örnefnaskrá. Brandsleifarhellir er á stuttu og breiðu nesi, næsta innan við Eyfreyjunes. Er það 300 m norðaustan við býlið Eyfreyjunes 017 og 200 m ASA við samnefnt nes þar sem Eyfreyja á að hafa búið.
Nesið er allhátt og gróið inn á milli kletta.
Ekki er vitað hvar Brandsleif átti helli sinn en það eru ekki afgerandi skútar á nesinu.


Horft til suðausturs yfir Eyfreyjunes 059 (nær) og Brandsleifarhelli 058 (fjær). Ljósmynd: Andrés Skúlason.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Búlandsnes viðb, 1

SM-233:059 *Eyfreyjunes* þjóðsaga 722706 471916
"Þjóðsaga segir frá systrum tveim, einsetukonum eða völvum, hétu Brandsleif og Eyfreyja. Brandsleif [058] bjó í Brandsleifarhelli og Eyfreyja í Eyfreyjunesi, varla meira en 300 metrar þar í milli," segir í örnefnaskrá. Eyfreyjunes er nyrst og vestast í landi Búlandsness. Það er fallegt að lögun, mjótt og langt. Nesið er óreglulegt í lögun og eru margar fallegar bergmyndanir í því. Eyfreyjunes er gróið að mestu og á strönd þess eru skútar af ýmsum stærðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Búlandsnes viðb, 1

SM-233:060 *Úlfshaugur* þúst legstaður 727106 468937
Margar heimildir nefna Úlfshaug í Úlfsey: "Þrír Brædr i Heidni skylldu hafa verid haúglagdir i fylgiandi Stödum, hvadan hvör mætti sjiá til annars: Ulfur i Úlfseÿ Eskill i Eskillseÿ [SM-256:041] og Hrómundur í Hrómundseÿ [SM-243:058] - Rudera af þessum Gröfum eru lítt siáanleg, enn allir þrír stadir siást glögt frá ödrum,» segir í Frásögum um fornaldarleifar.»Á þeirri ey [Úlfsey] er fornmanns haugur, sem líklega hefur heitið Úlfur. Enginn maður má þar svo fæti á land stíga, að hann syngi ekki eitt vers við hauginn, gjöri þar bæn sína eða leggi stein í hauginn," segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. "Úlfur Eskill og Hrómundur, hétu bræður þrír, er uppi voru á landnáms eða söguöld. Þeir völdu sér bústað í eyjum úti fyrir Hamarsfirði og Álftafirði eystra, og eru eyjarnar síðan við þá kenndar. Sagt er, að þeir séu heygðir hver í sinni ey, og til skamms tíma hafa menn þótzt vita, hvar haugar þeirra væru. [...] Úlfsey liggur nyrzt í eyjaklasa þeim, sem er úti fyrir Búlandstanga. Áður fyrr var fremur mjótt sund milli hennar og meginlands, og var róið þar í gegn bátum [...] en smátt og smátt grynntist sund þetta og litlu eftir 1880 fylltist það af sandi. [...] Ekki er vitað hvar haugur Úlfs er í eynni," segir í Grímu. Haugur sá sem talinn er vera Úlfshaugur er hálfgróin grjótþúst, greinilega manngerð. Er hún norðaustast á Úlfsey, norðvestan við Hvalseyjarsund sem hefur að mestu fyllst af sandi. Haugurinn er frammi á bjargbrún (sjávarklettum áður) en ekki er mjög hátt fram af þeim þó að þeir séu þverhníptir. Þústin (meintur Úlfshaugur) er 4,2 km ASA við bæinn í Búlandsnesi 001 og 960 m norðaustan við fornar minjar 061 sem komu í ljós við uppgröft Kristjáns Eldjárns rétt eftir 1970.


Úlfshaugur 060, horft til norðausturs.

Þústin er á nánast gróðurlausri klöpp. Neðan við hana til austurs er sandur sem gróið hefur upp að miklu leyti. Jarðvegurinn á eynni vestan við þústina er mjög sandi orpinn.
Þústin er greinilega grjóthlaðið mannvirki sem er um 2,5x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er talsvert kúpt og er um 1 m á hæð. Þústin er gróin efst og að hluta til í hliðum,

einkum grasi og lítilsháttar melgresi. Grasrót í hliðum þústarinnar er sendin og heldur ekki vel saman grjótinu. Efst og suðvestast í þústinni eru ógrónar en hrundar hleðslur sem standa upp úr gróðurhulunni. Virðast þær vera seinni tíma viðbót í þústina. Þar sem hleðslur eru grónar sjást þrjú umför í norðausturenda þústarinnar. Afar ósennilegt að hér sé um að ræða gröf fornmanns úr heiðnum sið. Hafi haugurinn sem nefndur er í heimildum verið á Úlfsey eru miklar líkur til þess að hann sé horfinn vegna landbrots eða upphleðslu sands. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki er í þústinni en mögulega hefur þarna verið herslubyrgi.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:FF, 72; ÞJÁ I, 661; Gríma I, 19; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 20-21

SM-233:061 gripir 726518 468198

"Á suðvesturhorni Úlfseyjar er lítill hóll eða þúfa. Þar var grafin hola rétt eftir 1970, um það leyti sem dr. Kristján Eldjárn var við rannsóknir í Papey. Í þessari holu var komið niður á fornt öskulag og gamalt steinbrýni fannst," segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Úlfsey er orðin landföst. Staðsetning uppgraftarins er mjög óljós en umræddur staður mun þó hafa verið um 3,9 km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, tæpa 130 m vestan við hjall 398 og um 650m austan við Orkney.



Líklegt er að Kristján Eldjárn hafi grafið niður á öskulag og fundið steinbrýni 061 á þessum slóðum suðvestast á Úlfsey.

Minjastaðurinn hefur verið alveg niður við sjó, suðvestan undir klettum en sökum mikila breytinga á svæðinu er núna bara um sandöldur að ræða. Gróðurhulan er mjög gisin og er jarðvegur sendinn að öðru leyti einkennist svæðið af berum klettum.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 20-21

SM-233:065 tóftir skemma 724834 469379

Þrjár tóftir eru utan í litlu holti í Þórarinshraunum 100 m vestan við mógrafasvæði 225, 900 m SSV við Löngubúð 109 og 1,9 km suðaustan við bæinn á Búlandsnesi 001.

Holtið er mosa- og grasi gróið en þýfð og blaut mýri er allt kringum það.

Tóftirnar eru á svæði sem er 34x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu sem hefst á tóft A norðaustast á svæðinu. Tóftin er grafin inn í halla til norðvesturs og er varla hægt að tala um hlaðinn vegg á norðvesturgafli. Tóftin er 4x3 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er grjóthlaðin og gróin. Ekki er hlaðinn veggur í suðausturenda. Veggir ekki hærri en 0,6 m, ekki er hægt að greina fjölda umfara í hleðslum. Tóft B er um 20 m suðvestan við tóft A. Hún er einnig grafin inn í halla til norðvesturs. Tóftin er um 5x4 m




Mótóft 065A, horft til norðvesturs.



Mótóft 065B, horft til norðvesturs.

að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Virðist hún torfhlaðin að mestu leyti. Veggir standa nokkuð vel en aðeins farnir að síga og eru 0,6 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Op er á tóftinni í austurhorni. Hlutverk þessara tófta er ekki þekkt. Líklegt er að þær séu móstæði og að mór hafi verið stunginn upp í mýrinni framan (suðaustan) við tóftirnar. Nokkuð skýr kantur er meðfram holtinu sem kann að hafa myndast við móskurð en ummerkin eru óveruleg. Tóft C er 26 m norðvestan við tóft B, í litlum krók vestan í holtinu sem tóftir A og B standa utan í. Tóftin er í raun L laga veggjarhleðsla sem lokar króknum og afmarkar svæði sem er 1,8x2,2 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Hleðslan sjálf er 3x2 m að stærð og snýr eins. Hún er úr torfi og grjóti, 0,5 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Þessi tóft er líklegast líka móstæði og eru óljós ummerki um mógrafir þar sem sjá má litla polla í mýrinni til vesturs. Eins er mógrafasvæði 288 um 30 m norðar.

Hættumat: engin hætta



Yfirlitskort sem sýnir tóftir 065.

SM-233:066 *Skallanaust* gryfja naust 724361 468022

"Skallanaust við sjó milli Hríseyjarsands og Jakobsvogs," segir í bókinni Djúpavogur eftir Ingimar Sveinsson. "Skallanaust var uppsátur báta við sjóinn suður af Stekkablá [sjá 041]," segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Skallanaust var 2,4 km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, rúma 400m suðaustan við naust 338 í Jakobsvogi og um 290m norð-norðvestan við fjárhús



Óljós ummerki um Skallanaust 066, horft til suðvesturs.

390.

Minjastaðurinn er á grösugu litlu nesi fremst á sjávarbakka.

Engar greinilega minjar sjást á staðnum nema tvær óljósar dældir, grösugar og nokkuð þýfðar. Þær eru á svæði sem er um 8x8m að stærð. Syðri dældin er 8x4m að innanmáli og snýr suðvestur og norðaustur en nyrðri dældin er 4x3m að innanmáli og snýr eins og hin. Dældirnar eru 30-50cm djúpar.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 200; ÁFÍ 2002, 95

SM-233:112 *Liljustaðir* hleðsla býli 722888 469898



Minjar um Liljustaði 112, horft til NNA.



Teikning af minjum á Liljustöðum 112.

“Liljustaðir undir Bjargarréttarklettum. Þar sást móta fyrir kofarústum,” segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Liljustaðir voru neðan við neðstu kletta í Bjargaréttartúni (sjá Bjargarétt SM-235), í skoti sem myndast á milli þeirra og berggangs eða -kambs. Mikil skógrækt í Hálsaskógi er á þessu svæði og er búið að koma fyrir bekk með borði á þeim stað sem ætla má að Liljustaðir hafi verið. Enn sést grjóthleðsla þar sem er um 100 m ANA við bæjarstæði Bjargaréttar SM-235:001 og 185 m suðvestan við bæinn í Búlandsnesi 001.

Há tré vaxa innan og utan við hleðsluna á bæjarstæðinu. Skógurinn er þéttur og frekar dimmur

á þessu svæði. Í skógarbotninum er mosagróður. Frá hleðslunni og klettunum er aflíðandi halli til suðausturs.
Hleðslan á bæjarstæði Liljustaða er suðaustan undir háum, nánast lóðréttum klettavegg. Með klettaveggnum afmarkar hleðslan svæði sem er um 7x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Líklegt er að þarna hafi hús verið byggt upp við klettana og að hleðslan sé leifar af hlöðnum veggjum. Ekki eru sýnilegar hleðslur í norðausturenda svæðisins en hleðslan er ofan á berggangi meðfram suðausturhlið og sveigir til suðurs að klettaveggnum. Op eða rof er á milli hleðslu og klettaveggjar og um það liggur göngustígur að bekk með borði. Hleðslan er úr grjóti, um 10 m löng, rúmur 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Hún er orðin mosagróin. Engar fleiri minjar um þetta býli sjást í nágrenninu sem líklegt er að hafi tengst því.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur,194

SM-233:113 *Þorsteinsstekkar* tóft stekkur 722601 469540
"Þorsteinsstekkar einnig undir Bjargréttarklettum, sjávarmegin við Liljustaði, gamlar tóftir," segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Stekkjartóft er norðvestan undir Bjargaréttarklettum, í suðvesturenda þeirra. Greinilega hefur yngra mannvirki verið byggt ofan í eldri tóft á þessum stað. Minjarnar eru 650 m suðvestan við bæinn í Búlandsnesi 001 og 390 m suðvestan við bæinn í Bjargarétt SM-235:001.
Klettarnir eru að mestu gróðurlausir en í kringum þá er grasi vaxið mýrlendi. Næst tóftinni til



Þorsteinsstekkar 113, horft til norðvesturs á mynd.

suðurs og austurs er smáþýfður mói og litlir klettar hér og þar.
Tóftin er 6x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er hlaðin norðaustan við stóran klett neðst í brekku og myndar hann vesturhorn tóftarinnar. Tóftin er að miklu leyti grjóthlaðin og er vaxin lyngi, mosa og grasi. Veggir hennar eru um 1 m á beidd og 0,4 m á hæð. Stekkjartóftin er tvískipt og er minna hólfið í norðausturhluta hennar. Það er 2x1 m að innanmáli og snýr NNV-

SSA. Hólfið hefur aflagast við það að veggur milli hólfa hefur hrunið inn í það eða verið rutt um. Op er á því í SSA-enda. Stærra hólfið er í suðvesturhluta tóftarinnar. Það virðist hafa verið um 3x3 m að innanmáli. Því hefur verið raskað nokkuð þegar grjóthlaðinn veggur var hlaðinn í norðausturenda þess, á milli hólfanna tveggja. Sá veggur er 0,3 m á breidd og 0,5 m á hæð. Í honum sjást 3-4 umför hleðslu. Jarðvegsbálkur eða útflattur veggur er suðvestan við þennan vegg og samhliða honum, innan stærra hólfsins í tóftinni. Hann er rúmir 3 m á lengd og 1,5 m á beidd. Óvenju breitt op (1,5 m) er á tóftinni í suðvesturenda.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur,194

SM-233:114 náma mógrafir 723427 470532



Mógrafir 114, horft til norðvesturs.

"Upp á Hálsum, fyrir ofan Bæjarhjalla, var mótekja og þurrkaður mórinn reiddur á hestum inn Hálsana og niður hjá Merki [016] og síðan út að Búlandsnesi [001]," segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Mógrafirnar eru 50 m norðan við mótóft 347 og 640 m norðaustan við bæ 001.
Hálsarnir einkennast af grýttu holtalandslagi sem er mosagróið með mýrarsund milli holta. Mógrafirnar eru í lítilli mýri milli lágra klappa.
Mógrafirnar eru á svæði sem er 45x35 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þetta eru að mestu samfelldar grafir en einstaka stokkagröf er í norðausturjaðri. Brúnir grafanna eru nokkuð skýrar enn. Mógrafirnar eru víðast grunnar eða 0,2-0,5 m á dýpt og eru að mestu leyti grónar. Þær eru fremur blautar og vatn stendur í þeim á stöku stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur,194

SM-233:115 *Rakkaberg* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 723847 470442
"Rakkaberg er sléttur hamraveggur allhár. (Talið álfakirkja)," segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Rakkaberg er rúma 900m norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 340m norðaustan við kirkjugarð í Hermannastekkum og um 180m vestan við þjóðveg 1 sem liggur í sveig framhjá Rakkabergi að austanverðu.
Nærumhverfi Rakkabergs einkennist af grónu mólendi sem er milli kletta og klettarana.
Rakkaberg er hár klettaveggur sem er þverhníptur til austurs en er meira aflíðandi til vesturs og suðurs. Rakkabergið er almennt talið vera álfakirkja en engar sögur virðast tengjast staðnum.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur,195

SM-233:116 *Háaurar* heimild um draug 723654 470119



Háaurar 116, horft til norðurs.

"Niður undan kirkjugarðinum í Hermannastekkum, Djúpavogsmegin, eru Háaurar. Þar var talið reimt," segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Háaurar eru rúma 600m austan við bæjarhól 001 og tæpa 380m suðvestan við Rakkaberg 115.
Minjastaðurinn er í mólendi og er gróðurhulan nokkuð gisin. Lágir klettar og klettaranar eru einkennandi fyrir nærumhverfið.
Ekki reyndist unnt að finna neinar draugasagnir um svæðið.

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur,195

SM-233:117 *Hermannastekkar* tóft stekkur 723709 470290


Í bókinni «Undir Búlandstindi» eftir Eirík Sigurðsson segir: «Til eru ýmsar gamlar sögur frá Tyrkjaráninu á Djúpavogi. Ein er sú, að Guttormur bóndi á Búlandsnesi hafi verið staddur úti í Hermannastekkum við einhver störf, þegar ræningjana bar að. Hafi hann varizt þar með pál og reku fyrst, áður en þeir gátu tekið hann fastan. Hermannastekkarnir beri nafn af þessum atburði." "Niður undan kirkjugarðinum í Hermannastekkum, Djúpavogsmegin, eru Háaurar. Þar var talið reimt [sjá 116]," segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson.
"Innan við Rakkaberg [115] heita Hermannastekkar, nafnið frá Tyrkjaráni, og er þar nú grafreitur," segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Út frá seinni lið örnefnisins má ætla að það vísi til þess að á svæðinu hafi verið stekkar. Við leit á svæðinu fannst tóft sem kann að hafa verið stekkur og er hún um 730m aust-norðaustur af bæjarhól Búlandsness 001, um 140m austan við Djúpavogskirkjugarð og fast norðan við kálgarð 366.



Hermannastekkar 117, horft til austurs.

Tóftin er fast vestan við tún sem hefur verið sléttað. Tóftin er í brekkurótum lágs klettarana sem hefur stefnuna norður suður og er hún austan megin við ranann. Í nærumhverfinu er mikið um lága kletta og klettarana.
Tóftin er einföld, 8x6m að stærð og snýr vestur og austur. Hún er niðurgrafin í bakka sem er vestan megin við hana og þá er op á henni fyrir miðjum austurgafli. Innrabyrðið

er grjóthlaðið og má telja 3-5 umför í því. Það er 70-130cm á hæð en ytrabyrðið er torfhlaðið og er það um 10-150cm á hæð, hæst á austurgafli. Veggþykkt er um 2m. Vesturgaflinn hefur sigið inn í tóftina og einnig er komið hrun í miðjan suðurvegg. Stór gróin grjóthrúga sem er í miðri tóftinni og nær út að inngangi er sennilega ummerki eftir hrun. Þar sem mikið af kálgörðum eru á þessu sama svæði kæmi ekki á óvart að síðast hafi þessi tóft verið nýtt sem kartöflugeymsla.



Teikning af Hermannastekkum 117 (norðar) og kálgarði 366 (sunnar).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 195; ÁFÍ 2002, 93; Eiríkur Sigurðsson: Undir Búlandstindi, 21

SM-233:118 *Torfmýri* náma mógrafir 723349 469751



Torfmýri 118, horft til norðausturs.

"Neðan vegarins er Torfmýri og sitt hvoru megin við hana Kúaklettur og Grænhraun annarsvegar en Króahraun hinumegin, nær Búlandsnesbæ [001]," segir í segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Torfmýri er 380m suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 250m vestan við mógrafir 362 og um 8m norðaustan við tóft 358. Í henni eru skýr ummerki mógrafa sem bendir til þess að eftir að hætt var að taka torf af svæðinu hafi menn hafið mótekju.
Torfmýri er blaut og grasi vaxin.
Mógrafirnar eru á svæði sem eru um 80x100m að stærð og snýr norður suður. Innan þess eru ferkantaðar gryfjur sem eru 30-60cm djúpar, ógrónar og blautar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur,195

SM-233:119 *Hjallshraun* tóft hjallur 723158 469851



Tóft 119 á Hjallshrauni, horft til suðurs.

"Neðan vegarins er Torfmýri [118] og sitt hvoru megin við hana Kúaklettur og Grænhraun annarsvegar en Króahraun hinumegin, nær Búlandsnesbæ [001]. Þar er einnig Hjallshraun og Nátthagi [039]," segir í bókinni: Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Þrjár hjallatóftir (348, 350 og 354) eru í Hjallshrauni ásamt þeirri sem hér er skráð. Hún er um 200m suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 140m norðvestan við gerði 360 og 25-30m sunnan við hjallatóft 348.

Tóftin er efst á klettarana sem liggur frá norðaustri til suðvesturs.

Tóftin er einföld og um 6x5m að stærð. Hún hefur tvö op sem snúa til norðvesturs og suðaustur. Vegghleðslurnar eru mjög signar, 30-40cm á hæð og mjög rúnnaðar. Ekki sjást grjóthleðslur í veggjum því þeir eru á kafi í grasi og mosa en þó má finna fyrir þeim.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur,195

SM-233:120 heimild um lendingu 725399 470358

Í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson kemur fram að bryggja hafi verið við húsið Tríton 176 sem reist var árið 1924. Hvorki húsið né bryggjan eru nógu gömul til að teljast til fornleifa en eru engu að síður teknar inn í fornleifaskrá vegna þess að þær eru mikilvægur hluti af verslunar- og útgerðarsögu við Djúpavog. Bryggjan var við norðvesturhlið hússins Tríton, en það er nyrsta húsið sem stendur við Djúpavoginn að austanverðu.

Klappir eru í fjöruborðinu norðvestan við Tríton.

Engin ummerki sjást lengur um bryggju við Tríton og hefur hún líklega verið rifin. Bryggjan sést á gömlum myndum frá Djúpavogi, m.a. á mynd frá 1935-1940 eftir Elisabet Sonnenfeld (Lpr/2009-79) sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 á við voginn, 189; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=77035

SM-233:121 *Búlandshöfn ytri* hleðsla lending 722912 469277

"Innan við hann [Hádegistanga] er Búlandshöfn ytri. Þar var naust [122] og geymdur trillubátur (Stígandi) og árabátur úr Álftafirði [...]," segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson.

Búlandshöfn ytri og Búlandshöfn innri eru tvær afgerandi víkur eða vogar sem ganga inn í ströndina til norðausturs. Á milli þeirra er Miðmundatangi sem skilur á milli þeirra. Í miðri Búlandshöfn ytri er hleðsla við lendingu sem gengur út frá klöpp til SSA. Lendingin er 30 m suðvestan við naust 122 og 780 m sunnan við bæ í Búlandsnesi 001.



Hleðsla við lendingu 121, horft til suðurs.

Innan og austan við lendinguna er nokkuð sendin fjara en mun grýttara er vestan við hana.

Hægt er að fylgja hleðslunni við lendinguna á um 10 m löngum kafla þar sem hún liggur nálega NNV-SSA. Hún nær líklega um 5 m lengra til SSA en er hulin þara og grjóti. Hleðslan virðist vera um 1 m á breidd en VSV-brún hennar sést ekki skýrt. Eitt umfar hleðslu stendur upp úr fjörugrjótinu í kring. Bátum hefur verið lent innan eða ANA við hleðsluna.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 195

SM-233:122 *Búlandshöfn ytri* tóftir naust 722930 469303

"Innan við hann [Hádegistanga] er Búlandshöfn ytri [sjá lendingu 121]. Þar var naust og geymdur trillubátur (Stígandi) og árabátur úr Álftafirði [...]," segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Búlandshöfn ytri og Búlandshöfn innri eru tvær afgerandi víkur eða vogar sem ganga inn í ströndina til norðausturs. Á milli þeirra er Miðmundatangi sem skilur á milli þeirra. Leifar af fjórum naustum sjást í Búlandshöfn ytri um 30 m norðaustan við lendingu 121 og 750 m suðvestan við bæinn í Búlandsnesi 001. Tvö naustanna eru sýnilega nokkuð gömul og orðin ógreinileg (C-D). Hin tvö eru talsvert yngri (A-B) og virðast nokkuð ungar minjar.


Naustin eru á grasi grónu og flatlendu svæði ofan og norðan við smágrýtta sandfjöru. Lágir



Naust 122A, horft til norðurs.



Naust 122B, horft til norðurs.



Teikning af naustum 122.



Naust 122B, C, og D, horft til norðausturs.

klettar eru til norðvesturs en mýrlent til norðausturs.

Naustin fjögur eru á svæði sem er 24x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Þau fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu sem hefst vestast á tóft A. Hún er 6x4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er veggur í suðurenda, næst fjörunni. Tóftin er að mestu leyti grafin inn í lágan bakkann en austurveggur er allur hlaðinn og er úr grjóti og torfi. Veggir eru 0,2 m á hæð utanmáls en litlu hærri innanmáls. Fremst/syðst í tóftinni má greina mjóa og grunna rennu í botni tóftar sem er um 2x0,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Tóft B er mjög ungleg en hún er fast ofan og norðan við óljós ummerki um naust C og 7,5 m austan við tóft A. Hún er 9x4 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er hlaðinn veggur í suðurenda, næst fjörunni. Veggir tóftarinnar eru að mestu leyti hlaðnir úr torfi. Þeir eru 0,6 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Í norðurenda tóftar er greinilegt rof í veggnum. Framan við þessa tóft til suðurs eru óljósar leifar af nausti C. Þar er grunn lægð inn í lágan bakka. Hún er um 2x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Lægðin er 0,1-0,2 m á dýpt og sést grjót í henni á stöku stað. Naust D er 3 m austan við naust C og er nánast eins og það en norðurmörk eru ekki greinanleg. Austan við þessi tvö síðasttöldu naust gætu verið leifar af fleiri naustum við fjöruborðið en það er ekki skýrt.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 195

SM-233:123 *Kolþúfa* varða landamerki 721661 469035

“Landamörk við Háls eða Kambshjáleigu: Úr Kolþúfu um Húshraunsmýri, Húshraun [sjá 021], Stigahraun um Merkistein í Votaberg um Háhlíðar í vörðu [022] á Hálsabrún, þaðan í vörðu við Hálsamótalæk; nú heitir hann Kápugilslækur), um Kápugil og eftir vörðum [SM-239:036 og SM-239:037?] um Prófastsgötumel [SM-239:016] í sjó í Eyfreyjunesvík. (Frá vörðu á Hálsabrún í sjó eru landamörk við Teigarhorn.),” segir í örnefnaskrá. Gróin þúst er frammi á ystu nöf á Kolþúfutanga sem er 1,7 km suðvestan við bæinn í Búlandsnesi 001 og 1,1 km suðvestan við Merki 016. Ekki er víst að um manngerða þúst sé að ræða en nafnið Kolþúfa gefur sterklega til kynna að þarna hafi verið manngerð þúfa sem kol hafa verið sett í. Það tíðkaðist um aldir að setja kol og kopar eða eir í þúfur á landamerkjum.

Kolþúfutangi er klappartangi sem gengur í sjó fram til suðvesturs á milli grunnra víkna. Uppi á honum eru gróðurlausar klappir en gróinn mói inn á milli þeirra.

Meint Kolþúfa er gróin þúst sem er tæpur 1 m á kant og 0,3 m á hæð þar sem hún er hæst og slútir fram af bjargbrún. Ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða en þá er Kolþúfan sem nefnd er í örnefnaskrá að líkindum horfin vegna landbrots.



Meint Kolþúfa 123, horft til suðvesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir:Ö-Búlandsnes, 2; Svavar Sigmundsson 2009, 286; Þórður Tómasson 1975, 91


SM-233:124 hleðsla kvíar 722027 469935

Hleðsla er um 200 m suðvestan við býlið Merki 016 á milli tveggja bergganga. Hleðslan myndar lítið aðhald með klettum, mögulega kvíar.

Á svæðinu er þýft mólendi innan um klapparhryggi. Þar er nokkur skógrækt, aðallega vex birki innan hennar en einnig greni. Búið að planta trjám í hleðsluna og fast sunnan við hana.

Berggangarnir stefna NNA-SSV. Austari klettaveggurinn sem afmarkar aðhaldið er 3 m á hæð og nánast lóðréttur. Vestari klettaveggurinn er lægri og í smá halla, sér í lagi í suðurenda. Hleðslan lokar svæðinu að SSV-verðu á milli klettanna og afmarkar aðhaldið á norðvesturhlið þar sem klettaveggurinn er í halla. Hleðslan afmarkar þannig svæði sem er 4x6 m að stærð og snýr NNA-SSV. Op var líklega í SSV-enda aðhaldsins, á milli hleðslu og austari klettaveggjar.





Kvíar 124, horft til NNA á mynd.

Ekki er sýnileg hleðsla í NNA-enda aðhaldsins en þar er lágur kantur þar sem mjóst er á milli klettaveggja. Í heild er aðhaldið 7x2 m að innanmáli. Hleðslur eru að miklu leyti úr grjóti og


mjög signar í SSV-enda og nyrst á vesturhlið hafa þær fallið inn. Hæstar eru þær 0,3 m utanmáls. Þar sjást 2 umför innanmáls. Innan aðhalds er grasi gróið en utan við er mólendi.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 195

SM-233:125 hleðsla rétt 722845 471586



Rétt 125. Ljósmynd: Andrés Skúlason

Hlaðin rétt með leiðigarði er í Brandsleifarhelli (sjá 058) sem er allhátt og breitt nes næst innan við Eyfreyjunes. Réttin er efst á nesinu á milli tveggja hárra og brattra kletta um 290 m austan við býlið Eyfreyjunes 017 og 1,5 km norðan við bæinn í Búlandsnesi 001.
Gróið er í kringum réttina á milli stórra bjarga sem standa víða upp úr sverði. Langur og mjór berggangur er framan og austan við réttina. Talsvert æðarvarp er á svæðinu.



Réttin er um 7x6 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Hlaðnir veggir eru á VNV- og ASA-hliðum en aðrar hliðar eru afmarkaðar af klettum. Op er inn í réttina á ASA-vegg. Í SSA-horni réttarinnar er lítið hólf eða kró sem er 3x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því í norðausturenda, rétt innan og SSV við op inn í réttina. Hleðslur í veggjum standa nokkuð vel en eru einhlaðnar og mjóar, 0,3-0,5 m á breidd. Hæstar eru þær 1,2 m og þar sjást 7 umför. Litlu framan og austan við réttina er hlaðinn leiðigarður frá réttinni að berggangi. Þessi garður er 10,5 m langur og liggur frá norðvestri til suðausturs að berggganginum. Hann er einhlaðinn og eru allstórir steinar í honum neðst en smærri steinar ofan á þeim. Þar sem hann er hæstur er hann 0,6 m og þar sjást 3 greinanleg umför en víða eru hleðslan óvönduð og/eða úr lagi gengin. Mögulega hefur verið op á miðjum garðinum. Áframhald er á hleðslu ofan á berggganginum á 8 m löngum kafla þar sem hún liggur til suðvesturs. Réttin og leiðigarður eru á svæði sem er 22x12 m að stærð og snýr VNV-ASA.
Hættumat: engin hætta

SM-233:126 *Einbúi* þjóðsaga huldufólksbústaður 723900 470106

“Einbúi (álfaklettur) á gönguleið [128] frá Búlandsnesi til Djúpavogs. Þar var talið reimt og ekki laust við beyg í sumum sem fóru þar hjá,” segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Einbúi er stakur klettur norðan við Grjónadý, austan við vegamót Þjóðvegar 1 og Djúpavogsvegar, um 80 m suðvestan við kálgarð 245 og 350 m vestan við Borgargarð SM-234:001.

Kletturinn er á mörkum mýrlendis og klettaholta.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur. 400 ár við voginn, 196

SM-233:136 heimild um leið 722989 470089



Göngustígur í Hálsaskógi á svipuðum stað og leið 136 lá, horft til norðurs.

Samkvæmt túnakorti Búlandsness frá 1919 lá heimreið að bæjarhóli 001 frá norðurmörkum túns í gegnum túngarð 139 og austanmegin framhjá útihúsi 009.

Leiðin lá um svæði sem er núna innan skógræktargirðingar og hefur mikið af trjám verið gróðursett á því svæði.

Ekkert sér lengur til leiðarinnar en göngustígur sem liggur í gegnum þéttan trjágróður frá bæjarhólnum og að klósettaðstöðu sem komið hefur verið fyrir í tóft útihúss 009 er mögulega á svipuðum slóðum og eldri gatan.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Túnakort 1919

SM-233:137 gata leið 723220 470042

Samkvæmt túnakorti Búlandsness frá 1919 lá heimreið að bæjarhóli 001 frá austurmörkum túns meðfram kálgarði 138.

Leiðin hefur legið um heimatúnið og um móann utan við túnið. Túnið hefur verið sléttað auk þess sem það er innan skógræktargirðingar. Ekki hefur þó mikið verið gróðursett af trjám á því svæði sem leiðin liggur um.

Ekki sést til leiðarinnar innan túnsins sem hefur verið sléttað en utan túns um 150m



Ruddur vegur þar sem leið 137 lá, horft til austurs.

austan við bæjarhól Búlandsness sjást ummerki rudds vegar á tæplega 80m löngum kafla. Hann er um 2,5m á breidd og um 20-30cm á dýpt.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919

SM-233:138 heimild um kálgarð 723094 470043
"Matjurtargarður nýgerður 109 m2," segir í Fasteignamati 1916-1918. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður, við leið 137, um 50 m austan við bæjarhól 001 og um 70m suð-suðvestan við útihús 011.
Kálgarðurinn hefur verið sléttaður undir tún sem í er komin nokkur órækt en túnið er innan skógræktargirðingar.
Ekkert sér til minja um kálgarðinn.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919; Fasteignamat 1916-1918 SM I, 393

SM-233:139 garðlag túngarður 723097 470124


Túngarður 139, horft til norðurs.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá túngarður meðfram norðurmörkum heimatúnsins og fundust þrjú garðlagsbrot sem ætla má að hafi tilheyrt túngarðinum. Hér verða þau aðgreind með bókstöfum frá A-C. Syðst er garðlag A, ríflega 38m langt og er það rúmlega 140m vestan við bæjarhólinn 001. Garðlag B byrjar fast norðaustan við útihús 009 og liggur ríflega 50m beint til norðausturs og endar um 75m norðan við bæjarhól 001. Garðlag C er tæplega 60m langt og um 100m norðaustan við bæjarhól 001 og sambyggt útihúsi 011. Þá er sennilega yngri túngarður 139D um 160m austan við bæjarhólinn 001. Liggur hann samsíða vegi að bílastæði sem ætlað er gestum skóræktarinnar á Búlandsnesi en heimatúnið og næsta umhverfi þess hefur verið girt af og er í umsjá Skógræktarfélags Djúpavogs.
Túngarðurinn er innan skóræktargirðingar og er stærstur hluti hans á mörkum mólendis og sléttaðs túns sem komið er í órækt.
Túngarðurinn sést á svæði sem er um 220x55m að stærð. Garðlag A er um tæplega 40m á lengd liggur frá suðri til norðurs. Það er svo til eingöngu grjóthlaðið syðst en virðist svo beygja til norðvesturs undir sléttað túnið og hverfur þar. Garðlög B og C eru grjót og torfhlaðin. Af þessum túngarðsleifum má draga þá ályktun að túngarðurinn hafi meira og minna verið mikið til grjóthlaðinn og jafnvel mikið notast við náttúrulegar aðstæður sem hefur sparað hleðsluvinnu.

Þessar túngarðsleifar eru að jafnaði 80-100cm háar og um 1,2m breiðar. Mikið af trjám hefur verið gróðursett í og við garðlag B. Garðlag D er að öllum líkindum yngri gerð túngarðs. Það er 1,5-2m á breidd og 1-1,2m á hæð utan túns en 60-80cm innan túns. Það er á kafi í grasi og sér ekki í hleðslugrjót.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919

SM-233:140 renna áveita 723071 470121




Áveituskurður 140, horft til norðurs.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá skurður þvert í gegnum heimatúnið, frá norðausturhlið til suðvesturhorns. Efst og norðaustast ofan við túnið eru þrjár litlar tjarnir sem liggja frá vestri til austurs. Austasta tjörnin og miðtjörnin eru svo til þurrar en sú sem er vestast er vatnsmikil. Frá þessum þremur tjörnum liggja þrír skurðir innan túns og sameinast þeir fljótlega í einn skurð. Einn skurður til viðbótar sem hefur stefnuna norðvestur og suðaustur og er um 35m norðan við bæjarhólinn 001 kemur frá norðurmörkum túnsins og tengist fyrstnefnda skurðinum.
Skurðirnir eru innan skógræktargirðingar og liggja um skógarþykkni og sléttuð tún. Landið hallar til suðvesturs.
Skurðirnir eru á svæði sem er 215x35m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Þeir eru 40-100cm á breidd og sennilega 50-80cm á dýpt. Bakkar eru mikið til yfirgrónir og skurðirnir orðnir nokkuð hlykkjóttir. Vatn rennur um skurðina. Við miðskurðinn efst í norðausturhorninu vottar fyrir grjóthleðslu sem er um 2 umför og um 30cm á hæð.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919;

SM-233:143 *Lúsalagnarhólmi* örnefni lögn 725787 468281
"Suður af Presti er Lúsalagnarhólmi, Langhólmasund og Langhólmi [...]," segir í örnefnaskrá. Lúsalagnarhólmi er gróðurlaus klettur sem er kominn á þurrt og umlukinn svörtum sandi. Sandurinn hefur fokið í skafla í kringum hólmann og bindur melur þá að nokkru. Hólminn eða kletturinn er um 100 m ANA við flugvallarbraut og 3,3 km suðaustan við bæ Búlandsness 001. Nafnið Lúslagnarhólmi bendir til þess að lögn hafi verið við hólmann. Engin mannvirki eru sýnileg á eða við hólmann og nákvæm staðsetning meintra minja eða gerð þeirra ekki þekkt.
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 5

SM-233:144 *Móbakki* náma mógrafir 722800 471369
“Innan við Skollagrímskletta er Móbakki, Skútakambur og Langikambur,” segir í örnefnaskrá. Mógrafir sjást á tveimur stöðum í mýrarsundi vestan við Skollagrímskletta, um 300 m suðaustan við býlið Eyfreyjunes 017 og 1,3 km norðan við bæinn í Búlandsnesi 001.


Mógrafasvæði 144A, horft til NNV.


Mógrafasvæði 144B, horft til NNV.

Grónar jarðvegstorfur eru ofarlega í sundinu og neðarlega (þar sem mógrafir eru) en blaut mýri inn á milli þeirra. Mosagrónir klettar eru beggja vegna við sundið.
Nyrst í sundinu er allstórt mógrafasvæði A sem er 90x40 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mógrafasvæðið er skýrt afmarkað að norðaustanverðu. Hæst er upp á brúnir þess um miðbik svæðisins eða 1,3 m. Mógrafirnar eru grónar en mýrarlækur rennur um það. Ofarlega og sunnarlega í sundinu er mógrafasvæði B sem er minna og ekki eins greinilegt. Þar sjást ummerki um móskurð meðfram þurrlendum bakka ofan við mýrlendi á svæði sem er um 35x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hæst er um 1,5 m upp á mógrafarbakka þar sem hallar undan þeim til norðurs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 5


SM-233:151 *Stóraroti* heimild um huldufólksbústað 724826 469706
“Austur af í átt að Djúpavogi er Stekkablá [sjá 041] sem ræst var fram og tekin undir félagsræktun þorpsbúa í kreppunni miklu á fjórða tug 20. aldar. Hurfu við það botnlaus dý í Stóraroti og Litlaroti, það fyrrnefnda álfkonubústaður,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands.
“Þeir stofnuðu saman [R]æktunarfélag Djúpavogs, Ingólfur og pabbi, í því skyni að ræsa fram Sólhólsblána og rækta þar tún [...]. [Þ]etta framlag hefði gert þá meðseka um aðför að álfkonubústaðnum í Stóraroti. Þó var bláin ræst fram á einu sumri og þurrkuð, þar á meðal botnlausu dýin bæði, sem hétu Stórarot og Litlarot [...] Í Stóraroti bjó álfkonan sem fyrr getur. Anthonía í Hlíðarhúsum sá hana oftar en einu sinni breiða þvott til þerris á Hlíðarhúsaklappirnar,

sem henni var ekki vanþörf, eins og aðstæður voru til að þurrka lín á hennar bæ. [...]. Við skautuðum að vísu á Stóraroti, sem ekki voru nein viðurlög við samkvæmt þjóðtrúnni [...]. „Það varð nú hvorugur þeirra langlífur sem mestu réðu um framræslu huldakonubústaðarins í Sólhólsblánni," heyrði ég þær segja seinna kerlingarnar," segir í bókinni Að breyta fjalli eftir Stefán Jónsson. Stórarot og Litlarot eru merkt inn á Örnefnakort fyrir Búlandsnes og nágrenni NNA við Þórarinshraun, um 450 m norðvestan við Fýluvog og 1,8 km austan við Búlandsnesbæinn 001.
Búið er að ræsa fram þetta mýrlendi sem heitir Stórarot og Litlarot og er þar grasi gróið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:ÁFÍ 2002, 95; Stefán Jónsson, 231-232; Örnefnakort-Búlandsnes

SM-233:152 tóft hjallur 726666 468217
"Milli Lynghólma og Úlfseyjar er Kríuhólmi og sunnar Úlfseyjarhólmi og innar Úlfseyjarstapi. Úlfsey var verstöð; þar var góð Höfn [414] og tuttugu skipa uppsátur [416] og tekin 4 mk. undir hvert (fasteignamat frá 1804); þar eru margar hjallatættur [152, 398, 410 og 413]," segir í örnefnaskrá. "Út af Grunnasundsey er stærsta eyjan Úlfsey, þar sem fyrrum var verstöð [sjá 030 og 402] og talsverð umsvif og sjást þar tættur af hjöllum," segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Tóft af hjalli er rúma 4km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 30m austan við hjall



Hjallur 152, horft til norðvesturs.




Teikning af hjalli 152 og öðrum hjöllum þar í grennd.

410 og um 26m norðaustan við hjall 413.
Hjallstóftin er á ógrónu klettaholti á landfastri eyju.
Tóftin er einföld, 6x5m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er eingöngu grjóthlaðin og eru hleðslurnar mjög signar, bara 1-2 umför. Hleðslurnar eru um 30-50cm á hæð og er grjótið í þeim mjög misjafnt að stærð. Ekkert sýnilegt op er á tóftinni.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:ÁFÍ 2002, 96

SM-233:153 tóft óþekkt 726850 468581



Teiking af tóft 153



Tóft 153, horft til VNV

Afar ógreinileg tóft er við suðvestanverða Höfn (sjá 414) í Úlfsey, í brekku austan undir lágum klettum. Úlfsey var áður umflotin sjó en er orðin landföst. Suðaustan við tóftina er skarð á milli kletta sem tóftin er undir og kletta þar ASA við.
Tóftin er í halla til austurs og vex gras og krækiberjalyng í kringum hana.
Meint tóft er um5x2,5 m að utanmáli og 2x1 m að innanmáli, snýr NNA-SSV. VNV-hlið hennar er grafin inn í brekkuna. Hlaðnir veggir eru mjög óverulegir og útflattir. Mögulegt op er á tóftinni í SSV-enda. Ekki útilokað að það hafi myndast við rof. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en helst kemur til greina að hún tengist sjósókn frá Höfn.
Hættumat: engin hætta

SM-233:154 heimild um uppsátur 727564 468540
Fram kemur í ritinu Íslenskir sjávarhættir að í Hvaley hafi verið uppsátur fyrir 20 báta árið 1804. Hvaley er ein fjölmargra eyja úti fyrir Búlandsnesi sem ekki er lengur umflotin. Mikill sandur hefur safnast í sund á milli eyjanna og er hægt að komast út í þær landleiðina. Ekki er vitað hvar á Hvaley þessi uppsátur hafa verið enda hafa aðstæður og landslag breyst gríðarlega mikið. Líklegur staður er við sandfylltan vog norðan við beitarhús 404 og 4,7 km ASA við bæ í Búlandsnesi 001.
Vogurinn hefur gengið inn í eyna sunnanverða. Þar er lítil tjörn og grasi gróið í kringum hana. Gengið var í kringum tjörnina en engin ummerki um uppsátur var hægt að greina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Íslenskir sjávarhættir II, 78

SM-233:155 *Krosshóll* hleðsla refagildra 725913 469052
“Austur af brautinni heitir Hörganes með Krosshól og utan undir honum er Brandsvogur, nafnið

vísar á Þangbrand prest sem hugsanlega hefur tyllt krossi á hólinn,» segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Krosshóll er hæsti hóllinn á Hörgsnesi. Frá honum sést allvítt um - í Þangbrandsvog, að Þingbrekku 029 og út í eyjar og Fýluvog. Hóllinn er 3,1 km suðaustan við bæinn í Búlandsnesi 001 og norðarlega á honum er refagildra, önnur tveggja sem nefnd er á Hörgsnesi í bók Ingimars Sveinssonar, Siglt og róið. Hún virðist hlaðin upp úr stærra og talsvert eldra mannvirki sem kann að tengjast nafni hólsins. Kross-örnefni má finna víða um land. Þau geta haft mismunandi merkingu, m.a. trúarlega, en einnig geta þau táknað einhvers konar merki, t.d. landamerki. Ekki er ljóst hvaða merkingu örnefnið Krosshóll á Búlandsnesi hefur. Í tilvísun hér að framan er örnefnið tengt við Brandsvog, eða Þangbrandsvog sem sagður er nefndur eftir Þangbrandi trúboðspresti en hann var sendur til Íslands af Ólafi Noregeskonungi seint á 10. öld.
Hóllinn er mosagróinn og í kringum hann eru fleiri hólar og klappir en gróin sund á milli þeirra, sum hver deiglend.
Þar sem hóllinn er hæstur er stór hundaþúfa (punktur B). Suðaustan undir henni er grjótrúst sem virðist náttúruleg. Ekki sést grjót úr hleðslum í hundaþúfunni sem er vel gróin en þó er ekki útilokað að hún hafi myndast ofan á vörðu eða annars konar hleðslu. Um 40 m norðar á hólnum er grjótþúst sem refagildra er hlaðin upp úr (punktur A). Hún er um 2 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Hún er mosagróin fyrir utan grjótið sem er í gildrunni en allt grjót sem stendur upp úr mosanum er skófum vaxið. Gildran er norðvestan í þústinni og er um 0,6 m á kant. Hún er um 0,3 m á hæð og sjá má tvö umför í henni í suðausturjaðri. Op er inn í hana á miðri norðvesturhlið. Talsvert




Hundaþúfa 155B þar sem Krosshóll er hæstur, horft til suðausturs.



Refagildra 155A virðist hlaðin upp úr mun eldra mannvirki, mögulega í tengslum við Krosshóls-örnefnið. Horft til suðausturs á mynd.

laust grjót er til hliðar við og framan við gildruna. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki er undir gildrunni en það gæti tengst nafni hólsins. Þarna kann að hafa verið stór varða sem hefur verið hrunin til grunna en einnig kemur til greina að um sé að ræða grjóthlaðnar undirstöður fyrir trékross. Landslagið í suðausturenda Búlandsnessins og í kringum eyjarnar suðaustur af því hefur gjörbreyst og eru margir vogar orðnir fullir af sandi og flestar eyjar orðnar landfastar. Mögulega hefur verið lending í Þangbrandsvogi sem gengur inn í Hörganesið litlu norðaustan



Teikning af refagildru 155A.

við Krosshól. Hafi verið kross á hólnum má ætla að það hafi verið vegkross en algengt var í kaþólskum sið að setja slíka krossa við hættulegar leiðir þar sem fólk gat beðið til Guðs um vernd á leið sinni (sjá Naddakross NM-209:003 í Njarðvíkurskriðum milli Njarðvíkur og Borgarfjarðar eystra - skýrsla FS722-18391).

Hættumat: engin hætta

Heimildir:ÁFÍ 2002, 101; Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 75; Kristborg Þórsdóttir, FS722-18391

SM-233:166 heimild um óþekkt

"Einnig var grjóthaugur þar [í Úlfsey] nálægt fjöru að norðvestan, nú sandorpinn," segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Ekki fengust upplýsingar um nákvæma staðsetningu þessa grjóthaugs og fannst hann ekki við leit á vettvangi. Mögulega er hann horfinn í sand eða yfirgróinn.


Heimildir:ÁFÍ 2002, 96

SM-233:167 gerði kálgarður 723120 470194

Kálgarður er rúmlega 165m norð-norðaustan við bæjarhól 001, rúmlega 90m vestan við Gunnukofa 051 og um 85m norðan við útihús 011.

Kálgarðurinn er í brekku undir lágu klettabelti sem liggur frá norðaustri til suðvesturs.

Kálgarðurinn er 15x8m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hann er niðurgrafinn í brekkuna sem hann er í og er gerðið umhverfis hann nokkuð uppmjótt og sennilega orpið frekar en hlaðið úr torfi. Innrabyrði þess er 10-120cm að hæð, hæst í norðurhorninu, en ytrabyrði 10-40cm á hæð, einnig hæst í norðurhorninu. Breidd gerðisins er tæplega 1m, nema norðausturgaflinn, sem er varla meira en 20-40cm á breidd. Op er á gerðinu í suðausturhorni hans. Fjögur grenitré hafa




Teikning af Kálgarði 167


Kálgarður 167, horft til austurs

verið gróðursett í norðurenda garðsins.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

SM-233:168 gerði kálgarður 723657 470338



Teikning af kálgarði 168 og minjum þar í kring.


Á úrvinnslustigi sáust ummerki um kálgarð í Hermannastekkum 117 suðvestan Rakkabergs 115, um 650m norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 35m vestan við kálgarð 368 og rúma 100m norðaustan við kirkjugarð Djúpavogs. Þessi kálgarður ásamt nálægum kálgörðum (366, 368, 370, 372, 374 og 376) tilheyra að öllum líkindum matjurtarækt þorpsbúa á Djúpavogi. Kálgarðurinn er á mörkum klettarana og sléttaðs túns.
Kálgarðurinn er tvískiptur, 66x17m að stærð og snýr vestur austur. Hugsanlega hefur hluti af honum verið sléttaður undir tún en ekki er hægt að gefa upp nánari lýsingar á honum þar sem hann var eingöngu skráður af loftmynd.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SM-233:172 heimild
"Vatnsleiðsla í bæ, þvottahús og fjós," segir í Fasteignamati 1916-1918. Staðsetnig vatnsleiðslu er ekki þekkt og því var ekki hægt að staðsetja hana, ennfremur er ekki vitað hvar nákvæmlega fjósið (hugsanlega 005) og þvottahúsið munu hafa staðið.
Heimildir: Fasteignamat 1916-1918 SM I, 393;

SM-233:173 hleðsla refagildra 723131 471463

Andrés Skúlason, heimildamaður, benti skráningarmönnum á refagildru, svokallaða krókgildru við Fagrahól austan við Brandsleifarhelli (sjá 058). Hún er 570 m austan við býlið Eyfreyjunes 017 og 1,4 km norðan við bæinn á Búlandsnesi 001. Ingimar Sveinsson greinir frá því hvernig krókgildrur virkuðu í bók sinni Siglt og róið: "Þær voru þannig gerðar að hlaðin voru göng úr grjóti, ekki víðari en svo að karlmaður gat rétt smeygt handlegg inn í þau. Göngin voru höfð um þriggja metra löng og höfð í þeim vinkilbeygja. Var um einn metri innan við beygjuna en tveir metrar framan við. Yfir göngin voru síðan lagðir þungir hellusteinar. Innst í göngin var látið æti og tróð tófan sér inn í göngin til að ná ætinu en gat ekki bakkað aftur út fyrir vinkilbeygjuna því skottið þvældist alltaf fyrir.»

Gildran er á stalli sunnan í Fagurhóli, á mörkum graslendis og klappa sem vaxnar eru mosa og lyngi.





Refagildra 173, horft til norðurs á mynd.

Gildran er hlaðin í L og er jafnarma; 1,3x1,3 m að stærð. Hleðslan er um 0,4 m á breidd en lítillega breiðari við op í norðvesturenda. Í hleðslunni eru fremur smáir steinar og er hún aðeins 0,2 m á hæð. Krókgildra virkaði þannig að innst í henni var komið fyrir agni. Stokkurinn í gildrunni var hafður mjór og þegar dýrin voru komin inn í enda gátu þau ekki snúið sér við til að komast út úr henni aftur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 75


SM-233:177 heimild um refagildru

"Auk gildranna við Gildruhraun [sjá Gildruklett 049 og SM-239:065] virðast hafa verið [...] tvær á Ytri-

Hálsum (önnur [178] hefur verið eyðilögð rifin upp og byggð úr henni varða, segir í bókinni Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. Ytri-Hálsar eru talsvert stórt svæði upp og norður af túni Búlandsness sem einkennist af lítt grónum grjóthryggjum og grónum sundum milli þeirra. Stór hluti þess var genginn en ekki fannst önnur gildra en sú sem skráð er á Gildruhrygg, sjá 053.

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 75

SM-233:178 hleðsla refagildra 722349 470637



Refagildra 178, horft til NNA.

Lítil grjóthleðsla er uppi á háum klettum austarlega á Innri-Hálsum, litlu vestan við Hálsamót. Hún er um 870 m vestan við gildru/vörðu 053 á Gildruhrygg og 880 m norðvestan við bæinn á Búlandsnesi 001. Líklega er hleðslan leifar af refagildru.

Bratt er fram af klettunum sem gildran er á. Innri-Hálsar eru vaxnir lyngi og mosa. Blaut mýrasund eru inn á milli þeirra.

Hleðslan samanstendur af fjórum steinum í stærra lagi og er hún 0,6 m á kant og 0,2-0,3 m á hæð. Inn á milli þessara steina eru smærri steinar, allir skófum vaxnir.

Hættumat: engin hætta

SM-233:179 *Gildruhraun* hleðsla refagildra 724229 470936



Meint refagildra 179 á Gildruhrauni, horft til austurs.

"Tvö Gildruhraun vitum við um í nánd við Djúpavog. Annað er inn og upp af Æðarsteinsvita [412], hitt á Teigum rétt innan við spennuvirki Rarik [sjá SM-239:065]," segir í bókinni Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. Meint refagildra er í Norðurlandi (norðvestan Djúpavogs) á löngum og mjóum berggangi sem rís lágt og liggur norður-suður. Gildran er 280 m SSV við Gildruklett 049 í Gildruhrauni og 1,5 km norðaustan við bæjarstæði Búlandsness 001.

Beggja vegna við berggganginn sem gildran er á eru deiglend og grösug mýrarsund á fremur flatlendu svæði.

Gildran er um 1,5x0,7 m að stærð, snýr austur-vestur. Grjótið í henni er allt úr lagi gengið og hvergi sést steinn yfir steini.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 75

SM-233:180 hleðsla refagildra 725820 469231

“Tvær gildrur voru í Hörganesinu [...] [sjá einnig 155],” segir í bókinni Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. Grjóthlaðin felligildra er á holti 110 m suðvestan við meinta gildru 399, sem einnig er á Hörganesi, og 200 m norðvestan við gildru 155 á Krosshóli. Hörganes er suðaustast á Búlandsnesinu, um 3 km ASA við bæinn Búlandsnes 001.

Holtið sem gildran er á er flatlent og mosagróið. Á Hörganesinu eru mörg lítil holt og grjóthólar með grónum sundum inn á milli.



Teikning af minjastað 180

Gildran er mögulega hlaðin upp úr eldra mannvirki en grjót er á svæði sem er um 2,2x2,2 m að stærð. Í suðvesturhluta þess er hlaðin gildra sem er um 2 m á lengd og 0,6 m á breidd, snýr norðvestur-suðaustur. Gildran er gerð á þann hátt að hlaðnar hafa verið tvær samsíða raðir af grjóti og hellur eða ílangir steinar sem ná á milli raðanna lagðar þar ofan á. Op er í suðausturenda gildrunnar sem er 0,1-0,2 m á hæð. Frammi á brún holtsins, um 4 m suðvestan við gildruna, er stór hundaþúfa og í henni er laust grjót á svæði sem er 2x1 m að stærð og snýr ANA-VSV (sjá punkt B). Grjótið sést standa upp úr sverði í ANA hluta. Líklegt er að þarna séu leifar af vörðu



Refagildra 180A, horft til norðvesturs. *Þúst 180B, horft til VSV.*

eða öðru hlöðnu mannvirki en annarsstaðar á holtinu er lítið af lausu grjóti. Ekki er þó hægt að útiloka að um náttúrumyndun sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 75

SM-233:181 heimild um refagildru

“Tvær gildrur [155 og 180] voru í Hörganesinu, ein í Hundavogslágum,” segir í bókinni Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. Þrátt fyrir ítarlega leit í Hundavogslágum sem eru um 1,6km sunnan við bæjarhól 001 Búlandsness og um 600m vestan við Borgargarðsvatn fannst engin refagildra þar. Ekki var hægt að staðsetja gildruna með innan við 50m skekkju. Mögulega er komið það mikið ólag á hleðsluna að hún verður ekki greind frá öðru lausu grjóti.

Hundavogslágarnar eru tvær, Innri og Ytri-Hundavogslágar. Þetta eru grösugar lágar sem liggja frá norðaustri til suðvestur niður að sjó. Þær afmarkast af klettarönum sem hafa sömu stefnu og lágarnar.

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 75

SM-233:182 heimild um refagildru

“Þá voru gildrur báðu megin við Jakobsvoginn [...] [sjá einnig 183],” segir í bókinni Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. Jakobsvogur liggur inn til landsins frá suðri og er um 2km suð-suðaustan við bæjarhól Búlandsness og rúma 300m beint suður af Borgargarðsvatni. Leitað var að gildru austan megin við Jakobsvog en ekki var hægt að finna sannfærandi hleðslu af gildru. Á þessu svæði mátti þó sjá nokkrar hleðslur sem greinilega hafa verið ætlaðar fyrir æðarvarp og má vera að grjótið úr gildrunni hafi verið endurnýtt í þeim framkvæmdum.

Ætla má að gildran hafi verið á lágum og ávölum klettarana út við sjó.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 75

SM-233:183 heimild um refagildru

“Þá voru gildrur báðu megin við Jakobsvoginn [...] [sjá einnig 182],” segir í bókinni Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. Jakobsvogur liggur inn til landsins frá suðri og er um 2km suð-suðaustan við bæjarhól Búlandsness og rúma 300m beint suður af Borgargarðsvatni. Leitað var að gildru vestan megin við Jakobsvog en ekki reyndist unnt að finna sannfærandi hleðslu af gildru á svæðinu.

Upp af Jakobsvoginum er gróið mólendi sem einkennist af lágum klettaholtum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 75

SM-233:184 heimild um refagildru 724193 469189

“Þá voru gildrur báðu megin við Jakobsvoginn [sjá 182 og 183] og ein á hrauninu utan við Borgargarðsvatn,” segir í bókinni Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. Refagildran var um 1,3 km suðaustan við Búlandsnæsbæ 001 og rúmum 300 m norðvestan við Kallagarð 040.

Gildran var á mosagrónum hraunkletti þar sem sést vítt um

Engin ummerki um refagildru sjást á yfirborði á þessum slóðum. Líklega hefur hún hrunið eftir

að hætt var að nota hana og er ekki hægt að greina hana lengur frá öðru grjóti á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 75

SM-233:195 þúst skemma 725368 469241



Mótóft eða heystæði 195, horft til suðvesturs.

Lítil ferköntuð þúst er á hrygg milli Fýluvogs og Breiðavogs. Vegur að flugvelli liggur eftir þessum hrygg og eins er eldri malarvegur á honum. Á sama hrygg en norðaustar eru tóftir 289 og 340. Talsvert mógrafasvæði 259 er norðvestan við þessar minjar, við Fýluvog. Hryggurinn sem tóftin er á er fremur lágur og er vaxinn mosa og grasi.
Þústin er 2x1,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hún gróin og er 0,2-0,3 m á hæð. Hlutverk hennar er ekki þekkt en helst kemur til greina að hér hafi verið mótóft eða lítið heystæði.
Hættumat: engin hætta

SM-233:203 varða landamerki 721735 469750




Landamerkjavarða 203, horft til suðvesturs.

Varða er uppi á Húshrauni (sjá 021) út við merki á milli Búlandsness og Hálsþorps. Hún er fast ASA við heimreið að Hlauphólum og 35 m suðvestan við Ásmundarhús 021.
Varðan stendur á flatri klöpp sem er gróin mosa og lyngi. Í næsta nágrenni eru klappir og holt og á milli þeirra þýfðar mýrar.
Varðan er 1 m í þvermál að grunnfleti, nokkuð vandlega hlaðin en yngri viðbætur eru efst í henni. Hún er 1,1 m á hæð og í henni sjást 5-6 umför. Tvær litlar grjóthrúgur eru í nánd. Ekki er víst hvaða hlutverki varðan gegndi en hún er á eða nærri merkjum milli Búlandsness og Hálsþorps og því sennilegt að hún sé landamerkjavarða.
Hættumat: engin hætta

SM-233:213 heimild um kálgarð 725386 469488

Gerði, líklega ungur kálgarður, sést á gamalli loftmynd rúmum 2,6 m austan við Búlandsnesbæ 001 og tæpum 280 m norðvestan við tóft 387. Kálgarðurinn var norðaustan við Fýluvog og skammt austan við þéttbýli Djúpavogs. Búið er að byggja litla skemmu þar sem garðurinn var og engin ummerki sjást um hann á þessum slóðum.



Gömul loftmynd sem sýnir kálgarð 213. ©LMÍ (Li2-5246).

Rétt austan við hraunklett er búið að reisa skemmu. Við hana er óræktaður blettur, þar var gerðið. Mikill lúpínugróður er í klettunum norðan við skemmuna og kálgarðinn en til suðurs er deiglendur og gróinn klapparmói.

Engin ummerki um gerði sjást á yfirborði og hefur því líklega verið raskað við byggingu hússins. Svæðið hefur tekið róttækum breytingum síðastliðin ár, m.a. vegna framkvæmda við skemmuna og hefur það ljóslega skemmt minjastaðinn. Kálgarðurinn var líklega hlaðinn í tengslum við matjurtarækt Djúpavogsbúa á fyrri hlutar 20. aldar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Loftmynd LMÍ (Li2-5246)


SM-233:225 náma mógrafir 725142 469423

Stórt mógrafasvæði með nokkrum fjölda tófta er við norðvestanverðan Fýluvog, um 880 m sunnan við Löngubúð 109 og 2,1 km suðaustan við bæinn á Búlandsnesi 001.

Minjarnar eru í nokkuð flatlendri og grösugri mýri sem er í lítilsháttar halla til suðausturs að Fýluvogi.

Minjarnar eru á svæði sem er 315x215 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Auk mógrafa eru fimm torfhlaðnar tóftir á svæðinu og fá minjarnar bókstafi til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir. Ætla má að tóftirnar hafi gegnt hlutverki móstæða en einnig getur verið að einhverjar þeirra hafi verið heystæði. Innan svæðisins er einnig gerði 369 sem virðist ótengt mógröfunum og er því skráð á sérstakt númer. Mógrafirnar A eru á nokkuð samfelldu svæði sem er jafnstórt minjasvæðinu. Það er meðfram Fýluvogi en stærstur hluti þess er í mýrlendi norðvestan við voginn sem nær að Þórarinshraunum. Mógrafirnar eru grónar og hvergi stendur vatn í þeim. Mörk þeirra eru nokkuð greinileg og eru þær 0,5-1 m á dýpt. Fleiri stakar grafir eru ofan og norðan við samfellda mógrafasvæðið. Tóft B er norðaustast á mógrafarsvæðinu, um 20 m upp frá vatnsborði í Fýluvogi. Hún er um 5x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er 0,3 m á hæð, gróin og þýfð. Ekki sést móta fyrir innanmáli eða opi. Tóft C er rétt utan og austan við mógrafir A og 75 m vestan við tóft B. Þessi tóft er fast norðaustan við gerði 369. Tóftin er 5x5 m að stærð og 0,3-

0,4 m á hæð. Innanmál hennar er illgreinanlegt og ekki sést op á henni. Veggjahleðslur eru signar og gengnar í þúfur. Einn stakur jarðlægur steinn er austan við tóftina. Tóft D er 170 m suðvestan við tóft B. Hún er lítil og ferhyrnd, um 4x4 m að stærð. Innanmál hennar er nánast ógreinanlegt og ekki sést op á henni. Veggir eru torfhlaðnir og óverulegir, 0,2-0,3 m á hæð. Tóft E er fast norðan við tóft D. Hún er 5x3 m að stærð og snýr VNV-ASA.



Yfirlitskort sem sýnir minjar 225 og staðsetningu annarra minja í Fýluvogi.



Tóft 0225D, horft til austurs.



Tóft 225F, horft til suðurs.

Innanmál hennar er illgreinanlegt og ekkert op sést. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,5 m á hæð. Að lokum er tóft F 25 m NNV við tóft E. Hún er um 4 m í þvermál, lítillega kúpt að ofan. Hvorki sést innanmál í henni né op. Hún er 0,5 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SM-233:253 tóft fjárhús 725181 469465


Tvær torfhlaðna tóftir eru í mýrlendi fast NNV við mógrafir 225 í Fýluvogi og 2,2 km suðaustan við bæinn í Búlandsnesi 001.

Mýrlendið norðan við Fýluvog er flatlent, þýft og grösugt.

Tóftirnar eru á svæði sem er 13x8 m að stærð og snýr ANA-VSV. Tóft A er í ANA-enda svæðisins og er hún tvískipt fjárhústóft. Hún er 6x8 m að stærð og snýr NNV-SSA. Í SSA- enda tóftar er lítið hólf I sem er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Óljóst op er inn í það í VSV-



Fjárhústóft 253A, horft til NNA.



Teikning af tóftum 253.

horni. Í NNV-enda tóftar er hólf II sem er 4x2 að innanmáli og liggur þvert á hólf I. Ekki sést op inn í það eða á milli hólfa. Hvergi sést grjót í veggjum sem eru um 0,5 m á hæð. Helst kemur til greina að tóftin sé af litlum fjárhúsum en ekki er vitað hvaða býli eða bústað þau tilheyrðu. Tóft B er fast VSV við tóft A. Hún er um 6x4 m að stærð og snýr ANA-VSV. Mjög óljóst innanmál er í tóftinni og ekki sést op. Veggjahleðslur eru útflattar í báðum endum tóftarinnar en hæstar eru þær um 0,5 m. Þarna kann að hafa verið heystæði eða annar minni fjárhúskofi.

Hættumat: engin hætta

SM-233:259 náma mógrafir 725323 469376

Stórt mógrafasvæði er meðfram austanverðum Fýluvogi, neðan og vestan við veg að flugvelli. Vegurinn liggur að hluta eftir lágum hrygg sem tóftir 195, 289 og 340 eru á.

Mógrafirnar eru á fatlendu svæði sem er grasgefið en mýrlent.

Mógrafasvæðið er 150x45 m að stærð og snýr NNA-SSV. Mógrafirnar eru samansignar og grunnar. Mörk þeirra eru ekki mjög greinileg en þó helst í SSV-enda. Þar sem þær eru dýpstar eru þær 0,5 m djúpar. Mógrafirnar eru grónar og ekki stendur vatn í þeim.

Hættumat: engin hætta



Mógrafir 259, horft til suðvesturs

SM-233:273 garðlag óþekkt 726054 470293




Garðlag 273, horft til austurs (vinstri), og til NNA (hægri).

Grjóthlaðið garðlag er austan við Bóndavörðuvatn um 30 m norðan við beitarhús 274 og 3 km austan við bæinn í Búlandsnesi 001. Hlutverk þess er ekki þekkt en líkegt er að það hafi gegnt hlutverki vörslugarðs og sé frá sama eða svipuðum tíma og beitarhús 274.
Garðlagið liggur alveg fram að sjávarbrúninni á frekar grýttu svæði. Smávegis gróðurþekja er þó sunnan og vestan við hann.
Garðurinn er 12,5 langur, liggur úr vestri til austurs þar sem hann endar á klettabrún. Garðurinn er grjóthlaðinn, um 1 m á hæð og breidd og sjást í honum 3-5 umför hleðslu. Nokkurt hrun er í vesturenda þar sem garðurinn er lægstur.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

SM-233:274 tóft beitarhús 726042 470256
Í bók Ingimars Sveinssonar, Djúpivogur, segir: “Grjóteyrarmöl milli vatnsins og sjávar. Jónssel [389], grasgefin brekka við Grjóteyrarvatn. Skammt þaðan, við sjóinn, voru fjárhús frá Búlandsnesi.” Grjóthlaðin og fremur ungleg beitarhústóft er 30 m sunnan við garðlag 273 og 3



Beitarhús 274, horft til austurs.



Uppmæling á beitarhúsum 274.

m austan við bæinn í Búlandsnesi 001.

Beitarhúsin eru byggð suðaustan undir lágum klettum niður við grýtta fjöru. Grasi vaxið svæði er suðvestan við tóftina en grjót og rof vegna landbrots austan og norðan við hana.

Tóftin er 20x15 m að stærð og snýr hún norðvestur-suðaustur. Hún er að mestu hlaðin úr grjóti. Veggir eru 0,5-1,8 m á hæð. Þar sem veggir eru hæstir má greina 8 umför í innri brún. Klettar mynda að mestu leyti norðvesturvegg tóftarinnar en á miðri þeirri hlið eru einnig lítilsháttar hleðslur. Tóftin er illa farin vegna landbrots og er austurhorn hennar að hluta horfið af þeim sökum og að hluta hulið grjóti sem borist hefur upp á land úr fjörunni.

Tóftin skiptist í tvö greinileg hólf. Það stærra er í norðausturhluta og er gróflega áætlað 18x7 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Austurhluti þess er mjög raskaður, eins og fram hefur komið. Má gera ráð fyrir að op hafi verið inn í þetta hólf í suðausturenda. Óljós ummerki eftir garða eru í norðvesturenda hólfsins, eftir því endilöngu. Þar er gróinn, grjóthlaðinn bálkur sem er tæplega 1 m á breidd og 7 m langur. Minna hólf er suðvestan við það stærra. Svo virðist sem að hlaðinn veggur hafi verið á milli hólfanna og sést suðausturendi hans. Ætla má að hann hafi verið rifinn. Enn má þó greina óljós skil milli hólfa. Minna hólfið er 8x3,5 m að innanmáli og snýr einnig norðvestur-suðaustur. Op inn í það er í suðausturenda. Bárujárnsplötur úr þaki má sjá á nokkrum stöðum innan tóftarinnar.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots


Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur 400 ár við voginn, 199

SM-233:275 gerði kálgarður 725846 469533

Ungur kálgarður er sunnan við Syðra-Loftskjól á milli tveggja klapparhryggja, um 2,9 km austan við Búlandsbæ 001 og rúmum 50 m suðvestan við kálgarð 403. Umhverfis þennan kálgarð og kálgarð á minjasvæði 401 er búið að reisa timburgirðingu.

Kálgarðurinn er rétt sunnan við brekkurætur. Á þessum slóðum myndar mosi og gras nær samfellt gróðurlag, en til suðurs verður ýmiss konar lynggróður meira áberandi.

Kálgarðurinn er nálega ferhyrnislaga og einfaldur, 10x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru torfhlaðnir og talsvert signir 0,3-0,5 m á hæð og er veggjabreidd 0,5 m. Kálgarðurinn



Teikning af kálgarði 275.



Kálgarðar 275 og 401, horft til SSV.

er í mjög aflíðandi halla til suðurs og ekkert op er sjáanlegt inn í hann. Garðurinn er skammt austan við þéttbýlið á Djúpavog og sennilegast verið hlaðinn í tengslum við matjurtarækt Djúpavogsbúa á fyrri hluta 20. aldar.

Hættumat: engin hætta

SM-233:276 varða samgöngubót 726000 470884



Varða 276, horft til norðausturs.

Nokkuð stæðileg varða er uppi á flatlendu holti á milli Íshústjarnar (sjá íshústóft 381) og Fálka-Jónsvíkur. Hún er við stikaða gönguleið um Búlandsnesið og er 13 m norðvestan við selminjar í Selhjalla 032.

Holtið er grýtt með gisinni gróðurþekju, lyng, mosa og grasi.


Varðan er grjóthlaðin og er hún 1 m í þvermál að grunnfleti. Hún er hringlaga og rúmur 1 m á hæð. Varðan er nokkuð gróin neðst þar sem sjá má skófum vaxið grjót. Ofar í henni er minna grjót sem ekki er skófum vaxið og hefur líklega verið bætt í vörðuna af ferðafólki á göngu um svæðið. Aldur vörðunnar er ekki þekktur en sé hún gömul í grunninn er líklegt er að hún hafi vísað veginn að seli 032.

Hættumat: engin hætta

SM-233:277 gerði kálgarður 725749 470637

Tvískiptur, unglegur kálgarður er suðaustan í Fagrahóli um 120 m norðaustan við innsiglingarvörðu 035 og 200 m suðvestan við íshústóft 381. Ætla má að hann hafi verið notaður af þorpsbúum á Djúpavogi eftir að þéttbýli byrjaði að myndast þar.

Ofan á Fagrihóli eru gróðurlausar klappir en deiglent og grasi gróið sund er sunnan og suðaustan



Uppmæling á kálgarði 277.



Kálgarður 277, horft til ASA.

við hann. Bílslóði liggur neðan og fast suðaustan við kálgarðinn.

Kálgarðurinn er 14x14 m að stærð og er torfhlaðinn. Vestari hluti hans er 12x5 m að innanmáli og austari hlutinn er 13x6 m að innanmáli. Báðir snúa þeir NNV-SSA. Ekki er hlaðinn veggur í NNV-enda vestari hluta og ekki sést hlaðinn veggur í SSA-enda austari hlutans. Veggir gerðisins eru 0,3-0,5 m á hæð og breidd. Ummerki um beð sjást enn í austari hluta kálgarðsins. Óverulegar garðleifar eru í framhaldi af ANA-vegg kálgarðsins, annars vegar grjóthlaðinn garður sem liggur til NNV á 7 m löngum kafla, og hins vegar torfhlaðinn garður í mýrlendi sem liggur til SSA á 17 m löngum kafla neðan við vegarslóða. Líklega eru þetta hleðslur undir girðingu sem þarna hefur verið en hefur verið rifin. Með þessum görðum er minjasvæðið 46x14 m að stærð og snýr NNV-SSA.

Hættumat: engin hætta

SM-233:278 varða samgöngubót 725716 470529



Innsiglingarvarða 278, horft til norðvesturs.

"Sunnan við Fagrahól eru leiðarmerki vörður, sem vísa leið um Ribbusund," segir í örnefnaskrá. Tvær vörður vísa leiðina um Ribbusund norðaustan við Djúpavog. Önnur þeirra, sú sem hér er skráð, er á er norðvestan í lágu holti upp af Brandsvík, um 100 m suðaustan við hina vörðuna 035 sem er niður við sjó í víkinni.


Holtið er hálfgróðið og gróðurþekja því nokkuð gisin. Á því vex að mestu lyng, mosi og gras. Mikið sést af

ógrónu grjóti í hlíðum holtsins.
Varðan er mun signari en hin innsiglingarvarðan 035. Hún er 3,5 í þvermál og mjókkar upp á við. Varðan er 0,6-0,7 m á hæð. Nánast allar hleðslur í vörðunni eru hrundar og ekki sést fjöldi umfara í henni. Í vörðunni eru steinar gulmálaðir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 3

SM-233:289 tóft óþekkt 725408 469319



Tóft 289, horft til suðausturs.




Teikning af tóft 289.

Einföld torf- og grjóthlaðin tóft er á hrygg milli Fýluvogs og Breiðavogs. Vegur að flugvelli liggur eftir þessum hrygg og eins er eldri malarvegur á honum. Á sama hrygg eru tóftir 195 (suðvestar) og 340 (norðaustar). Talsvert mógrafasvæði 259 er norðvestan við þessar minjar, við Fýluvog.
Hryggurinn sem tóftin er á er fremur lágur og er vaxinn mosa og grasi.
Tóftin er 5,5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslur eru víðast signar en standa að hluta í suðvesturlangvegg. Það er veggurinn 0,8 m á hæð og sjást 2 umför. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.
Hættumat: engin hætta

SM-233:294 náma mógrafir 724320 469044
Mógrafir og tvö móstæði eru norðaustan við Borgargarðsvatn, tæpum 500 suðaustan við Kallagarð 040 og rúmum 40 m norðvestan við Borgargarðsvatn.
Svæðið er deiglent en verður þurrara þegar nær dregur mosa- og lynggrónum klettarönum til austurs og vesturs. Votlendisgróður er áberandi á svæðinu, einkum ýmiss konar starargróður.
Minjasvæðið er 110x90 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hér neðar fá minjastaðir bókstaf til aðgreiningar og hefst minjalýsingin nyrst, á mógrafarsvæði A. Grafirnar skiptast í 15-25 hólf en margar þeirra hafa runnið saman og hafa líklega verið fleiri áður fyrr. Grafirnar eru blautastar syðst, rétt norðan við Borgargarðsvatn, en verða örlítið grónari og þurrari eftir



Mógrafir 294A, horft til NNA.



Teikning af móstæðum 294B og C.




Móstæði 294B, horft til norðurs.

því sem norðar dregur. Hin dæmigerða mógröf á svæðinu er 10x4 m að stærð og snýr VNV-ASA, 0,5 m djúp og með starargróður í botni. Mógrafasvæðið er mjög greinilegt á loftmynd. Í suðausturhluta mógrafarsvæðisins, á grasivaxinni bungu, eru tvö móstæði (B og C) innan svæðis sem er 25x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Móstæðin eru mjög keimlík. Þau eru bæði torfhlaðin, 6x6 m að stærð og eru veggir 0,2-0,4 m á hæð og veggjabreidd 0,5-0,8 m. Botn þeirra er grasi vaxinn og þýfður. Í hvorugu móstæðinu er hlaðinn veggur á suðurhlið.

Hættumat: engin hætta

SM-233:327 tóftir beitarhús 724974 469334



Teikning af tóftum 327.

Fjórar tóftir eru á lágri hæð í mýri vestan við Fýluvog. Minjarnar eru fast vestan við mógrafir og tóftir 225 og 2,1 km ASA við bæinn í Búlandsnesi 001.

Hæðin sem minjarnar eru á er gróin og þurr en allt í kring er deiglend mýri, grösug og smáþýfð.

Minjarnar eru á svæði sem er 50x25 m að stærð og snýr norður-suður. Innan þess eru fjórar tóftir, þrjár þeirra eru líklega beitarhúsatóftir og ein þeirra heytóft (C). Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir sem hefst á tóft A, norðvestast á svæðinu. Tóftin er einföld og torfhlaðin. Hún er 7x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í suðurhorni. Veggir hennar eru rúmur 1 m á breidd en breiðastir eru þeir 1,5 m í norðurenda. Víðast eru veggirnir 0,6 m á hæð. Tóft B er um 8 m norðaustan við tóft A. Hún er áþekk henni en signari og virðist tvískipt. Skiptingin milli hólfa er hins vegar ekki mjög skýr. Tóftin er 8x5 m að stærð ef hrun úr norðausturlangvegg er talið með. Hún snýr norðvestur-

suðaustur og er op á henni í suðausturenda. Tóftin virðist að mestu hlaðin úr grjóti en einnig má sjá grjót í veggjahleðslum sem eru farnar að síga og aflagast. Veggir eru 0,6-0,7 m á hæð. Mjór og ógreinilegur veggur er á milli hólfa og er mögulegt að hann sé í raun hrun en ekki veggur.



Tóft 327B, horft til norðvesturs.



Tóft 327A, horft til norðvesturs.

Tóft C er 9 m suðaustan við tóft B og 13 m austan við tóft A. Hún er torfhlaðin og einföld, er um 4x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst op er á henni í norðvesturenda. Veggir tóftarinnar eru óverulegir, eru um 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Tóft D er stærsta tóftin á svæðinu og er hún 15 m sunnan við tóft A. Hún virðist að mestu torfhlaðin en líklega er einnig grjót í veggjum. Tóftin er um 10x10 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Hólf I er í suðvesturhluta tóftarinnar og virðist hlaðið inn í aflíðandi halla mót suðvestri og er sjálft í halla til þeirrar áttar.



Tóft 327D, horft til norðurs.



Tóft 327C, horft til suðurs.

Það er um 4x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki virðist vera hlaðinn veggur á suðvesturhlið hólfsins. Hólf II er ofar og norðar, í norðvesturhluta tóftarinnar. Það er um 3x2 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki augljóst op á því. Veggir tóftarinnar eru víða signir og eru allt að 2 m á breidd en hæstir eru þeir um 0,6 m. Í kringum tóftina eru ummerki

um efnistöku.

Hættumat: engin hætta

SM-233:329 hleðsla vörslugarður 722921 469980



Vörslugarður 329, horft til VSV.


Grjóthleðsla er milli tveggja kletta á svæði milli túna Búlandsness og Bjargaréttar SM-235. Á þessu svæði er mikil skógrækt og liggur stígur í gegnum hana. Hleðslan er 110 m suðvestan við bæ 001 og 45m sunnan við útihús 010.

Á milli túna Búlandsness og Bjargaréttar er talsvert mikið um kletta í móa en þar er nú mikil skógrækt. Stór grenitré vaxa fast vestan við hleðsluna og fleiri tré eru í kring.

Búið er að ryðja hleðslunni um að miklu leyti en hún hefur náð á milli tveggja kletta og verið 6 m löng. Í norðvesturenda sést hún enn vel og stendur á kafla. Þar er hún um 2,5 m á lengd og rúmlega 1 m á breidd. Hæst er hún um 0,4 m og þar sjást 3 umför. Stígurinn sem liggur í gegnum hleðsluna er 1 m á breidd og hleðslan suðaustan við hann er útflött og mosagróin. Þar er grjót undir klettavegg á svæði sem er 4-5 x2,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hleðslan hefur gegnt. Mögulega er hún hluti af túngarði 139 en einnig getur verið að um einhvers konar vörslugarð sé að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

SM-233:330 tóft naust 723419 468432



Teikning af naustí 330.




Naust 330, horft til suðurs.

Ytri-Hundavogslág er nokkuð breið og liggur frá norðaustri að lítilli vík til suðvesturs. Nyrst í þessari vík er tóft af nausti. Það er ríflega 1,6km suð-suðaustan við bæjarhól 001 Búlandsness og 125m suðaustan við stekk 332.
Naustið er á mörkum graslendis og malarfjöru innst í lítilli vík.
Tóftin er einföld og niðurgrafin og hefur því ekkert ytrabyrði. Hún er 5x1m að innanmáli og snýr svo til alveg norður-suður. Op er á henni til suðurs í átt að hafi. Innrabyrðið er grjóthlaðið og er hleðslugrjótið stórt. Vesturhliðin er 60-80cm á hæð og má telja í því 1-2 umför. Austurhliðin er aðeins 10-20cm á hæð og lítur hún út fyrir að vera mikið rofin eða fallin. Það er eingöngu grjót í henni syðst og er þar bara eitt umfar. Tóftin hefur sléttan malarbotn og í honum vex hvönn.
Hættumat: hætta, vegna rofs

SM-233:331 tóftir naust 722778 469220





Naust 331, horft til norðurs á mynd.

Tvær tóftir af naustum eru við holtsenda beint norðaustur af Miðmundatanga sem skilur á milli Búlandshafnar innri og Búlandshafnar ytri, tveggja afgerandi víkna eða voga sem ganga inn í ströndina til norðausturs. Tóftirnar eru um 170 suðaustan við naust 122 í Ytri-Búlandshöfn og 870 m SSV við bæinn í Búlandsnesi 001. Gamalt spil er ofan við naustið.
Grasi gróið er í kringum tóftinar en jarðvegshulan er þunn og stutt er niður á grjót og möl. Talsvert landbrot er framan við tóftirnar í fjöruborðinu.
Tóftirnar eru á sama stað en um tvö byggingarstig er að ræða og er eldri tóft A undir yngri tóft B. Yngri tóftin er ofan á norðausturhluta eldri tóftarinnar. Hún er 4x2,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki hefur verið veggur í suðausturenda en sá hluti tóftarinnar er illa farinn af landbroti og er laust grjót úr veggjum framan við hana í fjörunni. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eru veggir hennar 0,5-0,6 m á breidd og hæð. Tóftin er sigin og gróin og ekki er hægt að sjá fjölda umfara hleðslum. Eldri tóftin sést aðeins að hluta, er 6x3 m að stærð og snýr eins og yngri tóftin. Ekki hefur heldur verið hlaðinn veggur í suðausturenda hennar. Veggir tóftarinnar eru mjög signir og eru þeir illa farnir af rofi og landbroti í suðausturenda. Þar má enn

sjá grjótröð úr innri brún veggja en ytri brúnin sést ekki lengur. Þar sem veggir eldri tóftarinnar eru skýrastir í vesturhorni eru þeir 0,3 m á hæð og sést þar 1 umfar hleðslu í ytri brún. Landbrot ógnar tóftinni og hefur þegar valdið miklum skemmdum á henni.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SM-233:332 tóft stekkur 723312 468493



Stekkur 332, horft til norðausturs á mynd.

Samkvæmt örnefnakorti sem Eyjólfur Guðjónsson gerði nálægt árinu 2000 er stekkur á milli Hundavogs og Innri-Hundavogslágar. Hundavogur er norðan við Innri-Hundavogslág. Yst og syðst endar Innri-Hundavogslág við litla vík og nyrst í þessari vík er tóft af stekk. Stekkurinn er 1,5 km suð-suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, rúma 800m vest-norðvestan við naust 338 og um 125m norðvestan við naust 330.
Tóftin er efst í grösugri brekku undir klettarana og neðan við brekkuna er fjara.
Stekkurinn er 13x6m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Klettarani sem hann er byggður uppað myndar vesturlanghlið hans. Hann hefur verið tvískiptur, er op á milli hólfa og svo er op á honum fyrir miðri austurlanghlið. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti og er ytrabyrði almennt nokkuð hærra en innrabyrði. Ytrabyrði er 40-90cm á hæð og er norðausturhornið hæst. Innrabyrðið er 40-50cm á hæð. Hleðslurnar eru mikið grónar grasi og verða umför tæplega talin þó má gera ráð fyrir að umför séu 2-3.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örnefnakort EG

SM-233:333 lending 722789 469214
Í fjörunni neðan við naust 331 hefur verið lending þó að þar sjáist ekki lengur skýr mannaverk. Naustin eru beint norðaustur af Miðmundatanga sem skilur á milli Búlandshafnar innri og Búlandshafnar ytri, tveggja afgerandi víkna eða voga sem ganga inn í ströndina til norðausturs. Gróf möl er í fjörunni þar sem ætla má að lendingin hafi verið og þar er lítið um grjót.
Hættumat: engin hætta

SM-233:334 heimild um mógrafir 723411 469346



Svæðið þar sem mógrafir 334 voru, horft til suðvesturs.

Samkvæmt örnefnakorti sem Eyjólfur Guðjónsson gerði voru mógrafir norðvestan við Hundavogslæk. Mógrafarsvæðið er um 770m suð-suðaustan við bæjarhól 001 Búlandsness, 125m norðvestan við tóft af heystæði 386 og um 350m suðvestan við kálgarð 364.

Búið er að fylla upp í mógrafirnar og slétta landið undir tún. Umhverfis túnin eru framræsluskurðir. Ekki er hægt að segja til um hversu stórt mógrafarsvæðið hefur verið en þó má enn sjá skugga í sverðinum þar sem mógrafir hafa verið.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örnefnakort EG

SM-233:335 tóft óþekkt 722697 469266


Lítil grjóthlaðin tóft er í miðri Búlandshöfn innri um 95 m norðvestan við naust 331, 93 m ASA við mógrafir 337 og 840 m suðvestan við bæ 001.

Tóftin er í sendinni klappar- og grjótfjöru. Ofar í landinu er mýrlendi.

Tóftin er hlaðin norðvestan undir litlum kletti sem stendur upp úr fjörunni. Hún er um 2,5x2,5



Tóft 335, horft til suðausturs.




Teikning af tóft 335.

að stærð ef kletturinn er undanskilinn, 1,5x2 m að innanmáli og snýr norðvestur suðaustur. Steinlím er í hleðslum. Tóftin er nánast full af sandi og sést aðeins eitt umfar hleðslu. Ekki er þetta mannvirki mjög fornt og kom það í ljós þegar skýrslan var tilbúin að það var hlaðið fyrir fáum árum og var hugmyndin að útbúa heitan pott þarna en þær ráðagerðir fóru út um þúfur.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SM-233:336 gerði kálgarður 724861 468701

Kálgarður er rúma 2,2 km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 410m norð-norðvestan við Hrísey og um 600m vestan við Flugbraut Djúpavogs. Það verður að teljast frekar ósennilegt að þessi kálgarður hafi verið nýttur frá Búlandsnesbænum en líklegra að hann hafi tilheyrt búsetu í Hrísey eða jafnvel einhverju býlinu í þéttbýlinu á Djúpavogi.



Teikning af kálgarði 336.

Kálgarðurinn er í hlíðum klettarana og hallar land til austurs. Neðan við brekkuna er blaut mýri. Kálgarðurinn er 40x12m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Norðausturhluti hans er afmarkaður af garðlagi á allar hliðar en suðvesturhluti hans er að mestu niðurgrafinn. Sennilega er suðvesturhlutinn yngri viðbót. Innan norðausturhlutans má greina tvö rými sem eru svipuð að stærð og í syðra rýminu má greina 3 beð sem hafa verið aðgreind með stuttum garðlögum. Suðvesturhluti kálgarðsins hefur bara garðlag meðfram suðaustanverðri langhlið, aðrar hliðar eru grafnar inn í hallann. Innra byrði kálgarðsins er almennt hærra en ytrabyrði. Innrabyrðið er hæst við norðvestur langhliðina þar sem garðurinn hefur verið grafinn inní brekkuna eða um 2m. Gerðið umhverfis norðausturhlutann er 30-60cm hátt og um 1m á breidd. Ekki var hægt að greina grjóthleðslur í því. Það er líklega orpið en ekki hlaðið úr torfi.



Kálgarður 336, horft til suðvesturs.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SM-233:337 náma mógrafir 722604 469287

Ummerki um móskurð eru á allstóru svæði á sjávarbakkanum í Búlandshöfn innri, annarri tveggja víkna sem ganga inn í ströndina til norðausturs. Mógrafirnar eru 93 m VNV við tóft 335




Mógrafir 337, horft til VNV.

og 870 m suðvestan við bæ 001.
Upp af víkinni er mýrlent svæði milli klappa. Mógrafir sjást á þremur stöðum á svæði sem er 112x18 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er því ekki um samfellt mógrafasvæði að ræða. Mógrafirnar eru frammi á sjávarbakkanum og eru nokkuð skýrt afmarkaðar. Þær eru fremur deiglendar en grónar og rennur vatn úr þeim út í fjöru. Þar sem mógrafirnar eru dýpstar eru þær um 1 m á dýpt.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

SM-233:338 tóft naust 724116 468342



Naust 338, horft til suðurs.



Teikning af nausti 338.

Fyrir miðjum Jakobsvogi er tóft af nausti. Það er tæpa 2km norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 700m austan við naust 330 og um 820m vest-suðvestan við kálgarð 336.
Tóftin er í grösugu mólendi niður við sjó.
Tóftin er tvískipt, 6x5m að stærð og snýr norður suður. Hólfin eru samsíða og hafa bæði op til suðurs mót hafi. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti, þær eru 10-50cm á hæð og um 1m á breidd. Þær eru vel grónar grasi en mjög signar og verða umför hleðslugrjóts ekki talin.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

SM-233:339 gryfja óþekkt 722261 468944
Nokkuð afgerandi ferhyrndur niðurgröftur er á Nóntanga, á milli gróinnar klappar og sjávarbakka.
Gryfja þessi er 610 m austan við Kolþúfu 123 og 1,3 km suðvestan við bæ 001.
Nóntangi er grasi gróinn og þýfður.
Gryfjan er um 6,5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,3-0,4 m á dýpt.




Gryfja 339, horft til norðurs.

Í henni er þurrt, þýft og grasi vaxið. Ekki er ljóst um hvers konar mannvirki er hér að ræða. Ekki er útilokað þetta sé mógröf en einnig kemur til greina að þarna hafi verið heygryfja. Þess má geta að uppi á grónu klöppinni norðvestan við gryfjuna er þúst en hún er líklega náttúrumyndun.
Hættumat: engin hætta

SM-233:340 tóft útihús 723021 470064
Tóft af útihúsi er 10m norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, 2m vestan við tóft 342 og 10m norðvestan við tóft 004. Klettaborg sem nefnist Stóra-Setberg myndar suðurhlið tóftarinnar. Tóftin er innan skógræktargirðingar rétt utan og norðan við bæjarhólinn upp við klettaborg. Tóftin er einföld, 7x4m að stærð og snýr vestur austur. Hún hefur op nyrst á vesturgafli og má enn finna fyrir timburþröskuldi í opinu. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti og eru þær um 170cm á hæð og 2-3m á breidd. Vesturgaflinn er þó eingöngu grjóthlaðinn og ekki nema rúmlega 50cm á breidd. Grjótið í honum er mjög slétt, hugsanlega tilhoggið og mjög vel hlaðið. Tóftin er að



Útihús 340, horft til suðausturs.




Teikning af tóftum 340 og 342.

hluta niðurgrafin og myndar klettur sem hún stendur upp við suðurhliðina. Vegghleðslur standa vel en þó er austurgaflinn farinn að síga inn í tóftina.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

SM-233:341 tóft óþekkt 725425 469365
Einföld torf- og grjóthlaðin tóft er á hrygg milli Fýluvogs og Breiðavogs. Vegur að flugvelli liggur eftir þessum hrygg og eins er eldri malarvegur á honum. Suðvestar á sama hrygg eru



Tóft 341, horft til suðurs.



Teikning af tóft 341.

tóftir 195 og 289. Talsvert mógrafasvæði 259 er norðvestan við þessar minjar, við Fýluvog. Hryggurinn sem tóftin er á er fremur lágur og er vaxinn mosa og grasi.

Tóftin er um 5,5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op á henni í suðausturenda. Veggir tóftarinnar eru hæstir um 1 m á hæð þar sem þeir eru hæstir og sjást 2-3 umför hleðslu í utanverðum norðvesturgafli. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Hún er mjög áþekk tóft 289 en hleðslur hennar eru signari og grónari en í þeirri tóft.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-233:342 tóft útihús 723034 470069

Tóft af útihúsi er um 12m norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, 2m austan við tóft 342 og 8m beint norður af tóft 004. Suðurgafl tóftarinnar er byggður upp við klettaborg sem nefnist Stóra-Setberg.

Tóftin er innan skóræktargirðingar, rétt utan og norðaustan við bæjarhólinn. Stór barrtré þrengja að tóftinni.

Tóftin er einföld, 9x6m að stærð og snýr norður suður. Hún hefur op fyrir miðjum norðurgafli og eru vegghleðslur úr torfi og grjóti. Við innanverðan vesturvegginn er yfirgróin járnplata sem ætla má að sé úr þaki útihússins. Ennfremur vottar fyrir lágum hrygg í miðri tóftinni sem gæti bent til þess að henni hafi verið skipt í tvö hólf með þili. Innrabyrði veggja er 70-100cm á hæð og er það hæst við suðurgaflinn. Ytrabyrði veggja að vestanverðu er 30-40cm á hæð en að austanverðu um 100cm. Breidd veggja er 1-2m. Tóftin hefur grjóthlaðið innrabyrði en þar sem tóftin er öll á kafi í grasi reyndist ekki unnt að telja fjölda umfara í hleðslum.



Útihús 342, horft til norðausturs.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar


SM-233:343 hleðsla óþekkt 723291 471315

Lítil grjóthlaðin tóft er vestan í lágri klöpp á litlu holti suðvestan við Sandbrekkutanga og suðaustan við Sandbrekkumýrar. Tóftin er um 220 m suðaustan við refagildru 173 á Fagrahóli og 1,3 km norðan við bæinn í Búlandsnesi.

Holtið sem tóftin er á er vaxið mosa og grasi en hér og hvar standa ógrónar klappir upp úr því. Smáþýfð grösug mýri er til norðvesturs og suðausturs en svo hækkar landið til norðausturs út á Sandbrekkutanga.



Hleðsla 343, horft til suðausturs.



Teikning af hleðslu 343.

Tóftin er um 2x2 m að innanmáli snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hlaðinn veggur á norðvesturhlið tóftarinnar. Veggirnir eru útflattir, ekki nema 0,4 m á breidd og 0,2 m á hæð þar sem þeir eru hæstir í suðausturenda. Þar má með góðum vilja greina tvö umför hleðslu. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Mögulega er hér um móstæði að ræða en hvorki eru þekktar mógrafir í nágrenninu né sýnileg ummerki um þær. Einnig kemur til greina að þarna hafi verið heystæði en það hefur þá verið mjög lítið.

Hættumat: engin hætta

SM-233:344 brunnur brunnur 722956 470055



Brunnur 344, horft til austurs.

Brunnur er 30-35m norðvestan við bæjarhól Búlandsness 001, rúma 40m suð-suðvestan við útihús 009 og 35-40m norðaustan við útihús 010. Brunnurinn er innan skóræktargirðingar í grösugu túni. Skógrækt þrengir að minjastaðnum á allar hliðar.

Innanmál brunnsins er um 1m í þvermál og 60-80cm djúpur. Hann er grjóthlaðinn að innan og má telja 3-4 umför af hleðslugrjóti. Hann hefur grjóthlaðinn kraga umhverfis opið. Ekki er langt


síðan að brunnurinn var grafinn upp en áður hafði verið búið að byrgja brunninn.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

SM-233:345 hús skotbyrgi 723153 471556
Skotbyrgi Eyjólfs Guðjónssonar (f. 1928) frá Framnesi (nýbýli frá 1936) er á Fagrahóli austan við Brandsleifarhelli 058, 94 m norðan við refagildru 173 og 1,5 km norðan við bæinn í Búlandsnesi 001.



Skotbyrgi 345, horft til suðvesturs (vinstri), og norðausturs (hægri).


Fagrihóll er klappar- og melhóll, grýttur og lítt gróinn. Þó vex þar gras og mosi, skófir og lyng. Kofinn er undir þaki (skúrþak) og er hlaðinn úr grjóti upp við lága klöpp. Timburþil með dyrum er á norðausturhlið. Kofinn er um 2 m á kant en frá suðurhorni gengur sveigð hleðsla meðfram klöpp sem er 1 m á lengd. Veggir kofans eru allt að 1,4 m á hæð. Í þeim er mikið af grjóthellum auk stærra grjóts. Sjást mest 8 umför hleðslu. Hrunið hefur úr veggjum í vesturhorni. Ekki er vitað hvenær Eyjólfur Guðjónsson byggði kofann. Hann er ekki nógu gamall til að teljast til fornminja en var skráður engu að síður þar sem hann er til vitnis um forna byggingartækni og er náskyldur öðrum mannvirkjum sem tengjast refaveiðum.



Teikning af skotbyrgi 345.

Hættumat: engin hætta

SM-233:346 gryfja naust 726871 468674
Stórt naust er í viki milli tveggja klappa innarlega og norðaustast í Höfn 414, vík sem komin er á þurrt í Úlfsey. Naustið er 30 m suðvestan við tóft 030 í Úlfsey og 4 km ASA við bæinn í Búlandsnesi 001. Verstöð var í Úlfsey á þessum slóðum (sjá 030 og 402) en óvíst er hvort



Teikning af nausti 346.



Naust 346, horft til SSA.

naustið tengist henni beint.

Grasi gróið er í aflíðandi halla til suðausturs á milli klappanna og framan við naustið. Þá tekur við blaut mýri þar sem áður var vík.


Naustið er grunn lægð inn í gamla sjávarbakkann. Hún er 6 m á lengd og snýr NNV-SSA. Lægðin er 4 m á breidd yst (í SSA-enda) og 2,5 m á breidd innst og allt að 0,5 m á dýpt þar sem hún er dýpst, í miðju.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Búlandsnes, 2

SM-233:347 tóft skemma 723437 470498





Móstæði 347, horft til austurs á mynd.

Lítil grjóthlaðin tóft af móstæði er á milli klappa á Útbrúnum, suðaustast í Hálsum, um 30 m sunnan við mógrafir 114 og 620 m norðaustan við bæ 001.

Hálsarnir einkennast af grýttu holtalandslagi sem er mosagróið en mýrarsund eru milli holta.

Tóftin er hlaðin vestan undir klöpp sem myndar austurhlið hennar. Tóftin er einföld og ferköntuð og er um 2,5x2,5 m að stærð. Ekki virðist hafa verið hlaðinn veggur á vesturhlið. Veggir eru 0,6 m á breidd og 0,1-0,3 m á hæð. Á stöku stað sjást 2-3 umför en hleðslur eru fallnar og signar.

Hættumat: engin hætta

SM-233:348 *Hjallshraun* tóft hjallur 723159 469878



Hjallur 348 á Hjallshrauni, horft til austurs.

"Neðan vegarins er Torfmýri [118] og sitt hvoru megin við hana Kúaklettur og Grænhraun annarsvegar en Króahraun hinumegin, nær Búlandsnesbæ [001]. Þar er einnig Hjallshraun og Nátthagi [039]," segir í bókinni: Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Samkvæmt örnefnakorti sem Eyjólfur Guðjónsson gerði um 2000 er Hjallshraun sunnan við heimatún Búlandsness 001 og austan við Smalahraun. Auk þeirrar tóftar sem hér er lýst eru á því þrjár aðrar tóftir 119, 350 og 354. Sú hjallstóft sem hér verður lýst er um 185m suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, tæpa 5m sunnan við hjall 350, rúma 4m suðaustan við hjall 354 og um 20m norðan við hjall 119.

Tóftin er efst á grösugum klettarana sem liggur frá suðvestri til norðausturs.

Tóftin er 6x5m að stærð og snýr svo til norður suður. Hún er einföld og hefur op til vesturs. Innrabyrði er 30-50cm á hæð en ytrabyrði er 60-100cm á hæð. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti en þær eru á kafi í grasi og því er ekki hægt að telja umför í grjóthleðslum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur,195; Örnefnakort EG

SM-233:349 gryfja naust 722654 471807

Við lendingu 018 í Eyfreyjuneskróki er fjöldi nausta og stendur gamall bátur í einu þeirra; Eineyringur Eyjólfs Guðjónssonar (f. 1928) sem bjó í Framnesi (nýbýli frá 1936). Naustin eru 265 m NNA við býlið Eyfreyjunes 017 og 135 m norðan við Framnes.

Eyfreyjuneskrókur er innarlega á vestanverðu nesinu á milli kletta sem skaga fram í sjó. Fjaran er malarfjara og aðgrunnt er í henni. Aflíðandi grasi gróinn bakki er ofan við fjöruna og eru naustin grafin inn í bakkann.

Alls sjást leifar 6 nausta sem eru grafin inn í bakkann, í aflíðandi halla til vesturs. Naustin eru á svæði sem er 34x8 m að stærð og snýr norður-suður. Syðsta naustið nær lengst upp í bakkann og er ógreinilegast. Það er 6 m á lengd og 5 m á breidd. Þar norðan við eru tvö naust en ekki sjást lengur skilin milli þeirra. Eru þau saman 7 m á breidd og syðri hlutinn 6 m á lengd en nyrðri hlutinn 4 m á lengd. Norðan við þetta tvöfalda naust er naust sem er 6 m á lengd og 4 m á breidd. Þar norðan við er naust sem bátur Eyjólfs Guðjónssonar er í. Það er 6,5 m langt og 3,5 m breitt.Hvergi sjást afgerandi hleðslur í innanverðum naustunum að þessu nausti undanskildu. Grjóthleðslur eru vestast í því. Nyrsta naustið er 4,5 m langt og 3,5 m breitt.



Naust 349, horft til SSA.

Naustin eru almennt fremur grunn og eru 0,5-1 m á dýpt í austurenda. Þess má geta að grjóthleðsla er í kanti norðvestur af nyrsta naustinu. Eru þar mögulega undirstöður spils sem ekki sést lengur og hefur verið beint upp og vestur af lendingu 018. Sést þessi hleðsla á um 5 m löngum kafla og er hún 0,8 m á hæð í aflíðandi halla mót suðvestri. Ekki ljóst hversu gömul naustin eru en sum þeirra hafa verið í notkun allt fram til loka 20. aldar.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SM-233:350 *Hjallshraun* tóft hjallur 723160 469887



Hjallur 350 á Hjallshrauni, horft til austurs.

"Neðan vegarins er Torfmýri [118] og sitt hvoru megin við hana Kúaklettur og Grænhraun annarsvegar en Króahraun hinumegin, nær Búlandsnesbæ [001]. Þar er einnig Hjallshraun og Nátthagi [039]," segir í bókinni: Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Samkvæmt örnefnakorti sem Eyjólfur Guðjónsson gerði um 2000 er Hjallshraun sunnan við heimatún Búlandsness 001 og austan við Smalahraun. Auk þeirrar tóftar sem hér er lýst eru á því þrjár aðrar tóftir 119, 348 og 354. Tóftinni sem hér verður lýst er rúmlega 180m suðaustan við bæjarhól 001, tæpa 5m norðan við hjall 348, um 3m austan við hjall 354 og rúma 30m norðan við hjall 119.
Tóftin er efst á grösugum klettarana sem liggur frá suðvestri til norðausturs.
Tóftin er um 7x7m að stærð, snýr vestur austur og samanstendur af tveimur veggjum sem hafa að öllum líkindum þjónað sem undirstöður fyrir timburgrind. Suðurveggurinn er um 1m á breidd og um 30cm á hæð en norðurveggurinn er um 2m á breidd og 60-80cm á hæð. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti og orðnar rúnnaðar og signar. Þær eru á kafi í grasi og því er ekki hægt að telja umför í grjóthleðslunum. Vestan og austan við tóftina er óljósar þústir sem gætu tilheyrt tóftinni líka.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur,195; Örnefnakort EG

SM-233:351 kantur vörslugarður 722680 471746
Voldugur grjótkantur er í fjörunni austan í Eyfreyjunesi sem líklega var hlaðinn til að varna því



Vörslugarður 351, horft til austurs.

að skepnur kæmu sér í sjálfheldu í fjörunni. Kanturinn er 80 m norðan við Framnes (nýbýli), 100 m sunnan við lendingu 018 í Eyfreyjuneskróki og 1,7 km NNV við bæinn í Búlandsnesi 001. Kanturinn virðist ungur en aldur hans er ekki þekktur. Líklega hefur hann verið hlaðinn eftir að nýbýlið Framnes var stofnað árið 1936.

Austan við Eyfreyjunes er grýtt fjara innan um kletta sem verða umflotnir á flóði.

Kanturinn er um 6 m langur (austur-vestur) og 0,6 m á breidd. Hann virðist einhlaðinn og er rúmur 1 m á hæð þar sem hleðslan er hæst. Þar sjást 6 umför hleðslu. Utan/norðan við kantinn er lábarið fjörugrjót og eins hefur safnast grjót að henni sunnanverðri en ekki mikið.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SM-233:352 hleðsla fiskreitur 723168 469807



Fiskreitur 352, horft til austurs.

Hleðsla við gróna klöpp er fremst á Hjallshrauni, rúma 170m suðaustan við bæjarhól 001, rúma 15m norðan við hjall 350 og tæpa 5m suðaustan við nátthaga 039. Sennilega er um lítinn fiskreit að ræða.

Hleðslan er nyrst og fremst á grösugum klettarana sem liggur frá suðvestri til norðausturs.

Hleðslan er upp við vesturhlið klapparhóls og myndar með honum lítinn ferhyrndan pall sem er um 3x3m að stærð og um 60-80cm á hæð. Hann er allur gróinn grasi.

Hættumat: engin hætta

SM-233:353 garðlag kálgarður 722858 471607

Á miðjum Brandsleifarhelli (sjá 058) er ferhyrndur niðurgröftur í halla mót austri og hlaðinn torfgarður norðan við hann. Ætla má að um ungar leifar af kálgarði sé að ræða og að hann hafi tilheyrt nýbýlinu Framnesi (1936). Kálgarðurinn er um 20 m norðaustan við rétt 125 og 200 m ASA við Framnes. Brandsleifarhellir er stutt og breitt nes austan við Eyfreyjunes.

Nesið er klettótt og grýtt en nokkuð vel gróið lyngi og grasi. Jarðvegur og gróður innan kálgarðsins er mjög rýr og er hann innan um klappir sem standa upp úr grassverði.

Meintur kálgarður er 10x6 m að innanmáli og snýr nálega austur-vestur. Ekki sést innri brún á



Kálgarður 353, horft til vesturs.


austurhlið. Kálgarðurinn er mest niðurgrafinn í vesturenda þar sem um 1 m er frá botni og upp á brún. Meðfram norðurjaðri kálgarðsins er lágur torfgarður. Hann er 0,4 m á breidd og 0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SM-233:354 *Hjallshraun* tóft hjallur 723152 469884

"Neðan vegarins er Torfmýri [118] og sitt hvoru megin við hana Kúaklettur og Grænhraun annarsvegar en Króahraun hinumegin, nær Búlandsnesbæ [001]. Þar er einnig Hjallshraun og Nátthagi [039]," segir í bókinni: Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Samkvæmt örnefnakorti sem Eyjólfur Guðjónsson gerði um 2000 er Hjallshraun sunnan við heimatún Búlandsness 001 og austan við Smalahraun. Auk þeirrar tóftar sem hér er lýst eru á því þrjár aðrar tóftir 119, 348 og 350. Tóftin sem hér er lýst er rúma 175m suðaustan við bæjarhól 001, um 3m norðvestan við hjall 348 og um 3m vestan við hjall 350.





Hjallstóft 354 á Hjallshrauni, horft til austurs á mynd.

Tóftin er í mólendi, efst á grösugum klettarana sem liggur frá suðvestri til norðausturs.
Tóftin er 7x5m að stærð og snýr svo til vestur austur og samanstendur af tveimur grjóthlöðnum veggjum sem hafa þjónað sem undirstöður fyrir timburgrind. Norðurveggurinn er bara einföld steinaröð en dæld eftir breiðari vegg er greinilegt og því virðist sem grjót hafi verið tínt úr tóftinni. Út frá dældinni má ætla að veggbreiddin hafi verið um 1m. Suðurveggurinn er einnig um 1m á breidd en þar er steinaröðin tvöföld nema alveg vestast þar sem hún er þreföld. Hleðslugrjótið er að jafnaði nokkuð stórt og er hleðsluhæð 30-40cm en aðeins er um eitt umfar að ræða. Óljósan kant má greina við austurgaflinn.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur,195; Örnefnakort EG

SM-233:355 gerði kálgarður 722828 471575

Ungur kál- og/eða kartöflugarður er sunnan í klettum í Brandsleifarhelli (sjá 058) um 18 m suðvestan við rétt 125 efst á sama nesi. Gamalt tún er suðaustan og suðvestan við kálgarðinn. Ætla má að þessi kálgarður hafi tilheyrt nýbýlinu Framnesi (1936) sem er 180 m norðvestar. Brandsleifarhellir er stutt og breitt nes austan við Eyfreyjunes.

Grasi gróið er allt í kringum garðinn en klettar og jarðlægt grjót næst honum.



Kálgarður 355, horft til ANA á mynd.


Kálgarðurinn skiptist í tvo hluta og að auki er lítið og óljóst hólf utan við norðausturhorn kálgarðsins. Minjarnar eru á svæði sem er 17x8 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Kálgarðurinn er 13x8,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hlaðnir torfveggir eru meðfram öllum hliðum nema norðurhlið en þar er það klettaveggur sem afmarkar garðinn. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á breidd og hæð. Vestari hluti kálgarðsins er 5,5x5,5 m að innanmáli. Óljós veggur skilur á milli vestur- og austurhluta kálgarðsins sem er 7x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Austurhlutinn er lítillega niðurgrafinn í aflíðandi halla mót suðri. Mjór torfgarður liggur þvert yfir hann og skiptir honum í tvo misstóra hluta. Tré eru í norðausturhorni kálgarðsins. Óljóst lítið hólf er utan við kálgarðinn á stalli undir klettunum. Það er 3x1,2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Óljós veggur afmarkar það til austurs og kálgarðsveggur til vesturs. Líklega hefur verið hleðsla eða veggur sem afmarkaði hólfið til suðurs en hún er mjög sigin og vart greinanleg.

Hættumat: engin hætta

SM-233:356 tóft hjallur 722751 469715

Hjallstóft er suðvestarlega í Bjargaréttarklettum sunnan við þjóðveg og vestan við Búlandsmýri þar sem nú eru ræktuð tún. Hjallurinn er 170 m SSV við bæ í Bjargarétt SM-235:001 og 420 m suðvestan við bæinn í Búlandsnesi 001. Ekki er vitað frá hvorum bænum hjallurinn var þó að líklegra sé að hann hafi verið notaður af ábúendum í Bjargarétt.

Tóftin er á flötum stalli milli kletta sem fara lækkandi til suðausturs. Grýtt er á milli klettanna





Hjallur 356, horft til ASA á mynd.

en mosagróið og gras inn á milli.

Mikið hefur hrunið úr veggjum og er tóftin með hruni á svæði sem er 5x6 m að stærð og snýr norðaustur-


suðvestur. Tóftin sjálf er líklega ekki stærri en 4x5 m og snýr norðvestur-suðaustur. Í tóftinni eru tveir grjóthlaðnir langveggir sem eru útflattir. Gróið er yfir norðaustari vegginn sem er 0,2 m á hæð en hinn er ógróinn. Mögulega er einnig hruninn veggur í suðausturenda tóftarinnar en ekki er útilokað að um grjóthrun úr langveggjum sé að ræða. Ekki er hlaðinn veggur á norðvesturhlið. Gróið er inni í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

SM-233:357 þúst óþekkt 722828 471558



Þúst 357, horft til suðurs.




Teikning af þúst 357.

Meintar leifar af ungum húsgrunni eru 10 m sunnan við kálgarð 355 við Brandsleifarhelli (sjá 058). Líklega hefur verið hús á þessum stað sem tengist búskap á nýbýlinu Framnesi (1936) en það er 180 m norðvestar, við Eyfreyjunes. Aldur minjanna er ekki þekktur en ætla má að þær séu of ungar til að geta talist til fornminja en í lögum er miðað við að minjar 100 ára og eldri teljist til fornminja.

Minjarnar eru á grasi grónu svæði og er gamalt tún sunnan við. Norðan við eru klappir og jarðlægt er grjót hér og hvar, sérstaklega til vesturs.
Grunnurinn er um 5x7 m að stærð og snýr norður-suður. Vesturhliðin er lítillega niðurgrafin og sést stórt grjót meðfram niðurgreftrinum. Er það eina sýnilega grjótið. Norður og austurhliðar eru óljósar en torfhlaðinn kantur sem er 0,4 m á hæð. Mjó renna virðist liggja í gegnum grunninn frá norðvesturhorni til suðausturs. Þar austan við eru skýrar brúnir, mögulega eftir efnistöku.
Hættumat: engin hætta

SM-233:358 tóft skemma 723353 469718






Móstæði 358, horft til suðurs á mynd.

Tóft er 8m suðvestan Torfmýrar 118, um 440m suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001 og um 230m norðvestan við kálgarð 364. og um 8m suðvestan við Torfmýri 118. Hlutverk hennar er óþekkt en út frá nálægð hennar við mógrafirnar í Torfmýri hefur mór hugsanlega verið geymdur í henni.
Tóftin er í þurru mólendi, á lágu holti sunnan við mýrlendi sem hefur verið framræst með skurði.
Tóftin er einföld, um 8x4m að stærð og snýr norður suður. Hún er mjókkar til beggja enda og er því nokkuð egglaga. Það er ekkert sýnilegt op á henni. Ekkert hleðslugrjót sést í henni heldur og því hugsanlega einungis torfhlaðin. Vegghleðslurnar eru um 30cm á hæð og eru þær mjög rúnnaðar. Hún er mikið vaxin grasi og er áberandi í nærumhverfi sínu.
Hættumat: engin hætta

SM-233:359 tóft hjallur 724920 468169
Tóft af hjalli er í Hrísey, hann er um 150m sunnan við bæjarstæðið í Hrísey 015, um 2,6km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001 og um 90m norðan við uppsátur 361 sem er einnig í






Hjallur 359, horft til norðvesturs á mynd.

Hrísey.
Tóftin er miðsvæðis á klettarana sem liggur frá suðvestri til norðausturs.
Tóftin er einföld, 4,5x3,5 að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún hefur op á suðausturgafli. Tóftin er eingöngu grjóthlaðin og er hleðslugrjótið stórt og meðalstórt. Hleðsluhæð veggja er 20-120cm en vesturhornið á tóftinni er svo til alveg fallið. Þá er mikill halli kominn á suðvesturvegginn til suðvesturs og má ætla að hann falli á næstu árum. Í vegghleðslunum má telja allt að 6 umför.
Hættumat: engin hætta

SM-233:360 hleðsla rétt 723293 469807






Rétt 360, horft til austurs á mynd.

Hlaðin rétt eða aðhald er um 330m suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 35m norðvestan við Torfmýri 118 og um 135m aust-suðaustan við hjall 119.
Réttin er á klapparholti og að stórum hluta inní klettakvos sem hlaðið hefur verið fyrir. Austan við klapparholtið er mýri.
Réttin er 8x7m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hún er tvískipt og er annað hólfið

7x6m að innanmáli en hitt 2x2m að innanmáli. Stærra hólfið er að stórum hluta afmarkað af U-laga klettavegg sem hlaðið hefur verið fyrir. Klettaveggurinn myndar suðvestur, vestur og norðurhlið réttarinnar. Minna hólfið er hlaðið milli tveggja klettaveggja. Mynda klettaveggirnir norðvestur og suðausturhliðar hólfsins. Hleðslugrjótið er stórt og sumstaðar ágætlega vel hlaðið en annarsstaðar liggur það í hrúgum. Þær vegghleðslur sem standa eru um 150cm á hæð og má telja í þeim um 5 umför. Tæplega 3m suðaustan og framan við réttina er gisin, einföld steinaröð, eitt umfar. Þar hefur að öllum líkindum verið girðing og má þar enn sjá leifar af gaddavír. Ummerki í réttinni benda til þess að hún hafi verið endurnýtt og breytingar gerðar á henni. Hún stækkuð, hleðslur rifnar og grjót fært til.
Hættumat: engin hætta

SM-233:361 heimild um uppsátur 724920 468069



Uppsátur 361, horft til norðausturs.

Samkvæmt Andrési Skúlasyni var uppsátur suðaustast í Hrísey, þar lögðu bátar að við klöppina og þar var fiski landað. Uppsátrið er 2,7km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 250m suð-suðvestan við bæjarstæði Hríseyjar 015 og tæpa 90m suður af hjalli 359 sem einnig er í Hrísey.
Uppsátrið er í sendinni fjöru og hefur mikil uppsöfnun á sandi átt sér stað á svæðinu. Það er á milli tveggja þverhníptra kletta. Þeir afmarka svæði sem er 17x12m að innanmáli og opnast uppsátrið til suðvesturs.

SM-233:362 náma mógrafir 723766 469867




Mógraftir 362, horft til suðausturs.

Mógrafarsvæði er suðaustan undir Kúakletti, um 700m aust-suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, rúma 30m austan við Menaldurstótt 028 í Grænuhraunum og rúma 160m norðaustan við kálgarð 364.
Svæðið er mýrlent og afmarkast af lágum klettaholtum.
Svæðið er um 175x140m að stærð og snýr norður og suður. Grafirnar eru ekki djúpar, í mesta lagi 30-40cm en greinilegir, enda sumar ógrónar í botninn.
Hættumat: engin hætta

SM-233:363 tóft óþekkt 725166 469328





Tóft 363, horft til suðvesturs á mynd.

Greinileg tóft er norðaustan undir lágri klöpp við vestanverðan Fýluvog. Tóftin er frammi á bakkanum við voginn, um 2,2 km suðaustan við bæinn í Búlandsnesi 001 og 900 m sunnan við Löngubúð 109.

Grasi gróið er í kringum Fýluvog og víða er mýrlent. Fýluvogur er nú tjörn og hafa orðið miklar breytingar á landslagi í honum og við hann.

Tóftin er hlaðin norðaustan undir lágar klappir og er um 5x5 m að stærð. Klappir mynda suðvesturgafl hennar. Tóftin er tvískipt og er op inn í hana á norðausturgafli sem er nánast alveg frammi á bakka Fýluvogs. Veggir tóftarinnnar eru að miklu leyti torfhlaðnir en einnig grjót í þeim. Mesta hæð veggja er 0,6 m í norðausturenda á einum stað við millivegg sjást 2 umför í innra byrði. Innra hólf tóftarinnar er 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Lágur veggur sem er 0,6 m breiður skilur hólfin að. Op er á honum við norðvesturlangvegg. Í innra hólfinu er stórgrýti sem hrunið hefur úr klöpp frekar en að það hafi verið haft í tóftinni. Fremra hólfið er saman sigið, um 2x2 m að innanmáli. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklega er hér um fjárhúskofa að ræða. Ekki er ljóst hvort hann var nýttur af höfuðbýlinu í Búlandsnesi, hjáleigum innan jarðarinnar eða af þorpsbúum.


Hættumat: engin hætta

SM-233:364 gerði kálgarður 723579 469650

Kálgarður er suðaustan undir Grænuhraunum, um um 660m suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, tæpa 150m suð-suðvestan við Mensaldurstóft 028, og um 230m aust-suðaustan viið tóft 358.

Kálgarðurinn er í mólendi milli tveggja klettarana sem liggja frá norðaustri til suðvestur. Um svæðið liggur vegur að malarnámu og sléttuðu framræstu mýrlendi.

Kálgarðurinn er 22x13m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hann er grafinn inní brekku sem liggur mót suðaustri og liggur veggjarbrot um norðaustur- og suðvesturhliðar hans.






Kálgarður 364, horft til norðvesturs á mynd.

Veggjarbrotið suðvestanmegin hefur ytrabyrði sem er 50-80cm á hæð og innrabyrði sem er 30cm á hæð. Veggjarbrotið sem er að norðaustanverðu hefur ytrabyrði sem er 10-30cm hátt en innrabyrði sem er 30-60cm á hæð. Til norðvesturs afmarkast kálgarðurinn bara af niðurgröfnum kanti sem er 60-100cm hár. Mikið rof er í suðausturlanghliðinni og má ætla að þar sé hluti gerðisins farið. Ekkert grót sást í þessum vegghleðslum sem eru nokkuð væskilslegar og má gera ráð fyrir því að þær séu frekar orpnar en hlaðnar úr torfi og grjóti.
Hættumat: engin hætta

SM-233:365 tóft óþekkt 725058 469088

Tóft 365, horft til norðvesturs á mynd.

Leifar af mjög siginni og fornlegri tóft eru austan undir litlum mosagrónum kletti vestan við Fýluvog. Fýluvogur er nú stór tjörn en var áður skipgengur vogur og var verslunarstaður (sjá 057) við voginn um hríð eftir að hann var fluttur frá Gautavík í Berufirði.
Tóftin er frammi á bakka vogsins en nú er forarblaut mýri framan við bakkann til austurs og suðurs. Klapparholt er vestan við tóftina og þýfður mói er til norðurs.
Tóftin er einföld og virðist aðallega grjóthlaðin. Aðeins sést einn steinn sem hefur hrunið úr

hleðslu en sumsstaðar finnst fyrir grjóti undir sverði. Óljóst má greina op í austurenda tóftar frammi á bakkanum. Tóftin er 4x4 m að stærð, 2x3 m að innanmáli. Hún er alveg útflött og gróin. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en ekki er útilokað að hún tengist verslunarstaðnum við Fýluvog. Um það er hins vegar ekki hægt að fullyrða án frekari rannsókna.
Hættumat: engin hætta

SM-233:366 gerði kálgarður 723706 470262




Kálgarður 366, horft til vesturs.

Í bókinni «Undir Búlandstindi» eftir Eirík Sigurðsson segir: "Til eru ýmsar gamlar sögur frá Tyrkjaráninu á Djúpavogi. Ein er sú, að Guttormur bóndi á Búlandsnesi hafi verið staddur úti í Hermannastekkum við einhver störf, þegar ræningjana bar að. Hafi hann varizt þar með pál og reku fyrst, áður en þeir gátu tekið hann fastan. Hermannastekkarnir beri nafn af þessum atburði." Kálgarður í Hermannastekkum er rúma 700m aust-norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, fast sunnan við tóft 117 og um 100m vestan við kálgarð 374. Hann er ennfremur rúma 100m austan við kirkjugarð Djúpavogs. Þessi kálgarður ásamt nálægum kálgörðum (168, 368, 370, 372, 374 og 376) tilheyra að öllum líkindum matjurtarækt þorpsbúa á Djúpavogi.
Kálgarðurinn er á mörkum klettarana og sléttaðs túns.
Kálgarðurinn er tvískiptur, um 40x9m að stærð og snýr norður suður. Hann afmarkast að vestan af niðurgreftri sem er 70-120cm djúpur og að austan af kannti sem er 10-20cm hár. Honum er skipt upp í tvö hólf með garðlagi sem er 30-60cm hátt og svo eru garðlög við sitthvorn enda kálgraðsins. Garðlagið sem er meðfram norðurendanum er 30-70cm hátt en garðlagið sem er meðfram suðurendanum er 30-50cm hátt.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Eiríkur Sigurðsson: Undir Búlandstindi, 21

SM-233:367 tóft óþekkt 725135 469410
Stór torfhlaðin tóft er í mýri norðan við Fýluvog í jaðri mógrafasvæðis 225. Tóftin er 45m austan við gerði 369 og 2,2 km ASA við bæinn í Búlandsnesi.
Tóftin er á lágri og þurri hæð á mýrlendu svæði sem er mjög grasgefið.
Tóftin er 6x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og er op á henni á suðurhlið en þar er ekki hlaðinn veggur. Óljóst má greina mögulega skiptingu í tóftinni miðri en þar er þó ekki hlaðinn veggur. Eins er mjög ógreinileg hleðsla, ef til vill aðeins þýfi, syðst við op inn í tóft. Veggir tóftarinnar eru torfhlaðnir og farnir að síga. Þeir eru 2 m á breidd og 0,5 m á hæð.



Tóft 367, horft til norðurs



Teikning af tóft 367

Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

SM-233:368 gerði kálgarður 723734 470328



Kálgarður 368, horft til norðvesturs.

Kálgarður er tæpa 750m aust-norðaustur af bæjarhól Búlandsness 001, tæpa 190m aust-norðaustan við Djúpavogskirkjugarð og tæpa 40m norðaustan við tóft 117. Þessi kálgarður ásamt nálægum kálgörðum (168, 366, 370, 372, 374 og 376) tilheyra að öllum líkindum matjurtarækt þorpsbúa á Djúpavogi.

Kálgarðurinn er á mörkum holts og sléttaðs túns.

Kálgarðurinn er 10x8m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hann er afmarkaður með grönnu uppmjóu garðlagi á allar hliðar nema til norðvesturs. Þar afmarkast hann bara af niðurgreftri sem er 40-50cm djúpur. Ytrabyrði gerðisins er 20-30cm hátt en innrabyrðið 20-50cm hátt. Í garðlaginu sést hvorki í grjóthleðslur né er hægt að finna fyrir þeim og má út frá útliti þeirra gera ráð fyrir því að það sé orpið. Op er á kálgarðinum syðst á suðausturlanghlið.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SM-233:369 gerði óþekkt 725087 469412

Torfhlaðið gerði er á norðausturbakka lækjar sem rennur um mógrafir 225 og út í Fýluvog. Gerðið tengist garðlagi sem er suðvestan við lækinn. Gerðið er í jaðri mógrafanna í halla mót suðvestri.

Minjarnar eru á mýrlendu svæði sem er mjög grasgefið og nokkuð þýft.

Gerðið er 16x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á breidd



Gerði 369, horft til vesturs.

og 0,3 m á hæð. Garðlag sem tengst hefur gerðinu liggur til SSV og sést 7 m suðvestan við suðurhorn gerðisins. Það sést á 26 m löngum kafla og er mjög siginn. Hann er áþekkur veggjum gerðisins. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en ekki er ólíklegt að kálgarður hafi verið innan gerðisins og að girðing hafi verið ofan á garðlaginu.
Hættumat: engin hætta

SM-233:370 gerði kálgarður 723748 470347




Kálgarður 370, horft til vesturs.

Suðvestan Rakkabergs 115 í Hermannastekkum 117 er kálgarður. Hann er 760-770m aust-norðaustur af bæjarhól Búlandsness 001, tæpa 15m norðaustan við kálgarð 368 og rúma 200m norðaustan við Djúpavogskirkjugarð. Þessi kálgarður ásamt nálægum kálgörðum [(168, 366, 368, 372, 374 og 376) tilheyra að öllum líkindum matjurtarækt þorpsbúa á Djúpavogi.
Kálgarðurinn er undir flötum mýrlendum bakka í mólendi skammt norðan við tún sem hefur verið sléttað.
Kálgarðurinn er 13x11m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hann er að einhverju leyti grafinn inní brekkuna sem hann er í og snýr mót suðaustri. Garðlög afmarka kálgarðinn til norðausturs og suðvesturs. Þau eru frekar lítilfjörleg, ekki nema 20-40cm á hæð, uppmjó og í mesta lagi 1m á breidd. Þau eru mosa og grasivaxin en sést ekkert hleðslugrjót í þeim. Sennilega eru þau orpin frekar en hlaðin úr torfi og grjóti. Að norðvestan afmarkast kálgarðurinn af niðurgröfnum kanti sem er 30-40cm djúpur en að suðaustan eru mörkin mjög óljós.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SM-233:371 hleðsla hjallur 724983 469198

Mjög signar og ógreinilegar hleðslur eru uppi klapparholti vestan við Fýluvog sem nefnist Innri-Selabryggjur. Minjarnar eru 20 m suðvestan við tóft 373 og 130 m norðvestan við fornlega tóft 365.
Hleðslurnar eru á mosagrónum flata á holtinu.
Hleðslurnar er á svæði sem er um 3x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Um er að ræða






Ógreinilegar leifar af hjalli 371, horft til norðvesturs á mynd.

tvær grjótraðir en aðeins sjást fáir steinar í þeim upp úr mosanum. Suðaustari hleðslan er 5 m á lengd og 1 m á breidd. Norðvestari hleðslan er aðeins styttri, rúmir 4 m á lengd og svipuð á breidd. Á milli hleðslanna eru 1,5 m. Um 2,5 m suðaustan við minjarnar standa tveir steinar upp úr mosanum sem kunna að vera í tengslum við þær. Hér virðist vera um mjög fornar minjar að ræða en hlutverk ekki þekkt. Helst kemur til greina að hér séu leifar af hjalli.

Hættumat: engin hætta

SM-233:372 gerði kálgarður 723769 470400



Kálgarður 372, horft til austurs.

Milli Rakkabergs 115 og Hermannastakka 117 er kálgarður. Hann er tæpa 800m norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 75m suðvestan við Rakkaberg 115 og 250m norðaustan við kirkjugarð Djúpavogs. Þessi kálgarður ásamt nálægum kálgörðum (168, 366, 368, 370, 374 og 376) tilheyra að öllum líkindum matjurtarækt þorpsbúa á Djúpavogi.


Kálgarðurinn er undir klettum í brekku mót suðri. Landið er ágætlega grösugt en bæði innan og utan kálgarðsins mikið og virkt jarðvegsrof.

Kálgarðurinn er svo til ferhyrndur, 40x17m að stærð og snýr norður suður. Umhverfis hann er torf og grjóthlaðin girðing. Garðlagið í henni er 100-120cm á breidd og 30-80cm á hæð. Mikið rof er komið í það á nokkrum stöðum en sumstaðar virðist sem rofið hafi gróið.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SM-233:373 tóft skemma 724998 469211





Móstæði 373, horft til norðvesturs á mynd.

Torfhlaðin tóft er norðaustan undir lágu holti, Innri-Selabryggjur, sem er vestan við Fýluvog. Tóftin er 20 m norðaustan við hleðslur 371 og 100 m suðvestan mógrafir 225. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að hún sé af móstæði.

Tóftin er á grasigefnu og þýfðu svæði austan undir holtinu en mýrlent er í kringum hana til annarra átta en vesturs.

Tóftin er 3x3,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í austurhorni. Veggir tóftarinnar eru 0,5-1 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Austurhornið er ógreinilegt og hefur samlagast brún sem tóftin er hlaðin á. Sú brún virðist geta hafa myndast við móskurð en ekki eru skýr ummerki um mógrafir næst tóftinni.


Hættumat: engin hætta

SM-233:374 gerði kálgarður 723806 470260

Kálgarður er tæpa 800m aust-norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 95m austan við kálgarð 366 og um 220m austan við kirkjugarð Djúpavogs. Þessi kálgarður ásamt nálægum kálgörðum (168, 366, 368, 370, 372 og 376) tilheyra að öllum líkindum matjurtarækt þorpsbúa á Djúpavogi.

Kálgarðurinn er á mörkum túns sem hefur verið sléttað og lágs klettabeltis.

Kálgarðurinn er 16x10m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hann er í halla og snýr mót norðvestri. Hann afmarkast til suðausturs af niðurgröfnum kanti sem er 60cm djúpur og öðrum kanti til suðvesturs sem er 30cm djúpur. Meðfram norðausturhlið hans liggur 30cm hátt garðlag sem er tæplega 1m á breidd og einnig vottar fyrir svipuðu garðlagi á 4m löngum kafla meðfram norðvesturhlið. Þessi garðlög eru nokkuð lítilfjörleg og uppmjó. Ekkert hleðslugrjót sést í þeim.



Teikning af kálgarði 374.



Kálgarður 374, horft til norðvesturs.

Þau eru sennilega orpin.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SM-233:375 gerði kálgarður 725196 469051



Kálgarður 375, horft til suðvesturs.

Ungur kálgarður er norðan í litlu en allháu klapparholti sem heitir Ytri-Selabryggjur og er austan við syðsta hluta Fýluvogs. Fleiri kálgarðar og tóftir eru sunnan í sama holti, sjá 377.

Grasi gróið og smáþýft er norðan í holtinu. Lítilsháttar trjágróður er suðaustast í kálgarðinum sem er í halla til norðurs.

Kálgarðurinn er 23x20 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er litlu breiðari í norðurenda en í suðurenda. Gerðið sem afmarkar kálgarðinn er að mestu torfhlaðið og eru hleðslur í því 0,3 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Sumsstaðar eru hleðslur útflattar, m.a. á austurhlið. Í norðvesturhorni er jarðvegsrof en það er að mestu gróið eins og aðrir hlutar gerðisins. Kálgarðurinn er lítillega grafinn inn í halla til suðurs og er í aflíðandi halla til norðurs. Fast vestan við trjágróður í suðaustanverðum kálgarðinum er óveruleg torfhleðsla sem liggur í hlykkjum til norðausturs og skiptir kálgarðinum í tvo hluta.

Hættumat: engin hætta

SM-233:376 gerði kálgarður 724328 470776

Kálgarður er í Hermannastekkum 117, tæpa 750m aust-norðaustur af bæjarhól Búlandsness 001, um 200m norðaustan við kirkjugarð Djúpavogs og tæpa 30m norðvestan við kálgarð 370. Þessi kálgarður ásamt nálægum kálgörðum (168, 366, 368, 370, 372 og 374) tilheyrir



Kálgarður 376, horft til vesturs.

að öllum líkindum matjurtarækt þorpsbúa á Djúpavogi.

Kálgarðurinn er Í grunnri mólendiskvos milli lágra klettarana og hallar landið til suðausturs. Kálgarðurinn er 12x12m að stærð og er afmarkaður með gerði. Það er frekar lítilfjörlegt, ögn toppmjótt og greina má eitthvað af grjóti í því þó að það sé ekki mikið. Veggir gerðisins eru tæplega 1m á breidd og frá 10-60cm á hæð. Upphleðsla þeirra er mest að innanverðu og svo ytrabyrði suðausturhliðar sem er þó mögulega náttúrulegur bakki. Gerðið er mjög líklega orpið. Kálgarðurinn er á kafi í grasi.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SM-233:377 gerði kálgarður 725200 468985


Ungir kálgarðar og tóftir eru sunnan í litlu en allháu klapparholti sem heitir Ytri-Selabryggjur og er austan við syðsta hluta Fýluvogs. Einnig er kálgarður 375 norðan í sama holti.

Grasi gróið og smáþýft er sunnan í holtinu en grónar klappir eru syðst í því, sunnan við minjarnar. Minjarnar eru á svæði sem er 46x31 m að stærð og snýr austur-vestur. Innan þess eru tvær tóftir, ein gryfja og þrír kálgarðar. Allar minjarnar eru torfhlaðnar og fá þær bókstafi til aðgreiningar í lýsingu sem hefst á tóftum í norðausturhorni svæðisins. Tóftirnar eru í röð frá austri til vesturs og eru að hluta grafnar inn í halla mót suðri. Miðtóftin (A) er veglegust og er hún 5x5 m að stærð. Hún er einföld og torfhlaðin, op er á henni í suðurenda. Veggir tóftarinnar eru 1,5 m á breidd en norðurgafl og suðurgafl eru litlu mjórri. Veggjahleðslur eru lítillega farnar að síga saman en standa vel og eru 1,3 m á hæð syðst. Austan við tóft A er svæði í brekkunni sem hefur verið stungið út. Innan þess er lítil gryfja B. Hún er 1x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Er 0,4 m á dýpt. Lítil og samansigin tóft C er fast vestan við A. Hún er um 3x2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Innanmál tóftarinnar er óljóst og veggir eru óverulegir. Hæstir eru þeir 0,5 m. Stór kálgarður er framan og sunnan við tóftir og gryfju. Hann er afmarkaður af kanti til norðurs. Lítilfjörlegur garður E afmarkar hann til austurs og suðurs að hluta. Hann er 0,3 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Útflattur garður F afmarkar hann svo til vesturs og suðurs að hluta. Kálgarður þessi er 30 m langur (austur-vestur) og 20 m



Kálgarður 377, horft til NNV.

breiður í vesturhluta en 16 m breiður í austurhluta. Í austurhluta kálgarðsins er yngri kálgarður D sem hlaðinn er í U sunnan við minjar A-C, á flatlendi. Ekki er hlaðinn veggur á suðurhlið kálgarðsins sem er 10x9 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir kálgarðsins eru 0,4 m á breidd og 0,3 m á hæð. Í þeim sjást enn girðingarstaurar. Fast austan við þennan kálgarð er jarðvegsmön eftir uppmokstur. Í vesturenda svæðisins er kálgarður G sambyggður kálgarði E-F. Hann er 15x15m að stærð og er hlaðinn kantur sem afmarkar hann að vestan- og sunnanverðu. Klappir í holtinu afmarka hann til norðurs og útflattur garður F afmarkar hann til austurs.




Teikning af kálgarði og tóftum 377.

Hættumat: engin hætta

SM-233:378 gerði kálgarður 724328 470776





Kálgarður 378, horft til vesturs á mynd.

Kálgarður er í Háuhraunum vestan Innri-Gleðivíkur. Hann er tæplega 1,5km norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 240m norðvestan við Antoníusargarð 242 og rúmlega 350m sunnan við Æðarsteinsrétt 048.

Kálgarðurinn er í mólendi og þverar bilið milli tveggja klettarana.

Kálgarðurinn er 10x10m að stærð. Hann er undir háum klettavegg í lágri brekku mót suðaustri. Kletturinn myndar norðvesturhlið kálgarðsins en aðrar hliðar hans eru afmarkaðar með garðlagi. Norðausturhlið gerðisins er mun voldugri en hinar og er hún tæplega 1m á breidd og 50-80cm á hæð, hlaðin úr torfi og grjóti, nokkuð uppmjó og hliðar skarpar. Hinar eru einungis um 30cm

á hæð. Hugsanleg ástæða þess að norðausturhliðin er veglegri en aðrar hliðar gerðisins er að hún hafi fengið nýtt hlutverk sem fyrirhleðsla til að stýra umferð fjár og þá jafnvel verið hlaðin upp sérstaklega.
Hættumat: engin hætta


SM-233:379 frásögn lending 725357 469114



Horft til SSA yfir vikið þar sem lending 379 var í Breiðavogi.

Andrés Skúlason, heimildamaður, greindi frá því að menn hefðu lent bátum í breiðu viki suðvestarlega í Breiðavogi þegar siglt var á milli eyja úti fyrir Búlandsnesinu. Flestar, ef ekki allar eyjanna suðaustan við Búlandsnesið eru orðnar landfastar og aflögðust þessar siglingar af þeim sökum. Lendingin var 2,5 km suðaustan við bæinn í Búlandsnesi og 1,1 km SSA við Löngubúð 109 inni á Djúpavogi.
Lent var innst í flatlendu froðviki á bakka Breiðavogs þar sem lágir klettar mynda skeifu. Breiðivogur er að breytast í stóra tjörn vegna þessa að sandur hefur hlaðist upp yst í honum og er við það að loka honum. Grasi gróið er í vikinu þar sem lendingin var.
Engin mannaverk sjást þar sem bátum var lent við Breiðavog. Óvíst er að þar hafi verið nokkur mannvirki því náttúrulegar aðstæður virðast góðar.
Hættumat: engin hætta

SM-233:380 tóft óþekkt 724418 471143



Tóft 380, horft til suðurs.

Smá tóft er á klettarana suðvestur af Æðarsteinstanga. Hún er um 1,7km norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, rúmlega 100m austan við Æðarsteinsrétt 048 og rúmlega 370m norð-norðaustan við garðlag 378.
Tóftin er sunnarlega á klettarana sem liggur frá norðri til suðurs.
Tóftin er svo til ferhyrnd, um 4x3m að stærð og snýr austur vestur. Vegghleðslurnar liggja samsíða og snúa vestur og austur. Hleðsluhæð veggja er 30-50cm en þær eru úr lagi gengnar og signar svo að ekki er hægt að sjá fjölda

umfara í þeim. Hlutverk hennar er óþekkt en má hafa verið einhvers konar byrgi eða hjallur.
Hættumat: engin hætta

SM-233:381 *Íshústjörn* tóft skemma 725875 470797
Suðvestan við Íshústjörn, á mölinni milli tjarnarinnar og Hjaltalínsvíkur, sjást leifar af íshúsi. Minjarnar eru upp við stikaðan göngustíg sem liggur um Búlandsnesið, tæpum 310 m norðaustan við innsiglingarvörðu 035 og 150 m suðvestan við selminjar 032.
Leifar íshússins eru um 2 m sunnan við fjöruborðið. Svæðið er grasi vaxið en þó er greinilegt að ágangur sjávar eru nokkur og að í vondu veðri flæðir líklega yfir minjarnar og öldur kasta sandi og sjávarþangi yfir þær.
Tóftin er nokkuð illa farin og er norðausturhlið hennar alveg horfin, líklega bæði vegna ágangs sjávar en einnig vegna þess að göngustígur liggur þvert yfir þá hlið tóftarinnar. Tóftin er 6,5x4,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innanmál hennar er 4x2,5 m. Norður- og vesturveggir



Tóft af íshúsi 381 við Íshústjörn, horft til vesturs á mynd.

tóftarinnar eru heillegastir og eru þeir um 0,4 m á hæð en annarsstaðar eru veggjahleðslur 0,2 m á hæð. Tóftin er öll grasi gróin og hvergi sést í grjót í veggjum en líklegt er að hún hafi verið hlaðin úr torfi og grjóti. Erfitt er að gera sér grein fyrir því hvar hefur verið op á tóftinni, en líklega hefur það verið á norðaustur- eða suðausturhlið.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots


SM-233:382 tóft óþekkt 723733 471173
Vestan við Tóhólamýrar er klettarani nærri sjó sem liggur frá suðvestri til norðausturs, nyrst á honum er grjóthlaðin tóft. Hún er 1,3km norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, tæpa 750m norðan við Rakkaberg 115 og 580m austan við Æðarsteinsrétt. Hér sat Jakob í Fögruhlíð yfir ánum í Tóhólamýrinni.
Umhverfis beran skalla klettaranans er snöggvaxið mosagróið graslendi.
Tóftin er einföld, 2x2m að stærð og hefur op til suðurs. Vegghleðslur eru um 50cm á breidd,



Tóft 382, horft til norðurs.



Grjóthrúga nærri tóft 382, horft til suðausturs.




Teikning af tóft 382 og grjóthrúgu við hana.

30-60cm á hæð og í þeim sjást 4-5 umför. Hleðslur standa ágætlega þó að ekki líti út fyrir að vandað hafi verið sérstaklega til hleðslunnar. Líklegast má telja að tóftin hafi verið smalabyrgi. 2-3m norðvestan við tóftina er grjóthrúga í nokkrum halla. Til er sögn um að þar sé sjómaður af erlendu skipi heygður. Það verður að teljast frekar ósennilegt. Ekki er þó ljóst hvaða hlutverki grjóthrúgan hefur þjónað nema þá helst að hún sé afrakstur dægrastyttingar smala sem hefur leiðst aðgerðarleysið á góðum degi.

Hættumat: engin hætta

SM-233:383 tóft óþekkt 725345 469451





Tóft 383, horft til SSV á mynd.

Lítil og grjóthlaðin tóft er rétt norðan við Fýluvog. Tóftin er fast austan við lítinn hraunklett um 50 austan við akveg sem stefnir í átt til Nýjalóns og tæpum 50 m suðaustan við tóft 385. Tóftin

er um 2,4 km austan við Búlandsnesbæ 001.
Tóftin er á óræktuðu svæði, fast austan við lítinn hraunklett. Til suðurs er nær uppþornuð lækjarsytra.
Tóftin er einföld, 5x4 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er grjóthlaðin og sjást 2 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Mesta veggjahæð er á norðurhlið þar sem hún er 0,5 m og eru veggir 0,4-0,8 m breiðir. Greina má op í suðvesturhluta tóftarinnar. Lögun, staðsetning og stærð tóftarinnar bendir til þess að hún hafi verið notuð í tengslum við skepnuhald en ekki mótar fyrir frekari hólfaskipan, garða eða jötu í henni sem gæti gefið vísbendingar um nákvæmt hlutverk hennar og ekki hægt að skera úr um það án frekari rannsókna.
Hættumat: engin hætta

SM-233:384 tóft heystæði 724536 467807




Heystæði 384, horft til suðvesturs á mynd.

Í Kiðhólma er tóft sem er tæpa 2,7km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, 25m norðaustan við fjárhústóft 390 og um 650m suðvestan við bæjarstæði Hríseyjar 115. Sökum nálægðar hennar við fjárhústóft 390 má ætla að um heystæði sé að ræða.
Tóftin er fremst og syðst á klettarana all nærri sjó í grösugu mólendi.
Tóftin er tvískipt, 8x5m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Norðausturhólfið hefur mjög óljósa norðvesturhlið og þá virðist suðvesturhólfið ekki hafa suðausturhlið. Vegghleðslur eru tæplega 1m á breidd, 30-60cm á hæð og er ekki hægt að greina hleðslugrjót í þeim. Hleðslur eru signar og á kafi í grasi. Ógreinilegt op er á milli hólfa.
Hættumat: engin hætta

SM-233:385 tóft óþekkt 725362 469468
Sigin tóft er um 110 m austan við akveg sem stefnir í átt að Nýjalóni og tæpum 50 m norðvestan við tóft 383. Tóftin er um 2,4 km austan við Búlandsnesbæ 001.



Tóft 385, horft til norðurs.




Teikning af tóft 385.

Tóftin er á grasivöxnu og óræktuðu svæði, mitt á milli Fýluvogs og Syðri-Loftskjóla.
Tóftin er er 7x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er grjóthlaðin; sjást 2 umför af stæðilegu grjóti í veggjum sem eru 0,4 m á hæð. Tóftin er nálega L-laga og er reist upp við smáan hraunklett sem afmarkar norðurhlið hennar. Ekki er hlaðinn veggur á suðurhlið tóftarinnar. Lögun og stærð tóftarinnar bendir til þess að hún hafi verið notuð sem stekkur eða lítil rétt.
Hættumat: engin hætta

SM-233:386 tóft heystæði 723487 469245





Heystæði 386, horft til norðvesturs á mynd.

Norðaustur af Hundavogi og vestan Borgargarðsvatns er lítil tóft sem er að öllum líkindum heystæði. Tóftin er um 890m suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, rúma 410m sunnan við kálgarð 364 og tæpa 20m norðaustan við tóft 392 sem einnig er heystæði.
Tóftin er í grösugum móa og hallar landið lítið eitt að norðvesturs að Hundavogslæk.
Tóftin er upphlaðinn ferhyrndur pallur sem er 6x4m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hleðsluhæð hans er um 50cm. Grunn dæld liggur eftir endilöngum pallinum sem lætur langhliðar

hans líta út eins og veggi. Út frá legu og útliti tóftarinnar má gera ráð fyrir því að hún hafi verið nýtt sem heystæði.
Hættumat: engin hætta

SM-233:387 tóft óþekkt 725385 469487



Tóft 387, horft til austurs á mynd.

Lítil og einföld tóft, í suðausturhorni lítils hraunkletts, um 160 m austan við akveg sem stefnir til Nýjalóns og rúmum 65 m norðaustan við hleðslu 385. Tóftin er rúmum 2,4 km austan við Búlandsnesbæ 001.
Í kringum tóftina er þýft graslendi áberandi og er mosi mikill í sverði. Til suðurs og austurs er deiglent svæði.
Tóftin er 6x5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er L-laga en lítill hraunklettur afmarkar norðurhlið hennar. Hún er grjóthlaðin en á kafi í grasi og því sést ekki fjöldi umfara í hleðslum. Veggir eru 0,2-0,3 m á hæð og 0,3-0,5 m á breidd. Op er greinanlegt í vesturenda. Lögun tóftarinnar og stærð bendir til þess að hún sé aðhald fyrir skepnur, þótt ekki sé hægt að segja nánar um hlutverk tóftarinnar á þessu stigi.
Hættumat: engin hætta

SM-233:388 garðlag óþekkt 724937 468088
Grjóthlaðið garðlag er sunnarlega á austurströnd Hríseyjar. Það er tæpa 20m norðaustan við naust 361 og liggur þétt austan við hjall 359. Það er um 200m langt, alveg beint og snýr norð-norðvestur og suð-suðaustur.
Garðlagið liggur um gróðarvana klettarana.
Hleðslan í garðlaginu er víðast hvar einföld, nokkuð gisin og bara eitt umfar. Hleðslan í garðlaginu er víðast hvar einföld, nokkuð gisin og bara eitt umfar. Þar sem það er hæst sjást í því 2-3 umför. það er 40-60cm á hæð og um 50cm á breidd. Hlutverk garðlagsins er óþekkt en það er líklega ekki gamalt, ef til vill aðeins leifar girðingar sem hlaðið hefur verið undir.
Hættumat: engin hætta

SM-233:389 *Jónssel* örnefni sel 726299 469906

Í bók Ingimars Sveinssonar, Djúpivogur, segir: “Grjóteyrarmöl milli vatnsins og sjávar. Jónssel, grasgefin brekka við Grjóteyrarvatn.” Örnefnið Jónssel er merkt með stóru letri og nær yfir talsvert svæði á örnefnakorti fyrir Búlandsnes og nágrenni, litlu norðan við Sundabrekkumýri, austarlega á Búlandsnesinu. Ber merkingu á örnefnakortinu ekki saman við texta í bók Ingimars hér að framan. Svæðið sem örnefnið nær yfir á kortinu var gengið í þaula og stórt svæði í kringum það. Sá staður sem helst þótti koma til greina er sunnan eða suðaustan undir Grjóteyrartanga. Í Árbók Ferðafélagsins segir um Jónssel: “Suður af Grjóteyrartanga stóð fyrrum Jónssel [...].” Kemur það ágætlega heim og saman við þá staðsetningu sem líklegust þótti við vettvangsskráningu. Staðurinn er 3,3 km austan við Búlandsnesbæinn 001 og 420 m suðaustan við beitarhús 274.

Grösugt og stórþýft er á svæðinu og hallar frá klöppum á tanganum niður að sjó. Sunnan við meint selstæði er mýrlent.


Ekki sáust óyggjandi byggingaleifar sunnan undir Grjóteyrartanga en grænn grasgróður og stórþýfi gefur helst til kynna að þar kunni mannvirki að leynast undir sverði. Ekki er ljóst frá hvaða jörð þetta sel hefur verið.

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur 400 ár við voginn, 199; Örnefnakort-Búlandsnes; ÁFÍ 2002, 96

SM-233:390 tóft fjárhús 724518 467776



Fjárhústóft 390, horft til austurs.



Teikning af fjárhústóft 390.


Í Kiðhólma, litlum hólma sem er orðinn landfastur, er fjárhústóft. Hún er 2,7km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, 25m suðvestan við heystæði 384 og tæpa 700m suðvestan við bæjarstæði Hríseyjar 115. Sennilega hafa þau tengst búskap í Hrísey.

Tóftin er alveg niður við sjó á grösugu nesi.

Tóftin er orðin mjög óljós en hún mun vera tvískipt og um 10x10m að stærð. Vegghleðslur eru 1-1,5m á breidd og 10-30cm á hæð. Tóftin hefur að öllum líkindum verið hlaðin úr torfi og grjóti en þar sem hleðslur eru orðnar mjög útflattar og eyddar eru engar augljósar grjóthleðslur greinilegar. Hólfin tvö hafa verið samsíða og snúið norðaustur og suðvestur. Á vestara hólfinu virðist op hafa verið á suðvesturhlið og á austara hólfinu er suðvesturhornið mjög ógreinilegt. Slæmt ástand tóftarinnar má sennilega rekja til þess hversu svæðið er berskjaldað fyrir ágangi veðurs og sjávar. Um 3m austan við tóftina er grafinn brunnur, 3x1m að innanmáli og vætlar úr honum út í sjó. Mun brunnurinn vera í beinum tengslum við fjárhústóftina. Það er ekki vandað til hans og sjást engar grjóthleðslur í honum. Sennilega er um uppsprettu að ræða.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs

SM-233:391 tóft rétt 725802 469777






Rétt 391, horft til suðvesturs á mynd.

Í Loftskjólum er hlaðin rétt sem notuð var til sumarrúnings. Hún er miðja vegu milli Grjóteyrarvatns og Breiðavogs, um 2,8km austan við bæjarhól Búlandsness 001 og um 12m vestan við stekk 394.
Réttin er milli tveggja brattra klettaveggja sem liggja samsíða frá norðaustri til suðvesturs. Hefur bilið á milli þeirra verið þverað með tveimur grjóthleðslum.
Þessir klettaveggir mynda norðvestur- og suðaustur-langhliðar réttarinnar sem er 22m að lengd og 5m að breidd. Norðausturgaflinn er svo til alveg hruninn. Hann hefur staðið á náttúrulegri brún sem er 180-200cm á hæð. Suðvesturgaflinn stendur vel og er hann 90-100cm hár og um 150cm á breidd. Hleðslugrjótið er stórt og eru hleðslur ekki vandaðar. Við suðurenda réttarinnar að austanverðu er op en að vestanverðu er lítið skot inní klettavegginn sem hefur verið hlaðið fyrir. Þar hefur að öllum líkindum verið kró. Réttin er í landi sem hallar til suðurs. Gólf í réttinni er lítið gróið.
Hættumat: engin hætta

SM-233:392 tóft heystæði 723477 469227

Norðaustur af Hundavogi og vestan Borgargarðsvatns er lítil tóft sem er að öllum líkindum heystæði. Tóftin er rúmlega 900m suð-suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001, um 450m sunnan við kálgarð 364 og 15-20m suð-suðvestan við tóft 386 sem einnig er heystæði.





Heystæði 392, horft til suðurs á mynd.

Tóftin er í grösugum móa og hallar landið lítið eitt að norðvesturs að Hundavogslæk.

Tóftin er ferhyrndur pallur sem er 4x3,5m að stærð og snýr vestur og austur. Upphleðsla hennar er 30-60cm á hæð og virðist hlaðin úr torfi og grjóti. Á norðurhelmingi tóftarinnar er grjóthlaðinn rammi sem er 4x2m að stærð. Hugsanlega ummerki eftir minnkun eða einhvers konar breytingar á tóftinni. Tóftin er á kafi í grasi en út frá legu og útliti tóftarinnar má gera ráð fyrir því að hún hafi verið nýtt sem heystæði.

Hættumat: engin hætta


SM-233:393 hleðsla óþekkt 725896 470042

Grjóthlaðin tóft eða kannski öllu heldur aðhald er í Loftskjólum, um 2,85km austan við bæjarhól Búlandsness 001, um 180m vestan við Grjóteyrarvatn og rúma 40m norðan við hleðslu 395. Lítið er vitað um þessa grjóthlöðnu tóft en helst virðist um smáa rétt að ræða, frekar en stórt smalabyrgi.

Tóftin er norðvestan undir kletti í stórgrýttri skriðu.

Tóftin er 5x4m að stærð, eingöngu grjóthlaðin og slútir klettaveggurinn sem hún er byggð við, yfir hana. Hún snýr í norðaustur og suðvestur og er op á henni í norðausturenda. Vegghleðslur eru 70-100cm á hæð og um 1-2m á breidd. Þær eru óvandaðar og gisnar, úr mjög misstóru grjóti og eru þær mikið til fallnar nyrst. Einföld og gisin grjótröð skiptir tóftinni í tvö hólf og hefur innra og suðvestara hólfið grösugan og sléttan botn en í því ytra er botinn mjög ójafn. Innaf suðvesturhólfinu er lítill, 50-60cm hár, skúti sem er um 1-1,5m að dýpt.

Hættumat: engin hætta



Hleðsla 393, horft til austurs á mynd.

SM-233:394 tóft stekkur 725825 469782

Stekkjartóft er í Loftskjólum. Hún er miðja vegu milli Grjóteyrarvatns og Breiðavogs, um 2,78km austan við bæjarhól Búlandsness 001 og um 12m austan við rétt 391.

Stekkurinn er byggður upp að vesturhlið klettarana sem liggur frá norðaustri til suðvesturs.



Stekkur 394, horft til norðausturs á mynd.

Nærumhverfi stekkjarins einkennist af klettarönum og holtum en á milli þeirra eru grónar kvosir. Stekkurinn er 8x5m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hann er hlaðinn úr torfi og grjóti og liggja hleðslurnar milli kletta. Þannig myndar klettaveggurinn sem hann er hlaðinn upp að ásamt nálægum björgum norðvesturlanghlið stekkjarins, norðausturgafl og hluta af suðausturlanghlið líka. Vegghleðslurnar eru um 60cm á hæð og um 1m á breidd. Innrabyrðið er grjóthlaðið en ytrabyrðið er gróið grasi. Op er fyrir miðri suðausturlanghlið. Óverulegt veggjarbrot virðist vera í miðjum stekknum sem er um 40cm á hæð og um 50cm á breidd og má


hafa skipt stekknum í tvö rými. Annað mögulegt veggjarbrot er fyrir framan lítinn skúta sem er í norðurhorni stekkjarins og kann þar hafa verið kró.
Hættumat: engin hætta

SM-233:395 hleðsla óþekkt 725912 469994
Hleðsla er í Loftskjólum vestan Grjóteyrarvatns. Hún er á milli tveggja kletta um er 2,85km austan við bæjarhól 001, um 170m vestan við Grjóteyrarvatn og rúmlega 45m sunnan við tóft 393.


Hleðsla 395, horft til NNA.

Hleðslan er efst á nokkuð háum klettarana og er þaðan gott útsýni. Hún er á milli tveggja kletta efst og nyrst á klettarananum. Svæðið er gróið grasi og mosa en mjög grýtt.
Hleðslan er 120-150cm löng, liggur svo til austur og vestur og eru um 90cm á hæð að sunnanverðu en um 60cm að hæð að norðanverðu. Þetta er einföld hleðsla sem er 30-50cm á breidd og 4-5 umför. Hún er vel hlaðin. Ekki er vitað hvaða tilgang þessi hleðsla hefur haft. Hún hefur tæplega verið fyrirhleðsla vegna búfjár því til þess er hún of lítil og takmörkuð en vera má að hún tengist skotveiði.
Hættumat: engin hætta


SM-233:396 gerði rétt 722262 469813
Rétt sem nýtt var frá Merki 016 er 250-260m suð-suðaustan við bæjarstæði Merkis 016K, um 790m vest-suðvestan við bæjarhól Búlandsness 001 um 170 m norðan við þjóðveg nr. 1.



Rétt 396, horft til norðurs á mynd.

Réttin er á milli tveggja klettaveggja austan í stórum hraunrima sem liggur frá norðaustri til suðvesturs.
Réttin er 11x7m að stærð og snýr norð-norðaustur og suð-suðvestur. Hún er mynduð með því að þvergirða með tveimur grjóthlöðnum veggjum bil milli tveggja klettaveggja sem mynda langhliðar réttarinnar. Nyrðri hleðslan stendur og er hún um 120cm á hæð, 1m á breidd og í henni sjást 4-5 umför. Syðri hleðslan er svo til alveg fallin en einnig er mögulegt að hún hafi verið rifin því víðast hvar er hún bara eitt umfar. Upp við klettaveggina þar sem hún er hæst er hún um 70cm á hæð og þar sjást 3-4 umför. Grjóthleðsla liggur einnig eftir eystri klettaveggnum þar sem hann er lægstur og má þar sjá 2-4 umför.
Hættumat: engin hætta

SM-233:397 tóft óþekkt 726552 467672
Grjóthlaðin tóft sem er nánast alveg hrunin er vestast í Sandey, um 50 m norðan við Baðstofufjöru 054 og 85 m suðvestan við tóft 406. Sandey er syðsta eyjan úti fyrir Búlandsnesi og er 4,2 km






Tóft 397, horft til NNV á mynd.

suðaustan við bæinn í Búlandsnesi.
Tóftin er á grónum klöppum þar sem vatn situr sumsstaðar í pollum (eftir rigningar). Ofar og austar eru lágir klettar mót austri og þar innan og austan við er þýfður og nokkuð mýrlendur mói. Tóftin og næsta nágrenni hennar er grasi gróið en lynggróður og gras fjær.
Tóftin er um 3x4 m að stærð og snýr ASA-VNV. Hleðslur í veggjum eru hrundar nema austast á norðurvegg. Þar stendur hleðsla sem er 0,3 m á hæð og sjást 2-3 umför innanmáls. Veggir eru um 1 m á breidd en mjög úr lagi gengnir. Líklega er þetta einföld tóft en grjót liggur þvert yfir hana miðja sem skiptir henni í tvennt. Ætla má að þetta grjót sé úr hruni. Dyraop var á miðjum VNV-gafli. Þar sést dyrahellan enn. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.
Hættumat: engin hætta

SM-233:398 tóft hjallur 726644 468177



Hjallur 398, horft til norðurs á mynd.

Suðaustast í Úlfsey er tóft af hjalli. Hún er um 13m sunnan við hjall 413 sem einnig er í Úlfsey og rúma 4km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001.
Tóftin er austast og fremst á klettarana sem liggur norðaustur og suðvestur á landfastri eyju.
Tóftin er eingöngu grjóthlaðin, 6x4m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Vegghleðslurnar eru 3, liggja samsíða og snúa norðvestur og suðaustur. Ystu hleðslurnar eru 2 umför og 30-50cm á hæð en hleðslan í miðjunni er bara eitt umfar og um 30cm á hæð.
Hættumat: engin hætta

SM-233:399 hleðsla óþekkt 725882 469321

Grjótdreif sem gæti verið leifar af refagildru eða öðru hlöðnu mannvirki er á litlu klapparholti norðaustan við Breiðavog. Minjarnar eru 110 m norðaustan við refagildru 180 og 3 km ASA við bæinn í Búlandsnesi 001.



Hleðsla 399, horft til suðausturs.

Grjótið er á flötu holti sem er að miklu leyti mosavaxið en klappir og holmói hér og hvar. Grjótdreifin er á mosagróinni klöpp og nær yfir svæði sem er 2x1,2 m að stærð og snýr norðvestur-
suðaustur. Grjótið er skófum vaxið og er dreift, mosagróið er á milli þeirra. Það er á lágri brún og hefur fallið fram af henni að hluta. Ekki útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

SM-233:400 varða samgöngubót 726837 468572




Varða 400, horft til norðausturs (vinstri), og suðvesturs (hægri).

Á Úlfsey er varða við suðvestanverða Höfn 414. Höfn var áður vík en hefur fyllst af sandi og er þar nú gróið mýrlendi. Varðan er 15 m suðvestan við meinta tóft 153 og 108 m suðvestan við naust 346.
Varðan er hlaðin ofan á flatar klappir sem eru grónar mosa og skófum. Til suðausturs er skarð á milli klappa.
Varðan, sem er skófum vaxin og gróin, er um 1x1 m að grunnfleti og 0,7 m á hæð. Í henni sjást 3 umför á norðvesturhlið. Norðaustan við vörðuna er laust grjót sem gróið hefur yfir og kann það grjót að hafa hrunið úr vörðunni. Lítið holrými er neðst í vörðunni að norðvestanverðu. Er líklegt að það hafi myndast þegar hleðslur hafa sigið og aflagast. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en líklegt verður að teljast að hún hafi verið vegvísir, mögulega innsiglingarmerki.
Hættumat: engin hætta

SM-233:401 tóft+garðlag kálgarður 725864 469548
Kálgarður og tóft eru rétt austan við gróinn klettarana í Eystri-Loftskjólum, tæpum 60 m norðvestan við kálgarð 275 og rúmum 620 m austan við akveg.
Minjasvæðið er milli tveggja klettarana, á grösugu og þýfðu svæði. Umhverfis svæðið er fúin timburgirðing. Fast sunnan við minjasvæðið er óljós akslóði sem liggur nálega austur-vestur.
Minjasvæðið er 50x45 m að stærð og snýr austur-vestur. Í þessari lýsingu er minjum gefinn bókstafur til aðgreiningar og hefst hún nyrst, á kálgarði A. Hann er 40x20 m að stærð og snýr NNV-SSA. Garðurinn skiptist í tvö hólf en ekki er útilokað að hann hafi náð lengra, þá hefur hann verið 50 m á lengd og skipst í þrjú hólf. Veggir eru torfhlaðnir, mest 0,6 m á hæð Í NNV enda, en 0,3 m á öðrum hliðum. Veggjabreidd er 0,4-0,6 m. Veggir eru heillegir ef frá er talið suðausturhorn garðsins sem er útflatt. Með ágætum vilja má greina 3 beð í nyrðri hluta garðsins. Ekkert op er greinilegt á kálgarðinum. Tóft B er 15 m SSV við kálgarð A. Hún er einföld,



Kálgarður 401, horft til suðurs.



Teikning af kálgarði 401.

14x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Eingöngu suður- og vesturveggir tóftarinnar eru varðveittir. Þeir eru torfhlaðnir, 0,4 m á hæð og 0,4 m á breidd. Ekkert op er sjáanlegt á tóftinni; hugsanlega hefur það verið á þeim hliðum sem eru útflattar. Stærð og staðsetning tóftarinnar bendir til einhvers konar gerðis, mögulega hefur þar verið annar kálgarður.
Hættumat: engin hætta

SM-233:402 tóft óþekkt 726883 468706



Tóft 402, horft til austurs.

"Milli Lynghólma og Úlfseyjar er Kríuhólmi og sunnar Úlfseyjarhólmi og innar Úlfseyjarstapi. Úlfsey var verstöð; þar var góð Höfn og tuttugu skipa uppsátur [sjá 416] og tekin 4 mk. undir hvert (fasteignamat frá 1804); þar eru margar hjallatættur [152, 398, 410 og 413]," segir í örnefnaskrá.
"Á austanverðri Úlfsey gegnt Hafnarey heitir Höfn, sandfylltur vogur og orðinn mýrlendi. Vottar þar fyrir hleðslum af tveimur húsum [030 og 402] og nausti [346]," segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Verstöðin í Úlfsey var að líkindum þar sem heitir Höfn (sjá 414) um 4,1 km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001 og má þar sjá tvær óljósar tóftir sem gætu verið leifar verbúða og er önnur þeirra skráð hér en hin undir minjanúmeri 030. Tóft 402 er um 8m norðvestan við tóft 030, rúma 4km aust-suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001 og um 30m norðaustan við naust 346.
Tóftin er efst í grösugri og deiglendri kvos sem girt er lágum klettum. Kvosin opnast til suðausturs.
Tóftin er einföld, 4x3m að stærð og snýr norð-norðaustur og suð-suðvestur. Ekkert hleðslugrjót sést í henni og því er hún mögulega eingöngu torfhlaðin. Vegghleðslur sem eru á kafi í grasi eru

1-1,5m að breidd og 20-50cm á hæð.
Hættumat: engin hætta

SM-233:403 mannvirki 726683 467877




Mannvirki 403, horft til norðausturs (hægri), og suðvesturs (vinstri).

Nyrst í Sandey eru leifar af steyptu mannvirki sem tengist uppskipun steypuefnis sem flutt var út í Ketilboðafles og notað í byggingu Ketilboðavita í kringum 1946. Þessar minjar eru ekki nógu gamlar til að teljast til fornminja en mikilvægt þótti að skrá þær engu að síður. Þær eru til vitnis um framkvæmdir sem voru mikilvægar fyrir öryggi sjófarenda og eru óðum að hverfa í sand.
Mikill sandur er á milli eyjanna suðaustan við Búlandsnesið og eru þær nánast allar orðnar landfastar. Nyrsti hluti Sandeyjar er illa farin af sandfoki sem færir gróður og kletta í kaf. Melgresi bindur sandinn að nokkru leyti.
Leifar af mannvirkinu er á svæði sem er 1,5-2 m á lengd og 1,5 m á breidd en það er að hluta hulið sandi. Sitt hvoru megin við lítið skarð inn í klöpp eru steyptar undirstöður. Innan við þær til suðvesturs er þunn steypt plata sem er nánast öll undir sandi. Byggingarefnið í vitann var flutt á þennan stað og það svo flutt í 12 tonna bát sem flutti það í Ketilboðafles. Steypan í vitann var hrærð úti í Ketilboðaflesi.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SM-233:404 tóft beitarhús 727578 468554
Beitarhústóft er í Hvaley sunnan við tjörn þar sem áður var vík inn í eyna til norðurs. Tóftin er austan við hæsta hluta eyjarinnar 170 m norðaustan við Helli 031 og 260 m norðan við beitarhústóft 405 í eynni Kálki. Hvaley er meðal suðaustustu eyjunum úti fyrir Búlandsnesi og er 4,8 km ASA við bæinn í Búlandsnesi 001.
Grasi gróið og flatlent er í kringum tóftina en stutt er í fjöru til austurs þar sem talsvert landbrot er. Suðvestan við tóftina er sandfjara og vex melgresi í sandinum. Hvaley er orðin landföst eins






Beitarhús 404, horft til norðvesturs á mynd.

og langflestar eyjar úti fyrir Búlandsnesi.

Tóftin er einföld og ferköntuð, að miklu leyti grjóthlaðin. Hún er 6,5x5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Op er á miðjum suðausturgafli. Mesta hæð veggja utanmáls er 0,8 m. Þar sjást 3 umför í hleðslu. Hleðslur tóftarinnar eru orðnar yfir grónar að hluta en innanmál er enn nokkuð skýrt. Veggja hleðslur eru lítillegar farnar að hrynja inn í tóft. Engin ummerki sjást um jötur eða garða í tóftinni.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SM-233:405 tóft beitarhús 727664 468301





Beitarhús 405, horft til suðvesturs á mynd.


Beitarhústóft er nyrst í eynni Kálki, 260m sunnan við beitarhústóft 404 í Hvaley, tæplega 5km aust-suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001 og um 1km austan við hjall 152 í Úlfsey.

Tóftin er á flatri grösugri eyju sem varð landföst á 9. og 10. áratug síðustu aldar.

Tóftin er einföld, 7x5m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er hlaðin úr torfi og

grjóti og standa veggir vel. Ytrabyrði er 50-80cm á hæð en innrabyrði er 50-100cm á hæð og er suðausturgaflinn hæstur. Innrabyrðið er grjóthlaðið og sjást 3-5 umför. Leifar af timburgrind má enn finna við allar hliðar sem haldið hafa uppi þekjunni. Slétt og vel valið grjót er í hleðslum sem eru ágætlega hlaðnar. Vegghleðslur eru 1-1,5m á breidd.
Hættumat: engin hætta

SM-233:406 tóft heystæði 726599 467748



Heystæði 406, horft til suðausturs á mynd.

Heystæði er norðvestast í Sandey og var það í eigu Berufjarðarkirkju sem nytjaði svæðið umhverfis. Tóftin er um 50m suðaustan við hjall 411 sem einnig er í eyjunni, 470-480m sunnan við hjall 152 í Úlfsey og rúma 4,2km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001.
Tóftin er suðaustan undir lágum klettarana framan við grösugt mýrlendi í eyju sem er orðin landföst.
Tóftin er einföld, 7x5m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Ekkert op er á tóftinni og eru vegghleðslur mjög rúnnaðar og á kafi í grasi. Í þeim finnst hvorki fyrir né sést í grjóthleðslur. Ytrabyrði veggja sem er að jafnaði skýrara en innrabyrðið er 30-80cm á hæð en innrabyrðið er 20-40cm á hæð. Vegghleðslur eru um 1,5m á breidd.
Hættumat: engin hætta


SM-233:407 hleðsla vörslugarður 725868 468506
Slitrur af grjóthlöðnum vörslugarði sjást liggja umhverfis norðaustur-, norðvestur- og suðvesturhliðum Orkneyjar. Orkney er um 3,2km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001 og 200m austan við flugvöllinn á Djúpavogi.
Hleðslan er yst og fremst á klettóttri strönd Orkneyjar.



Hleðsla 407 í Orkney, horft til suðausturs á báðum myndum.

Slitrur af hleðslu er að finna meðfram strandar Orkneyjar og sést hleðslan á um 240m löngum kafla. Hún er annað hvort mikið til fallin eða hefur aldrei verið mjög burðug. Hún er sjaldan mikið meira en 1-2 umför og liggur oftast milli kletta. Hún hefur verið til þess að varna fé sem þar var beitt niðurgöngu af eynni.
Hættumat: engin hætta

SM-233:408 garðlag óþekkt 724543 471335



Garðlag 408, horft til norðurs á mynd.

Grjóthlaðið garðlag er á Æðarsteinstanga við Æðarsteinsvita 412, um 2km norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001 og um 330m norðaustan við Æðarsteinsrétt 048.
Garðlagið liggur um grösugt svæði milli klettóttrar strandar til austurs og klettarana til vesturs. Klettaraninn liggur frá suðvestri til norðausturs og þar á enda hans stendur Æðarsteinsviti.
Garðlagið er um 9m langt, 50-100cm á breidd og 10-30cm á hæð. Á stórum hluta virðist það mikið til sokkið í landið og jafnvel hefur eitthvað af grjóti verið tínt úr því. Hlutverk þess er ekki þekkt en ekki er óhugsandi að það hafi þjónað sem vörslugarður.

Hættumat: engin hætta

SM-233:409 hleðsla óþekkt 724435 471226



Hleðsla 409, horft til ASA.

Lítil grjóthleðsla er nærri norðurenda ílangs og mjós klapparholts, í grunnu viki inn í klettana. Aflíðandi halli í stöllum er frá henni til vesturs. Hleðslan er 180 m suðvestan við Æðarsteinsvita 412 og 150 m norðaustan við Æðarsteinsrétt 048.

Grasi gróið er næst hleðslunni en á þessu svæði eru klapparhryggir sem eru hálfgrónir grasi og lyngi og móar og mýrar á milli. Nokkuð mýrlent er til norðurs og NNV út að sjó.

Hleðslan virðist hvorki gömul né vönduð og er tilgangur hennar ekki ljós. Hún er 2,5 m löng og er hlaðin til VNV frá lágum klettum. Hleðslan er 0,4 m á hæð og er einhlaðin. Í henni sjást 2-3 umför. Grjótið í hleðslunni er skófum vaxið en þrátt fyrir það virðist mannvirkið ekki gamalt. Ekki er að sjá augljósar hleðslur í nágrenninu sem hafa getað myndað aðhald eða tóft.

Hættumat: engin hætta

SM-233:410 tóft hjallur 726630 468219



Hjallur 410, horft til norðausturs.

Grjóthlaðin tóft af hjalli er í suðaustanverðri Úlfsey og eru fleiri hjallar í nágrenninu. Hjallurinn er til að mynda tæpa 25m norðvestan við hjall 413 og um 30m vestan við hjall 152 sem einnig eru í Úlfsey. Þá er hann um 4km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001.


Hjallinn er á ógrónu klettaholti á landfastri eyju.

Tóftin er 7x5m að stærð og snýr svo til norður og suður. Hleðslur eru óljósar og eru þær mjög gisnar og er oft bara um eitt umfar að ræða en þó er sumstaðar 2 umför í þeim. Þær 30-40cm á hæð. Ekki er hægt að greina neitt áberandi op á tóftinni. Óljós ummerki um hleðslu eru eftir miðri tóftinni.

Hættumat: engin hætta

SM-233:411 tóft óþekkt 726575 467792





Tóft 411, horft til suðausturs á mynd.

Tóft með óþekkt hlutverk er fremst á sjávarbakka, norðvestast í Sandey. Hún er um 50m norðvestan við tóft 406 sem einnig er í eynni, 430-440m sunnan við hjall 152 sem er í Úlfsey og rúma 4,2km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001.
Tóftin er fremst á klapparholti niður við sjó og hallar landið til suðvesturs.
Tóftin er eingöngu grjóthlaðin, um 2x1,5m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hleðslugrjótið er frekar stórt og eru hleðslur óvandaðar. Vegghleðslur eru 30-50cm á hæð og í þeim má sjá 1-3 umför. Ekkert augljóst op er á tóftinni. Þó að ekkert sé hægt að segja með vissu um hlutverk tóftarinnar má draga þá ályktun út frá gerð og staðsetningu tóftarinnar að um hjall gæti verið að ræða.
Hættumat: engin hætta

SM-233:412 *Æðarsteinsviti* hús samgöngubót 724549 471365
Æðarsteinsviti er á Æðarsteinstanga um 2km norðaustan við bæjarhól Búlandsness 001 og um 330m norðaustan við Æðarsteinsrétt 048. Hann er alveg fremst á klettarana sem liggur út í sjó.



Æðarsteinsviti 412, horft til norðausturs.

Vitinn er á klettatanga sem skagar út í sjó. Umhverfis bera klettana er snögggrónir grasbalar.
Vitinn á Æðarsteinstanga er innsiglingarviti og var byggður 1922 í miklu átaksverkefni á úrbótum í þessum málaflokki og er hann enn í notkun. Sjálfur vitinn er innfluttur frá Noregi en Thorvald Krabbe og Guðmundur

J. Hlíðdals hönnuðu vitahúsið. Þeir hönnuðu þrjár gerðir vitahúsa og er Æðarsteinsvitinn af þeirri gerð sem var lægst. Þessi gerð er um 2,7m á alla kanta, standa á lágum sökkli, með múrhúðaða veggi og með einstallað efnismikið þakskegg. Æðarsteinsviti var upphaflega hvítur með láréttar rauðar rendur en var málaður gulur 1966. Á honum er steinsteypt handrið með burstsettum opum. Upphaflega var hann lýstur með steinolíuljóstæki, þá gasi en 1987 var sett í hann rafmagn.

Heimildir: Vitar á Íslandi 2002, bls. 69-70, 177, 190 og 346

SM-233:413 tóft hjallur 726646 468194



Hjallur 413, horft til vesturs.

Tóft af hjalli er í suðaustanverðri Úlfsey og eru þar þrjár aðrar hjallatóftir 398, 410 og 152. Hjallurinn sem hér um ræðir er um 13m norðan við hjall 398, rúma 25 suðvestan við hjall 152, tæpa 25m suðaustan við hjall 418 og rúma 4km suðaustan við bæjarhól Búlandsness 001.

Hjallinn er á ógrónum klettarana á landfastri eyju.

Tóftin er einföld, 5x5m að stærð og eingöngu grjóthlaðin. Innanmál hennar er 2x1m og snýr það austur vestur. Ekkert op er á henni. Norðurlanghlið tóftarinnar stendur og má þar telja 3-4 umför en suðurlanghliðin er svo til alveg fallin. Hleðsluhæð veggja er 20-40cm.

Hættumat: engin hætta

SM-233:414 *Höfn* örnefni lending 726820 468694



Horft til NNV yfir Höfn 414.


"Milli Lynghólma og Úlfseyjar er Kríuhólmi og sunnar Úlfseyjarhólmi og innar Úlfseyjarstapi. Úlfsey var verstöð; þar var góð Höfn og tuttugu skipa uppsátur [sjá 416] og tekin 4 mk. undir hvert (fasteignamat frá 1804); þar eru margar hjallatættur [152, 398, 410 og 413]," segir í örnefnaskrá. "Á austanverðri Úlfsey gegnt Hafnarey heitir Höfn, sandfylltur vogur og orðinn mýrlendi. Vottar þar fyrir hleðslum af tveimur húsum [030 og 402] og nausti [346]," segir í Árbók

Ferðafélags Íslands. Örnefnið Höfn felur í sér að þar hafi verið hægt að leggja að skipi eða lenda því. Svæðið í kringum Úlfsey hefur breyst mjög mikið og eru eyjar sem áður voru umflotnar sjó núna orðnar landfastar. Er Úlfsey þeirra á meðal. Engin mannvirki fundust í voginum sem ber nafnið Höfn og hægt var að tengja hafnarmannvirkjum en náttúruleg lending hefur þar sennilega verið góð áður en vogurinn fylltist af sandi.
Heimildir:ÁFÍ 2002, 96

SM-233:415 þúst óþekkt 726523 468148



Þúst 415, horft til ASA (vinstri), og NNA (hægri).



Teikning af þúst 415.

Í Úlfsey er grjót að koma í ljós undan lítill sandþúst á lágri klöpp um 50 m sunnan við fundarstað brýnis 061. Minjarnar eru suðvestarlega í eynni sem er illa farin af uppblæstri vegna sands sem berst inn á eyjuna og færir gróður í kaf. Úlfsey er ekki lengur umflotin og er hægt að komast út í hana þurrum fótum. Hún er 200 m norðan við Sandey og 4 km suðaustan við bæinn í Búlandsnesi 001.

Á þessum hluta eyjarinnar sjást berar klappir upp úr sandöldum sem melgresi bindur saman að nokkru leyti. Fundarstaður brýnisins er suðvestan undir allháum klapparhóli sem er flatur að ofan og með brattar hliðar (lóðréttar). Á milli þessa klapparhóls og grjótþústarinnar rennur vatnslæna úr lítilli tjörn sem er litlu norðaustan við þústina.

Sandþústin og grjót úr meintum hleðslum eru á svæði sem er um 4,5x3,5 m að stærð og snýr ASA-VNV. Í VNV-enda sandþústarinnar er grjót að koma í ljós undan sandinum. Þetta grjót er fremur smátt en einn stór steinn, líklega hornsteinn, er í vesturhorni. Laust grjót er svo meðfram SSV-jaðri þústarinnar. Grjótið í VNV-enda þústarinnar er á um 1 m breiðu bili. Sandþústin er

0,8 m á hæð. Ekki er útilokað að hér sé aðeins um náttúrumyndun að ræða. Laust grjót er einnig að koma undan sandi 3-4 m suðvestar er það er miklu minna og sandþústin þar er lág.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs


SM-233:416 heimild um uppsátur 726792 468689
"Milli Lynghólma og Úlfseyjar er Kríuhólmi og sunnar Úlfseyjarhólmi og innar Úlfseyjarstapi. Úlfsey var verstöð [sjá 030 og 402]; þar var góð Höfn [414] og tuttugu skipa uppsátur og tekin 4 mk. undir hvert (fasteignamat frá 1804); þar eru margar hjallatættur [152, 398 og 413]," segir í örnefnaskrá. "Á austanverðri Úlfsey gegnt Hafnarey heitir Höfn, sandfylltur vogur og orðinn mýrlendi. Vottar þar fyrir hleðslum af tveimur húsum [030 og 402] og nausti [346]," segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Ekki er ljóst hvar 20 skipa uppsátur var á tímum verbúðar í Úlfsey. Líklegt er að það hafi verið innst í voginum Höfn. Hann hefur fyllst af sandi og er að gróa upp. Engin ummerki sjást um lendingu þar eða uppsátur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Búlandsnes, 2; ÁFÍ 2002, 96

SM-233:417 heimild
"Einnig [auk Úlfshaugs 060] var grjóthaugur þar [í Úlfsey] nálægt fjöru að norðvestan, nú sandorpinn," segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Staðsetning þessa grjóthaugs er ekki þekkt og reyndist ekki unnt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.
Heimildir: ÁFÍ 2002, 96

SM-235 Bjargarrétt

2 hdr 1847. Hjáleiga Búlandsness (SM-233)

1919: Tún 0,59ha, garðar 160 m2.



Túnakort Bjargarréttar frá 1919 lagt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Á kortið hafa verið merktar inn allar skráðar minjar í túninu og næsta nágrenni þess.

SM-235:001 *Bjargarrétt* bæjarhóll bústaður 722799 469869

"Bær í Bjargarrétt mun hafa staðið til vors 1911, en þá er haldið uppboð á öllum eignum Guðna Eiríkssonar grashúsmanns. [...]," segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Þar segir einnig: "Bjargarrétt, klettum girtur hluti af Búlandsnestúni. Bjargarrétt var áður sérstakt býli; síðar voru þar fjárhús [009] frá Búlandsnesi, kartöflugarðar [007?], súrheysgryfja [004?] og fjárrétt [010], og nú hin síðari ár mikil skógrækt […]." Lítil sem engin ummerki um bæjarhús Bjargarréttar sjást lengur og nákvæm staðsetning þeirra er ekki þekkt. Bærinn er ekki merktur inn á túnakort frá 1919 og má ætla að þá hafi þegar verið búið að rífa hann. Bærinn var suðaustan



Bæjarstæði Bjargarréttar 001, horft til NNV

undir Bjargarréttarklettum, líklega litlu suðvestan við kálgarð 007. Tveir rithættir eru á nafni bæjarins; Bjargarrétt og Bjargarétt. Síðari ritháttur inn er líklega upprunalegri og samanstendur af orðhlutunum björg (bjarg í ft.) og rétt.

Mikill skógrækt er í túni Bjargarréttar og er þéttur greniskógur undir Bjargarréttarklettum sem þó er búið að grisja mikið. Skógarbotninn er vaxinn grasi og mosa.


Suðvestan við kálgarð 007 eru óljós ummerki um kálgarð eða kartöflugarð, mögulega kartöflugarðana sem nefndir eru í tilvísun hér að ofan og voru notaðir frá Búlandi eftir að Bjargarrétt fór í eyði. Garðurinn hefur verið grafinn inn í aflíðandi hallann suðaustan undir Bjargarréttarklettum og meðfram neðri mörkum hans að suðaustanverðu er grjóthlaðinn kantur. Þessi kartöflu-/kálgarður er frá því eftir 1919 því hann er ekki merktur inn á túnakort. Hann virðist vera um 25 m langur og 4-5 m langur, snýr norðaustur-suðvestur. Við suðvesturenda kartöflu-/kálgarðs kunna að vera leifar af bænum í Bjargarrétt en þar bungar brekkan lengst út frá klettunum. Einnig er mögulegt að minjar um bæinn hafi verið á því svæði sem kartöflu-/kálgarðurinn var síðar á.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 54, 194; Túnakort 1919

SM-235:002 tóft útihús 7228808 469860





Útihús 002, horft til norðausturs á mynd.

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1919 um 30 m norðaustan við útihús 003 og fast suðaustan við áætlaða staðsetningu bæjar 001. Tóft útihússins sést enn.

Túnið í Bjargarrétt er í aflíðandi halla til suðausturs frá Bjargarréttarklettum. Í túninu eru víða klettar og mikil skógrækt er innan þess.
Tóftin er einföld, um 6x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er hlaðin ofan á og norðvestan við klett í túni. Veggir eru grjóthlaðnir að mestu leyti og eru 1-1,2 m á breidd. Op er á tóftinni í suðurhorni. Mesta hæð veggja utanmáls er 0,4-0,5 m. Þar sjást 1-2 umför hleðslu en innanmáls sjást 3 umför. Hleðslur eru orðnar signar og farið er að hrynja úr þeim inn í tóftina. Suðvesturgaflinn er nánast allur hruninn. Búið er að koma fyrir afsöguðum trjágreinum inni í tóftinni og eru þær orðnar yfirgrónar.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919

SM-235:003 tóftir útihús 722788 469833




Útihús 003B, horft til norðausturs.



Útihús 003A, horft til norðausturs.

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1919 um 30 m suðvestan við útihús 002 og um 40 m suðvestan við meinta staðsetningu bæjar 001. Tvær tóftir eru á þessum stað í túninu og eru þær báðar hlaðnar upp við stuttan berggang.
Túnið í Bjargarrétt er í aflíðandi halla til suðausturs frá Bjargarréttarklettum. Í túninu eru víða klettar og mikil skógrækt er innan þess. Þéttur greniskógur vex allt í kring um tóftirnar og innan annarrar þeirrar. Skógarbotninn er mosavaxinn. Aflíðandi halli er frá tóftunum til austurs.
Bergganguri nn sem tóftirnar eru hlaðnar utan í er 6x2 m að stærð og liggur NNA-SSV. Hann er um 2 m á hæð og er VNV-hlið hans lárétt og slétt en ASA-hliðin er kúptari. Tóft



Teikning af útihúsi 003.

A er hlaðin upp að VNV-hlið berggangsins. Hún er einföld og 4x2 m að stærð ef berggangurinn er undanskilinn. Tóftin snýr NNA-SSV og er op á henni í SSV-enda. Innanmál hennar er orðið óljóst vegna hruns eða fyllingar, en afsöguðum trjágreinum úr skóginum virðist hafa verið safnað saman þar og eru þær orðnar yfirgrónar. Tóftin er að mestu grjóthlaðin og eru veggir hennar 0,6 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Við dyraopið sjást 2-3 umför í hleðslum. Tóft B er hlaðin upp að ASA-hlið berggangsins og er 4x3 m að utanmáli en 2x2 m að innanmáli. Hún er hlaðin í hálfhring og er op á henni upp við klettinn í SSV-enda. Tóftin er grjóthlaðin og eru veggir hennar 0,4-0,5 m á hæð. Í þeim sjást 3 umför í hleðslum. Svo virðist sem lítilsháttar uppsöfnun sé undir þessari tóft og er líklegt að eldri mannvirki séu undir henni. Há grenitré eru mjög nærri tóftinni og eitt vex inni í henni. Samanlagt eru tóftirnar á svæði sem er 7x4 að stærð og snýr VNV-ASA.


Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Túnakort 1919

SM-235:004 tóft útihús 722834 469900



Útihús 004, horft til vesturs.



Teikning af útihúsi 004 og kálgarði 006.


Hringlaga útihús er merkt inn á túnakort frá 19219og var það 45-50 m norðaustan við útihús 002 og meinta staðsetningu bæjarins 001.

Túnið í Bjargarrétt er í aflíðandi halla til suðausturs frá Bjargarréttarklettum. Í túninu eru víða klettar og mikil skógrækt er innan þess. Grenitré vaxa á norðvesturhluta tóftar og allt í kring. Þar sem ekki er trjágróður á tóftinni er hún vaxin grasi.

Tóftin er um 5 m í þvermál utanmáls og 2 m í þvermál innanmáls. Hún er nokkuð regluleg að lögun en þó er hrun úr henni til austurs. Ekki er greinilegt op á tóftinni. Hún er að mestu grjóthlaðin en gróin. Veggir hennar eru 1,5 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Mögulega eru

þetta leifar af súrheysgryfju frá Búlandsnesi SM-233 sem sagt er frá í bókinni Djúpavogi eftir Ingimar Sveinsson.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 194

SM-235:005 tóft útihús 722860 469917



Teikning af útihúsi 005.


Útihús 005, horft til suðvesturs.

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1919 um 30 m norðaustan við útihús 004 og 80 m norðaustan við meinta staðsetningu bæjarins 001. Lítil tóft sést enn á þessum stað og er hún hlaðin suðaustan undir lágum klapparhrygg sem hverfur fljótlega í tún til norðausturs.
Túnið í Bjargarrétt er í aflíðandi halla til suðausturs frá Bjargarréttarklettum. Í túninu eru víða klettar og mikil skógrækt er innan þess. Trjágróður er ofan í og suðvestan við tóft þýft tún í órækt er norðaustan við tóftina og þar er lítill skóglaus blettur.
Tóftin er tvískipt og er 6x4 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Í suðvesturenda hennar er greinilegt hólf sem er 1,5x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því í austurhorni. Lítið hólf með lægri og mjórri veggi er í norðausturenda tóftar. Það er 2x1 m að innanmáli og snýr eins og hitt hólfið. Ekki er skýrt op á því en líklega hefur það verið í suðurhorni. Mesta hæð veggja er 0,6 m og virðast þeir að mestu grjóthlaðnir en eru yfirgrónir og því sést ekki fjöldi umfara.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919

SM-235:006 gerði kálgarður 722828 469896
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1919 fast suðvestan við útihús 004 og 110 m norðaustan við meinta staðsetningu bæjarins 001. Veggur sem ætla má að hafi verið hluti af gerði umhverfis kálgarðinn sést enn á milli tveggja kletta.
Túnið í Bjargarrétt er í aflíðandi halla til suðausturs frá Bjargarréttarklettum. Í túninu eru víða klettar og mikil skógrækt er innan þess. Innan kálgarðsins vaxa gríðarstór grenitré og



Kálgarður 006, horft til suðvesturs.

liggur göngustígur meðfram suðausturjaðri kálgarðsins.

Kálgarðurinn er í halla til suðvesturs. Veggurinn sem enn sést er greinilegur á 5 m löngum kafla frá norðurhorni kálgarðs til suðvesturs. Þaðan sést innri brún veggjarins áfram á 5 m löngum kafla. Veggurinn er 0,6 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hann er grjóthlaðinn og gróinn. Mögulega er einnig grjóthlaðinn kantur í suðurhorni kálgarðs en þar er stórt grenitré og eru meintar minjar illgreinanalegar. Klettar hafa að líkindum afmarkað kálgarðinn til suðausturs.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Túnakort 1919

SM-235:007 gerði kálgarður 722815 469898



Kálgarður 007, horft til NNA.

Kálgarður í túnjaðri er merktur inn á túnakort frá 1919. Á túnakorti má sjá að hlaðnir veggir voru á NNA- og ASA-hliðum kálgarðsins. NNA-veggurinn er einnig hluti af rétt 010 og er lýst með henni en önnur ummerki um kálgarðinn sjást ekki lengur. Hann var suðaustan undir Bjargarréttarklettum 10 m VNV við kálgarð 006 og 30 m norðaustan við meinta staðsetningu bæjarins 001.

Túnið í Bjargarrétt er í aflíðandi halla til suðausturs frá Bjargarréttarklettum. Í túninu eru víða klettar og mikil skógrækt er innan þess. Kálgarðurinn var í aflíðandi halla til ASA. Gras vex sumsstaðar í skógarbotninum en þar sem skógurinn er þéttastur er mosi eða enginn gróður í botninum.

Sem fyrr segir sjást engin ummerki um kálgarðinn ef frá er talinn veggur sem hann átti sameiginlega með rétt 010. Grenitré vaxa innan þess svæðis sem kálgarðurinn var á og liggur göngustígur meðfram honum að ASA-verðu. Ekki er útilokað að grjót hafi verið tekið úr kálgarðshleðslum við stígagerð.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Túnakort 1919

SM-235:008 garðlag túngarður 722888 469901



Túngarður 008, horft til suðurs.

Á túnakort frá 1919 er merkt stutt garðhleðsla suðaustast í túninu. Á þessum stað sjást leifar af grjóthlöðnum garði uppi á klettum í túnjaðri, upp af Liljustöðum SM-233:112 og 90 m ANA við meinta staðsetningu bæjarins 001.

Garðurinn er á mosagrónum klettum. Hátt og bratt er fram af þeim til suðausturs. Til norðvesturs er þýft tún sem komið er í órækt og er mikil skógrækt fast neðan við garðinn og í kringum bæjarstæði Bjargarréttar.


Garðurinn er 2,5 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er lítilfjörlegur, aðeins 0,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Í honum sjást 1-2 umför hleðslu. Garðurinn hefur verið einhvers konar túngarður þó að hann sé aðeins stuttur bútur.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Túnakort 1919

SM-235:009 tóft fjárhús 722844 469916






Fjárhús 009, horft til vesturs á mynd.

“Bjargarrétt, klettum girtur hluti af Búlandsnestúni. Bjargarrétt var áður sérstakt býli [001]; síðar voru þar fjárhús frá Búlandsnesi, kartöflugarðar [007?/001?], súrheysgryfja [004?] og fjárrétt [010], og nú hin síðari ár mikil skógrækt […],” segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. Tóft fjárhúsa frá Búlandsnesi er á milli tveggja kletta, um 70 m norðaustan við meinta staðsetningu bæjarins í Bjargarrétt 001 og 200 m suðvestan við bæinn í Búlandi SM-233:001. Fjárhúsin eru ekki sýnd á túnakorti fyrir Bjargarrétt frá 1919 og hafa því að öllum líkindum verið byggð eftir það. Tóftin er því á mörkum þess að geta talist til fornminja vegna ungs aldurs.

Mikil skógrækt er í túni Bjargarréttar og vaxa stór og gömul tré innan tóftarinnar og allt í kringum hana. Tóftin sjálf er vaxin mosa og grasi.
Tóftin er grjóthlaðin einföld. Hún er 12x8,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hlaðinn veggur á suðaustur-langhlið þar sem hefur verið timbur- og/eða bárujárnsþil. Veggur á norðvestur-langhlið er hlaðinn í aflíðandi halla og er hann mjórri en skammhliðarnar sem eru 1,5 m breiðar. Veggjahleðslur standa vel og eru 1,3 m á hæð utanmáls en 1,5 m á hæð innanmáls. Þar sjást 8 umför í hleðslum. Engin ummerki sjást um garða eða jötur í fjárhúsunum.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 194

SM-235:010 hleðsla rétt 722820 469915



Teikning af rétt 010.



Rétt 010, horft til SSV.

"Bjargarrétt, klettum girtur hluti af Búlandsnestúni. Bjargarrétt var áður sérstakt býli [001]; síðar voru þar fjárhús [009] frá Búlandsnesi, kartöflugarðar [007?/001?], súrheysgryfja [004?] og fjárrétt, og nú hin síðari ár mikil skógrækt […]," segir í bókinni Djúpivogur eftir Ingimar Sveinsson. "Milli hárra hamra er fjárrétt í Bjargarétt," segir í örnefnaskrá Búlandsness. Fjárréttin er litlu utan og norðvestan við mitt tún Bjargarréttar, um 15 m norðvestan við útihús 004 og 230 m suðvestan við bæinn í Búlandsnesi SM-233:001.
Mikil skógrækt er allt í kringum réttina þó að ekki vaxi tré innan hennar sjálfrar. Göngustígur um skóginn liggur í gegnum réttina, á milli hárra klettaveggja. Innan réttarinnar er sléttlent og

þar vex gras og mosi.
Réttin er í 7-8 m breiðu skarði milli hárra klettaveggja. Hlaðnir veggir loka skarðinu að norðaustan- og suðvestanverðu og mynda þannig rétt sem er 14x8 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Veggurinn í SSV-enda réttarinnar er 7 m á lengd og er hlykkur á honum til SSV. Rask hefur orðið í ASA-enda veggjarins þar sem gönguleið liggur í gegnum hann. Op er svo á milli VNV-enda hlaðna veggjarins og klettaveggjarins, það virðist upprunalegt. Þessi veggur er rúmlega 1 m á breidd og er hæstur um 1 m. Í honum sjást 4-5 umför hleðslu. Veggurinn stendur nokkuð vel og er mosagróinn en hrunið hefur úr ytri brún hans. Veggurinn í NNA-enda réttarinnar stendur betur og kann að hafa verið endurhlaðinn. Veggurinn er 6,5 m á lengd en nokkurn veginn á honum miðjum er 2 m breitt skarð í hann þar sem gönguleið liggur í gegnum réttina. Ekki er útilokað að þarna hafi upphaflega verið op inn í réttina. Veggurinn er 2 m breiður VNV við opið en litlu mjórri ASA við það. Hann er hlaðinn í halla til SSV og stendur ytri brún hans ekki upp úr jörðu en innri brúnin er 1,3 m á hæð og í henni sjást 5 umför.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 194; Ö-Búlandsnes, 2

SM-235:011 garðlag túngarður 722764 469804


Túngarður 011, horft til suðausturs.

Leifar af túngarði umhverfis túnið í Bjargarrétt sjást á nokkrum stöðum í suðvestur- og norðausturendum túnsins.
Túnið í Bjargarrétt er í aflíðandi halla til suðausturs frá Bjargarréttarklettum. Í túninu eru víða klettar og mikil skógrækt er innan þess.
Hlutar af túngarði sjást á svæði sem er 200x70 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hverjum hluta garðsins er gefinn bókstafur til aðgreininar í lýsingu sem hefst suðvestast á svæðinu. Þar sést garðurinn (A) á 15 m löngum kafla þar sem hann liggur frá Bjargarréttarklettum til suðausturs. Garðurinn er 1,5 m á breidd og víðast er hann 0,5 m á breidd. Þar sem ytri brún garðsins er hæst er hún 1 m. Garðurinn er siginn og úr lagi genginn. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Elsti skógurinn er innan við (norðaustan) við garðinn og er þar þéttur greniskógur. Yngri og lægri tré vaxa utan við (suðvestan) garðinn. Meðfram norðausturenda túnsins sést annar hluti af túngarði (B) inni í birkiskógi, sitt hvoru megin við tóft 016. Hún kann að hafa verið sambyggð túngarðinum en það samband sést ekki lengur og er hún því skráð undir sérstöku númeri. Norðvestan við tóftina sést garðurinn á 15 m löngum kafla. Hann er grjóthlaðinn en víðast vel gróinn. Garðurinn er um 1 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Þar sem hann liggur yfir klappir er hann lægri og mjórri og ekki eins vel gróinn. Þar má sjá 2 umför í hleðslum. Suðaustan við tóftina sést garðurinn aftur

á 15 m löngum kafla en sést orðið illa vegna trjágróðurs. Hann endar frammi á bjargbrún við suðausturjaðar túnsins. Um 20 m norðvestan við túngarðshluta B er jarðlæg grjóthleðsla (C) uppi á Bjargarréttarklettum sem hefur afmarkað túnið til norðvesturs. Hún er 12 m á lengd og liggur norðaustur-
suðvestur. Hleðslan er 0,3-0,5 m á breidd og 0,1-0,3 m á hæð. Að lokum er svo einföld steinaröð (D) 13 m suðvestar. Hún er 14 m löng og 0,1-0,3 m á hæð. Í henni sjást 1-2 umför. Einnig er stutt jarðlæg grjóthleðsla (E) uppi á klettunum nærri suðvesturenda túnsins. Hún sést á 3-4 m löngum kafla og snýr NNA-SSV.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

SM-235:012 varða óþekkt 722758 469815




Varða 012, horft til austurs (vinstri), og suðurs (hægri).

Stór og stæðileg varða er uppi á brún Bjargarréttarkletta, rétt utan og vestan við suðvesturenda túnsins í Bjargarrétt.
Mikill og þéttur greniskógur er í túni Bjargarréttar neðan við klettana til suðausturs en ofan við klettana eru mýrlent á milli klappa.
Varðan virðist ekki ýkja gömul. Hún er 1,5 m á hæð og er 1 m í þvermál að grunnfleti en mjókkar upp. Í henni sjást 8 umför og eru steinar í henni skófum vaxnir. Jarðlæg grjótröð (10 m löng) liggur frá henni til vesturs. Ætla má að þarna hafi verið netagirðing sem búið er að rífa og getur verið að varðan hafi þjónað sem girðingarstaur en neðst í henni sést járnvír.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

SM-235:013 garðlag vörslugarður 722751 469805
Hruninn grjótgarður er á brún Bjargarréttarkletta suðvestan við tún Bjargarréttar. Hann liggur til



Vörslugarður 013, horft til SSV.

suðvesturs frá túngarði 011A og er fast NNA við tóft 014. Líklega hefur garðurinn þjónað sem vörslugarður.


Mýrlendi er ofan við klettana til norðvesturs og gróinn mói neðan við þá til suðausturs. Í móanum er skógrækt sem er þó yngri en sú sem er innan túns Bjargarréttar. Mýrarlæna rennur í gegnum garðinn og hefur rutt grjóti niður brekkuna. Í henni er grjótskriða.

Garðurinn sést á 11 m löngum kafla þar sem hann hlykkjast meðfram klettabrúninni frá túngarði 011 í norðaustri að klettanibbu til suðvesturs. Garðurinn er útflattur, 0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Mest sjást tvö umför hleðslu. Umfang hans er það lítið að ætla má að girt hafi verið ofan á hann með gaddavír.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

SM-235:014 tóft óþekkt 722749 469802





Óþekkt tóft 014, horft til NNA.

Lítil grjóthlaðin tóft er suðaustan undir hæstu brún Bjargarréttarkletta, litlu sunnan við tún Bjargarréttar. Tóftin er fast suðvestan við vörslugarð 013 og 85 m suðvestan við meinta staðsetningu bæjarins 001

Allbratt en ekki mjög hátt er niður af klettunum til suðausturs þar sem er skógrækt í mólendi. Ofan við klettana er mýrlent.

Tóftin er hlaðin suðaustan undir grónum kanti á milli kletta og myndar hann norðvesturhlið

hennar. Tóftin er einföld, um 5x3 m að stærð og snýr NNA-SSV. Innanmál tóftarinnar er 2x3 m. Hleðslur í veggjum eru hrundir og stendur ekki steinn yfir steini. Veggirnir eru um 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Ekki er augljóst op á tóftinni. Hlutverk þessarar tóftar er ekki þekkt. Ekki er útilokað að hún hafi verið notuð sem kvíar og bendir fjarlægð hennar frá bæ helst þess en síður lögun tóftarinnar.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

SM-235:015 garðlag túngarður 722903 469917



Túngarður 015, horft til SSV.

Stuttur grjótgarður liggur fram á bjargbrún austast í túni Bjargarréttar. Þar er flatur stallur og er garðurinn á SSV-brún stallsins. Frá honum hallar ákveðið niður að Liljustöðum SM-233:112 til suðvesturs. Garðurinn er 24 m sunnan við túngarð 011C og 18 m norðaustan við túngarð 008 sem er líka stuttur og hefur sömu stefnu.

Á stallinum sem garðurinn er á vex mosi og lyng en mikill greniskógur er fast suðvestan við garðinn og skógrækt er hér allt í kring.

Garðurinn er aðeins 3 m langur og liggur norðvestur-suðaustur, þvert á stefnu klettanna sem hann er hlaðinn á. Líklegt er að hann hafi náð lengra til norðvesturs, að lágum kletti. Þar er mosagróið og jarðlægt stórgrýti á um 3 m löngum kafla. Garðurinn er 1 m á breidd og grjót í honum er af ýmsum stærðum. Það er þó frekar smátt af hleðslugrjóti að vera. Hæstur er garðurinn 0,4 m og sjást 3 umför í honum. Ætla má að þessi garður hafi lokað skarði í klettana og afmarkað þannig lítinn hluta túnsins.


Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

SM-235:016 tóft útihús 722893 469947

Sigin tóft er í birkiskógi innan skógræktarinnar í túnum Bjargarréttar og Búlandsness. Tóftin er hlaðin norðvestan við lága klöpp og er önnur klöpp fast norðvestan við tóftina. Túngarður 011C liggur frá tóft og fram á bjargbrún við suðausturjaðar túnsins. Mögulega var tóftin sambyggð túngarðinum en það sést ekki lengur. Tóftin er 120 m norðaustan við meinta staðsetningu bæjarins 001.

Tóftin er í norðausturjaðri túns sem komið er í órækt, á mörkum túns og móa. Mikil skógrækt er hér allt í kring og vaxa birkitré á tóftinni og í kringum hana. Í skógarbotninum vex mosi og gras. Tóftin er einföld og virðist að mestu grjóthlaðin en er vel gróin og ekki sést í hleðslur. Tóftin er um 6x4,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hlaðið fyrir suðvesturenda tóftarinnar þar sem líklega hefur verið þil með dyrum. Veggir tóftarinnar eru rúmur 1 m á breidd, ef frá er skilinn suðausturveggur sem er hlaðinn upp við lága klöpp. Hæstir eru veggir 0,3 m. Ætla má





Útihús 016, horft til suðvesturs á mynd.

að tóftin sé af útihúsi en ekkert er vitað um nánara hlutverk hennar. Hún er ekki teiknuð inn á túnakort frá 1919. Líklegra er að hún hafi þá verið komin úr notkun en að hús hafi verið reist á þessum stað eftir 1919.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

SM-235:017 hleðsla rétt 722826 469930




Rétt 017, horft til norðausturs á báðum myndum (hleðsla A til vinstri og B til hægri).

Tvær hleðslur mynda aðhald milli kletta í Bjargarréttarklettum litlu norðaustan við fjárrétt 010 og 60 m norðaustan við meinta staðsetningu bæjarins 001.

Á milli klettanna er mosa- og grasigróið en grenitré vaxa í austurhluta aðhaldsins og mikil skógrækt er hér allt í kring.

Aðhaldið eða réttin er á milli tveggja fremur lágra kletta og eru 3-4 m á milli þeirra. Innanmál réttarinnar er 11x3,5 m og snýr hún austur-vestur. Hleðsla A er í austurenda réttarinnar, þar sem bilið milli klettanna er aðeins 2,5 m breitt. Hún hefur líklega náð milli klettanna en aðeins sést nyrsti hluti hennar sem er um 1 m á lengd og breidd. Svo virðist sem að syðri hlutinn hafi verið rifinn og syðst er laust grjót undir klettum. Í vesturenda réttarinnar er grjóthleðsla B. Hún er um



Teikning af rétt 017.

8 m á lengd en op er á henni nærri suðurenda. Hæst er hún norðan við opið eða 1,2 m og þar sjást 4 umför hleðslu en hún lækkar hratt og í norðurenda er hún hlaðin ofan á klappir sem mynda norðurvegg réttarinnar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

5. Niðurstöður

Ekki er vitað hversu langt aftur í aldir byggðin á Búlandsnesi nær en elstu heimildir um jörðina eru frá lokum 14. aldar.[1] Þar er getið um bænhús á jörðinni sem lá undir kirkjujörðina Háls, næstu jörð til norðvesturs. Búlandsnes var orðin Kristfjárjörð á fyrri hluta 16. aldar en slíkar jarðir voru gefnar til framfærslu fátækra.

Í jarðamati frá 1695 var Búlandsnes metin á 12 hundruð[2] og hefur hún því verið meðaljörð á austfirskan mælikvarða. Í Jarðabók Johnsens frá 1847 var jörðin hins vegar ekki metin nema á 6 hundruð en í því mati er búið að draga frá dýrleika hjáleiganna Borgargarðs (4 hndr) og Bjargarréttar (2 hndr).[3] Borgargarður er innan þéttbýlisins á Djúpavogi og er fjallað um þá jörð í skýrslu um fornleifaskráningu á því svæði sem kom út 2018. Bjargarrétt var hins vegar rétt suðvestan við bæinn á Búlandsnesi og náðu tún jarðanna nánast saman. Það er því einnig fjallað um þá jörð í þessari skýrslu.



Horft yfir skráningarsvæðið til VNV. Ljósmynd: Andrés Skúlason.

Fjölbreytt landslag er innan Búlandsness. Bærinn sjálfur er suðaustan undir allháum hálsum norðvestast á jörðinni. Skógræktarfélag Djúpavogshrepps, stofnað 1952, hefur stundað skógrækt í túnum Bjargarréttar og Búlandsness og næsta nágrenni þeirra undanfarna áratugi og kallast skógræktarsvæðið Hálsaskógur. Mest er um barrtré í skóginum sem er orðinn mjög þéttur

1 Íslenskt fornbréfasafn IV (sjá DI), 230-231.
2 Björn Lárusson 1967: 328.
3 Bls. 379.

og hefur breytt ásýnd landsins. Fjölmargar minjar eru í stórhættu af völdum trjáræktarinnar.

Frá bænum sést yfir allt nesið sem er nokkuð jafnlent en landslagið á því einkennist af mýrlendi á milli klapparholta og mikið er um bergganga sem liggja flestir norðaustur-suðvestur. Samkvæmt málvenju á svæðinu eru klappir og grjótholt nefnd *hraun* og mýrlendi nefnt *blá* eða *blár* í fleirtölu. Sér þessa víða stað í örnefnum á jörðinni en til eru örnefnakort fyrir Búlandsnesið[4] sem reyndust mjög gagnleg fyrir skráninguna.

Ströndin er vogskorin en mikill sandur berst inn öll sund og voga suðaustast á nesinu þannig að í Fýluvogi og Breiðavogi eru nú eingöngu stórar tjarnir og flestar eyjar og sker eru orðin landföst. Sandurinn veldur miklum skemmdum á gróðri í eyjunum og eru sumar þeirra mjög illa farnar af jarðvegsrofi. Ásýnd suðausturhluta Búlandsness hefur að vonum breyst mjög mikið af þessum sökum. Ekki er ljóst hvað veldur sandburðinum meðfram ströndinni á sunnanverðum Austfjörðum en líklegt er talið að hann komi frá söndunum miklu sunnan við Vatnajökul upp með austurströndinni samfara hægu landrisi.[5]



Horft yfir eyjaklasann suðaustast á skráningarsvæðinu en flestar eyjarnar eru orðnar landfastar. Papey sést í fjarska. Ljósmynd: Andrés Skúlason.

Kirkjur á jörðunum Berufirði og Berunesi áttu eyjar og sker úti fyrir Búlandsnesi. Í örnefnaskrá Búlandsness kemur fram að Beruneskirkja átti Sandey og Berufjarðarkirkja átti m.a. Hafnarey, Hrísey og Kiðhólma.[6] Það vekur athygli að nöfn sumra eyjanna við suðausturenda Búlandsness eiga sér samsvörun í nöfnum eyja á Orkneyjum norðan við Skotland. Nefna má

4 Það kort sem mest var notað er aðgengilegt á vefsíðu sveitarfélagsins: https://www.djupivogur.is/Djupivogur/Nattura/Bulandsnes/ en það var unnið í samstarfi við Ingimar Sveinsson og Eyjólf Guðjónsson og byggir að miklu leyti á eldra korti Eyjólfs (sjá umfjöllun hér: https://www.djupivogur.is/Frettir/Adalvefur/Ornefnaskraning/
5 Hjörleifur Guttormsson (sjá ÁFÍ) 2002: 100.
6 Bls. 5-6.

Orkney, Sandey og Egilshólma en samsvarandi nöfn í Orkeyjum er Orkney (samnefnari fyrir eyjaklasann), Sanday og Egilsay. Þá er eyjan Papey nokkru utar en nesið og er sérstök jörð en í Orkneyjum er líka eyja sem heitir Papay (Papa Westray). Ekki er ljóst hvað veldur þessum líkindum eða hversu gömul þessi örnefni eru. Í þessu sambandi má nefna að aðalpersóna Þorsteins sögu Síðu-Hallssonar var hirðmaður Sigurðar Orkneyingajarls er hann dvaldi í eyjunum snemma á 11. öld. Þorsteinn var sonur Síðu-Halls, landnámsmanns á Hofi í Álftafirði.[7] Hann tók við goðorði föður síns eftir hans dag og bjó einnig á Hofi.[8] Á tíð Þorsteins var Gautavík í Berufirði næsta höfn við Hof en þar var verslunarstaður fram undir lok 16. aldar þegar Fýluvogur og svo seinna Djúpivogur taka við sem verslunarstaðir fyrir sunnanverða Austfirði.[9] Á leiðinni inn að Gautavík er siglt framhjá Papey og eyjunum suðaustan við Búlandsnes. Má hugsa sér að sjófarendum sem til þekktu í Orkneyjum (eins og Þorsteini Síðu-Hallssyni) hafi þótt líkindi með eyjaklösunum tveimur og gefið eyjum og skerjum úti fyrir Búlandsnesi sömu eða svipuð nöfn og voru á eyjum í Orkneyjum. Hver sem skýringin kann að vera er þessi líkindi örnefna í öllu falli áhugaverð.

Minjaflokkar

Segja má að samsetning minja á jörðunum Bjargarrétt og Búlandsnesi, utan þéttbýlisins, endurspegli að miklu leyti hefðbundinn landbúnað í dreifbýli meðfram sjósókn. Þó er nokkur fjöldi ungra minja í nágrenni þéttbýlisins og tengist búsetu þar. Mest eru það kálgarðar og útihús sem þorpsbúar hafa haft til þess að afla sér viðurværis meðfram sjósókn og launaðri vinnu.

Minjarnar sem skráðar voru innan Bjargarréttar og Búlandsness voru fjölmargar. Alls voru skráðir 204 minjastaðir en um 250 einingar. Minjarnar eru nokkuð fjölbreyttar og hér á eftir fylgir yfirlit um helstu flokka þeirra innan jarðanna. Eingöngu er fjallað um það svæði sem er utan við þéttbýlið.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld fram til þessa og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingarleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mikilla og fölbreytilegra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngripi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð.

Tveir bæjarhólar voru skráðir vorið 2018, annars vegar bæjarhóll Búlandsness 233:001 og hins vegar bæjarhóll Bjargarréttar 233:001. Bæjarhóll Búlandsness er enn vel greinilegur en er í stórhættu vegna trjágróðurs sem vex á sjálfum hólnum og í nágrenni hans. Hóllinn er um 45

7 Íslensk fornrit XI. 1954.

8 Bogi Th. Melsteð. 1907-1915: 736.

9 Lesa má um verslunarstaðinn í Gautavík og fornleifarannsóknir sem þar voru gerðar á árunum 1979-1980 í skýrslunni *Untersuchungen auf dem mittelalterlichen Handelsplatz Gautavik, Island* eftir Thorstein Capelle. Hún kom út í íslenskri þýðingu í ritinu Ólafíu árið 2009. Í nýlegri bók er fjallað um Gautavík í ljósi nýrra athugana á minjum og heimildum, sjá: Mehler, Natascha et al. 2020.

m í þvermál og 1,5 m hár. Á miðjum hólnum er grunnur síðasta íbúðarhússins á jörðinni en auk hans eru tóftir af fjósi 233:005, og útihúsum 233:003, 233:004 og 233:007 á hólnum.

Bjargarrétt var áður hjáleiga Búlandsness og náðu tún jarðanna nánast saman. Jörðin var orðin lögbýli á 19. öld en fór í eyði vorið 1911 og virðist þá hafa verið lögð undir Búlandsnes aftur. Mikill og þéttur skógur er í túni Bjargarréttar og hefur skógrækt breytt ásýnd landsins mikið innan skógræktarsvæðisins í Hálsaskógi. Ekki sjást nein ummerki um bæjarhús Bjargarréttar og ekki er fullvíst hvar bærinn stóð. Ætla má að hann hafi verið suðaustan undir Bjargarréttarklettum en þar sjást ekki skýr ummerki um mannvist. Ekki er vitað hvenær byggð hófst á jörðinni en líkur eru til þess að Búlandsneshjáleiga 233:012 sé annað nafn hjáleigu á sama stað. Í Jarðabók Johnsens er þess getið að sú jörð hafi verið í byggð árið 1760.[10] Ekki er víst að búið hafi verið nógu lengi í Bjargarrétt til þess að bæjarhóll hafi náð að myndast en enginn bæjarhóll sést í túninu.

Samtala	Sérheiti	Sérheiti-2	Tegund	Hlutverk	Hlutverk-2
SM-233:001	Búlandsnes		bæjarhóll	bústaður	
SM-235:001	Bjargarrétt	Bjargarétt	bæjarhóll	bústaður	kartöflugarður
SM-233:012	Búlandsneshjáleiga		bæjarstæði	býli	
SM-233:014	Halldórshjáleiga		bæjarstæði	býli	
SM-233:015	Hrísey		bæjarstæði	býli	
SM-233:016	Merki		bæjarstæði	býli	
SM-233:017	Eyfreyjunes		bæjarstæði	býli	
SM-233:021	Ásmundarhús		tóft	býli	fjárhús
SM-233:051	Gunnukofi		bæjarstæði	býli	
SM-233:112	Liljustaðir		hleðsla	býli	

Tafla 1. Bæjarhólar og býli á skráningarsvæðinu.

Alls voru átta önnur býli og bústaðir skráðir innan Búlandsness 2018. Litlar upplýsingar um þessi býli virðast vera til og um mörg þeirra gildir að ekkert er vitað um það hvenær byggðin hófst eða hversu lengi hún varði. Þegar hefur verið minnst á Búlandsneshjáleigu 233:012 sem ekki tókst að staðsetja og líkur eru til að hafi verið á sama stað og Bjargarrétt. Ekki reyndist heldur unnt að staðsetja Halldórshjáleigu 233:014 og engar minjar fundust á skráningarsvæðinu sem koma til greina sem leifar af býlinu. Hjáleigan er nefnd í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar sem birtist í Múlaþingi 5 og er hún talin hafa farið í eyði 1757.[11] Búið var í Hrísey 233:015 í stuttan tíma seint á 19. öld og geta heimildir ekki um að búseta hafi verið þar fyrir þann tíma. Á bæjarstæðinu er lítil tvískipt býlistóft úr torfi og grjóti sem stendur vel.

Miklar minjar eru enn sýnilegar í túni Merkis 233:016 sem, eins og nafnið bendir til, var býli út við merki á milli Hálsþorps og Búlandsness. Búið var í Merki fram til 1961 en ekki er vitað hvenær byggð hófst á þessum stað. Ekki er til túnakort fyrir býlið og leit eftir þessu

10 1847, nmgr. bls. 379.
11 1970: 186.

bæjarheiti í manntölum skilaði ekki niðurstöðum. Það bendir því margt til þess að það hafi fyrst verið byggt á 20. öld en ekki er útilokað að stopul byggð hafi verið þar fyrr á öldum. Býlinu tilheyrðu 15 minjaeiningar sem eru í eða við tún þess. Mjög lítil ummerki eru á bæjarstæðinu (K) og þar er nánast engin uppsöfnun mannvistarlaga. Nyrst í túninu er lítill trjálundur austan við kálgarð (D). Þar eru ummerki (O) sem benda til þess að þar kunni að hafa verið eldra bæjarstæði en ekkert er vitað um það með vissu. Á norðanverðu nesinu, nærri merkjum á móti Teigarhorni eru einnig nokkuð heillegar minjar um býlið Eyfreyjunes 233:017. Ekkert er vitað um fyrstu byggð í Eyfreyjunesi eða hvenær býlið fer í eyði en leit í manntölum á manntalsvef Þjóðskjalsafns Íslands skilaði niðurstöðum fyrir árið 1890. Þá voru hjón með tvö börn til heimilis þar. Húsbóndinn er sagður lifa á fiskveiðum og kona hans var yfirsetukona.[12] Minjarnar í Eyfreyjunesi eru upp og suður af samnefndu nesi og eru í mjög litlu og rýru túni. Innan þess eru sjö minjaeiningar; tvær útihúsatóftir, fjögur gerði sem eru líklega kálgarðar og bæjartóft sem virðist vera tvískipt. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og eru hleðslur í henni orðnar signar og yfirgrónar. Utan við túnið og austan við það var skráð ógreinileg gryfja með býlinu, mögulega brunnur.

Ásmundarhús 233:021 eru einnig út við merki á móti Hálsþorpi neðan og suðvestan við býlið Merki. Þau eru nefnd í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar í Múlaþingi 5 frá 1970. Þar sem Ásmundarhús eru merkt inn á örnefnakort fyrir Búlandsnes og nágrenni er tvískipt tóft sem líkist frekar fjárhúsum en býlistóft. Tóftin er á fremur mýrlendu svæði og er torfhlaðin. Ekki er útilokað að fleiri minjar sem tengjast búsetu á þessum stað hafi verið hér í gennd en ekki var komið auga á þær þegar vettvangsskráning fór fram. Ekki er vitað hvenær búið var í Ásmundarhúsum, né heldur hversu lengi búsetan varði.

Heimildir eru um að Gunnukofi 233:051 hafi verið austan við túnið á Búlandsnesi. Nafnið gefur til kynna að kona að nafni Guðrún/Gunna hafi búið þar en engar frekari heimildir hafa fundist um eðli eða aldur þessa minjastaðar. Á þessum stað stendur íbúðarhúsið Askur og sjást ekki lengur nein ummerki um Gunnukofa. Fast sunnan við tún Bjargarréttar eru hleðslur sem tilheyra Liljustöðum 233:112. Þar hefur verið byggt upp við háan, lóðréttan klett en ekkert er vitað um aldur minjanna. Þær eru í mikilli hættu vegna skógræktar.

Að lokum er vert að geta þess að í kringum 1970 var grafin hola í lítinn hól suðvestast á Úlfsey í kringum 1970. Komið var niður á fornt öskulag og þar fannst gamalt steinbrýni (sjá 233:061). Öskulagið gefur búsetu til kynna en hún kann að hafa verið árstíðabundin. Engin ummerki sjást á yfirborði á þessum stað vegna foksands og jarðvegseyðingar.

Kirkjur og legstaðir

Heimildir geta um bænhús á Búlandsnesi 233:002 en staðsetning þess er ekki þekkt. Líklegt verður að teljast að það hafi staðið nærri bænum á Búlandsnesi, jafnvel á bæjarhólnum, en engin ummerki um það sáust á vettvangi.

Mjög goðsagnakennd sögn er til um Úlfshaug 233:060 í Úlfsey en samkvæmt henni voru

12 www.manntal.is

þrír bræður í fornöld hauglagðir þar sem sjást mátti á milli þeirra; Úlfur í Úlfsey, Hrómundur í Hrómundsey og Eskill í Eskilsey. Hrómundsey er í landi Melrakkaness og Eskilsey í landi Þvottár. Grjótþúst er suðaustarlega á Úlfsey og hefur verið talið að hún gæti verið Úlfshaugur. Þústin er greinilega manngerð, hún er hálfgróin en grasrótin er sendin. Líklegra er að þústin sé af herslubyrgi en að í henni sé fornmaður heygður. Þústin er frammi á klettabrún og neðan við hana var áður sjór en nú er eyjan orðin landföst og er sandur allt í kringum hana. Hafi verið fornmannahaugur á þessum stað er líklegt að hann hafi horfið vegna landbrots eða að sandur hafi fært hann á kaf.



Meintur Úlfshaugur í þokunni, horft til ANA.

Kálgarðar og garðlög

Talsverður fjöldi kálgarða var skráður utan þéttbýlisins í landi Búlandsness en þeir eru flestir ungir og í tengslum við þéttbýlismyndun í þorpinu á Djúpavogi. Á túnakorti Búlandsness er sýndur einn stór kálgarður 233:138 sem engin ummerki sjást lengur um. Í túni Bjargarréttar eru sýndir tveir kálgarðar á túnakorti, 235:006 og 235:007. Mjög ógreinileg ummerki um þá báða sjást enn. Í túnum Eyfreyjuness 233:017 og Merkis 233:016 sjást gerði sem afmörkuðu kálgarða (016D, 017B/C/D) en líka ummerki um mjög unga kálgarða (016G, 017F) þar sem garðarnir virðast aðeins hafa verið stungnir upp en ekkert hlaðið í kringum þá. Aðrir kálgarðar á skráningarsvæðinu (20 talsins) virðast í flestum tilvikum ungir og hafa að líkindum verið

notaðir af íbúum innan þéttbýlisins á Djúpavogi.

Túngarður 233:139 afmarkaði tún Búlandsness að norðanverðu og sést hann enn að nokkru leyti. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og er orðinn siginn og ógreinilegur. Túngarðsleifar 235:011 sjást í jaðri túns Bjargarréttar á nokkurm stöðum en að auki voru garðhleðslur út frá honum skráðar á tveimur stöðum (235:008 og 235:015). Engin ummerki um túngarðshleðslur sjást á öðrum býlum innan Búlandsness ef býlið Merki er undanskilið. Þar sést enn ungur túngarður 233:016F að hluta og ummerki um eldri garð 233:016H í túninu.

Vörslugarðar voru skráðir á fjórum stöðum (233:351, 233:329, 233:407 og 235:013) og þrír aðrir óskilgreindir garðar (233:273, 233:388 og 233:408) voru skráðir innan Búlandsness. Þessir garðar eru lítilfjörlegir og að mestu leyti hlaðnir úr grjóti. Þeir virðast ungir að árum.

Útihús

Nokkur fjöldi útihúsa var skráður í landi Búlandsness utan þéttbýlis eða samtals 18 hús. Af þeim eru fimm fjárhús og eitt fjós en ekki var hægt að greina nánara hlutverk hinna útihúsanna. Líklegt er þó að mörg þeirra hafi verið fjárhúskofar. Fjöldi útihúsa kann að hafa verið mun meiri en skráningin gefur til kynna því að margar tóftir og aðrar minjar voru skráðar þar sem ekkert er vitað um hlutverk og gætu margar þeirra verið útihús af einhverri gerð. Séu minjarnar utan túna er oft erfitt að fullyrða um hlutverk þeirra nema vísbendingar úr heimildum séu til staðar eða lögun minjanna gefi það til kynna.

Fjóstóft 233:005 er á bæjarhóli Búlandsnesbæjarins og samanstendur af tveimur tóftum, annars vegar tvískiptri tóft sem sneri stöfnum til suðurs og hins vegar einfaldri tóft að baki hinni þar sem hefur að líkindum verið hlaða. Saman eru tóftirnar 17x10 m að stærð og eru torf- og grjóthlaðnar.

Í túni Bjargarréttar er stór fjárhústóft 235:009 sem tilheyrði Búlandsnesi en húsin voru ekki byggð fyrr en eftir 1911 þegar Bjargarrétt fór í eyði og líklega ekki fyrr en eftir 1919 því þau eru ekki sýnd á túnakorti frá þeim tíma. Tóftin er grjóthlaðin að miklu leyti og 10x8,5 m að stærð. Ekki er hlaðinn veggur á suðaustur-langhlið þar sem hefur verið timburþil með dyrum.

Lítil fjárhústóft og minni tóft sem líklega er heystæði 233:253 eru norðaustan við Fýluvog og hafa að líkindum verið nýttar af íbúum þéttbýlisins á Djúpavogi. Tóftirnar eru grónar og virðast torfhlaðnar. Fjárhústóftin er 6x8 m stór og virðist vera tvískipt. Í Kiðhólma sunnan við Hrísey er tvískipt og illgreinileg fjárhústóft 233:390 sem líklegt er að tengist búsetu í Hrísey. Tóftin er úr torfi og grjóti og er 10x10 m að stærð.

Aðrar útihúsatóftir eru í túnum Búlandsness og Bjargarréttar og eru flestar einfaldar og fremur litlar. Algengast er að þær séu 6-9 m á lengd og 4-7 m á breidd en stærsta tóftin er 10x9 m stór og sú minnsta 3x3 m.

Kvíar og stekkir

Stekkir voru mjög algengir í sveitum landsins og voru notaðir á meðan fráfærur voru enn stundaðar en þær lögðust víðast af í upphafi 20. aldar. Stekkir voru litlar réttir sem oft skiptust í

tvö hólf, annað minna en hitt. Minna hólfið var lambakró sem stundum virðist hafa verið undir þaki og voru lömbin byrgð þar yfir nóttina.

Skráðar voru fjórar stekkjartóftir í landi Búlandsness. Tvískipt tóft er þar sem heitir Þorsteinsstekkar 233:113, um 410 m suðvestan við bæinn á Búlandsnesi og 180 m suðvestan við bæinn í Bjargarrétt. Ekki er vitað hvorum bænum stekkurinn tilheyrði. Búið er að raska tóftinni með seinni tíma breytingum á henni en hún heldur nokkuð lögun sinni. Hermannastekkar er einföld tóft 233:117 en nafnið er sagt tengjast því að bóndinn í Búlandsnesi hafi varist Tyrkjum á þessum stað þegar þeir fóru ránshendi um svæðið árið 1627. Seinni hluti nafnsins bendir til þess að þarna hafi verið stekkur. Líklegt er að tóftin hafi gegnt hlutverki stekkjar þó að algengara hafi verið að stekkir væru tvískiptir, eins og fram hefur komið. Vera má að tóftinni hafi verið breytt eftir að hætt var að færa frá. Þess má geta að kirkjugarður fyrir þéttbýlið í Djúpavogi er innan þess svæðis sem kallast Hermannastekkar. Hann telst ekki til fornminja.

Tvískipt stekkjartóft 233:332 er suðvestast í Innri-Hundavogslág. Hún er 1,5 km frá bænum á Búlandsnesi, sem er óvenjulangur stekkjarvegur. Þess ber þó að geta að ekki er vitað frá hvaða býli þessi stekkur var nýttur. Tóftin er 13x6 m að stærð og hlaðin úr torfi og grjóti. Að lokum var skráður stekkur 233:394 í Loftskjólum sem eru allháir klettar 2,8 km frá bænum á Búlandsnesi. Ólíklegt er að stekkurinn hafi verið nýttur frá Búlandsnesi og koma hjáleigur eða jafnvel elstu býlin innan þéttbýlisins frekar til greina. Tóftin er 8x5 m að stærð og hlaðin úr torfi og grjóti upp við kletta. Óljós veggur skiptir tóftinni í tvö hólf.


Skráðar voru kvíar á tveimur stöðum í landi Búlandsness. Annars vegar er heimild um Stöðul 233:043 á milli túnanna í Búlandsnesi og Bjargarréttar en þar voru kvíar til 1926. Engin ummerki fundust um þessar kvíar á vettvangi. Gera má ráð fyrir að þær hafi verið notaðar frá Búlandi þar sem Bjargarrétt fer í eyði 1911. Aðrar meintar kvíar 233:124 eru 200 m suðvestan við býlið Merki. Þar er hleðsla á milli tveggja kletta og afmarkar hún með þeim lítið aðhald. Af nálægð þeirra við Merki er líklegt að þær hafi verið notaðar frá því býli.

Sel og beitarhús

Beitarhús eru fjárhús fjarri heimatúnum. Tilgangurinn með þeim var að nýta úthagabeit og fjörubeit. Á skráningarsvæðinu voru beitarhús skráð á fjórum stöðum. Tvö þeirra eru í eyjum sem urðu landfastar seint á síðustu öld. Hvaley og Kálkur eru ystu eyjarnar í klasanum suðaustan við Búlandsnes. Í þeim eru einfaldar beitarhústóftir sem hlaðnar eru úr torfi og grjóti. Tóftin í Hvaley 233:404 er 6,5x5 m að stærð og tóftin í Kálki 233:405 er áþekk að stærð eða 7x5 m. Engin ummerki um garða eða undirstöður jata sjást í tóftunum.

Leifar af beitarhúsum 233:327 eru á þurri hæð innan mýrlendis vestan við Fýluvog. Þar eru fjórar tóftir, þrjár beitarhúsatóftir og ein heytóft. Ef til vill hafa þessi hús ekki verið notuð fyrir vetrarbeit, heldur verið fjárhús fyrir íbúa þéttbýlsins. Heytóftin er torfhlaðin og einföld. Tvær beitarhúsatóftanna eru hlaðnar úr torfi og grjóti og eru tvískiptar og sú þriðja er einföld og torfhlaðin. Að lokum er stór beitarhúsatóft 233:274 norðan við Grjóteyrarvatn. Hún er að mestu grjóthlaðin en austurhorn hennar er orðið skemmt af landbroti og grjóti sem sjórinn hefur borið

á land. Hún er 20x15 m að stærð og skiptist í tvö greinileg hólf.



Beitarhúsatóftir eru innan rauðra hringja á mynd sem sýnir Hvaley og Kálk að hluta. Ljósmynd: Andrés Skúlason.

Í seljum hafðist fólk við með mjólkandi skepnum (aðallega ám) yfir hásumarið og vann afurðir til vetrarins úr mjólkinni. Tvö sel voru skráð innan Búlandsness. Tvær óljósar tóftir voru skráðar við Selhjalla 233:032 en ekki fundust óyggjandi minjar um Jónssel 233:389. Minjarnar við Selhjalla eru mjög signar og hlaupnar í þúfur. Á selstæðinu virðast vera tvær tóftir, önnur þeirra er tvískipt og hlaðin upp við gróna og fremur lága kletta. Neðan við hana er önnur einföld tóft. Varða 233:276 er uppi á klettunum ofan við selið og líklegt að hún hafi vísað á það. Ekki er ljóst hvaða býli/býlum selin tilheyrðu; Búlandi, Bjargarrétt eða Borgargarði.

Minjar um sjósókn

Talsvert af minjum um sjósókn var skráð á Búlandsnesi, einkum uppsátur og hjallar. Umfangsmestu minjarnar í þessum flokki eru í Úlfsey, Ytri-Búlandshöfn og í Eyfreyjuneskróki.

Lendingar voru á skráðar fimm stöðum. Ein lending 233:379 tengist ekki fiskveiðum en hún var í Breiðavogi þar sem bátum var lent þegar siglt var á milli eyja á þeim tíma þegar þær voru enn nytjaðar. Nú er hægt að komast þurrum fótum á milli flestra eyjanna sem áður þurfti að sigla út í. Tvær lendingar voru í Ytri-Búlandshöfn, annars vegar í henni miðri þar sem sjá má hlaðinn viðlegukant 233:121, hins vegar var lending 233:333 vestast í henni en þar sjást engin ummerki. Þessar lendingar eru næst bænum á Búlandsnesi og hafa að líkindum verið notaðar þaðan, eins og örnefnið Búlandshöfn gefur til kynna, en mögulega einnig frá Bjargarrétt. Lending var í Eyfreyjuneskróki þar sem einnig sést hlaðinn viðlegukantur 233:018. Má ætla að það hafi verið lending fyrir býlið Eyfreyjunes litlu ofar í l andinu en síðar meir fyrir



Neðst á myndinni eru Innri- og Ytri-Búlandshöfn og Miðmundatangi á milli þeirra. Fjær eru Þvottáreyjar. Ljósmynd: Andrés Skúlason.

nýbýlið Framnes sem er mitt á milli lendingarinnar og eyðibýlisins.

Í miðri Úlfsey er grunnur vogur sem gengur inn til norðvesturs og heitir Höfn. Þar utan við er Hafnarey. Örnefnin og heimildir vitna um að þarna hafi verið bátalending 233:414 en engin ummerki eru sýnileg um manngerða lendingu á þessu svæði. Heimildir greina frá því að í Höfn hafi verið tuttugu skipa uppsátur 233:416 sem ekki sést lengur. Í Höfn var verstöð 233:030 en lítil ummerki sjást um hana. Mikill sandur hefur borist yfir Úlfsey og má vera að hann hafi fært verstöðvarminjar og uppsátur í kaf. Enn sjást tvær tóftir (233:030 og 233:402) norðaustan við voginn sem mögulega eru verbúðir en það er óvíst. Að auki er mjög ógreinileg tóft 233:153 suðvestan við voginn sem gæti tengst verstöðinni. Ummerki um niðurgrafið naust 233:346 er á milli kletta í norðaustanverðum voginum.

Þegar hefur uppsátur í Höfn í Úlfsey verið nefnt. Í Hrísey var einnig uppsátur 233:361 á milli kletta en engin mannaverk eru sýnileg þar. Auk naustsins sem var í Höfn voru skráð naust á sex öðrum stöðum. Í Ytri-Búlandshöfn er naust 233:331 ofan við lendingu 233:333. Þar er yngri tóft hlaðin ofan í eldri tóft og báðar hafa þær skemmst af landbroti. Einnig eru naust 233:122 í miðri Ytri-Búlandshöfn skammt frá lendingu 233:121. Þar eru tvær torfhlaðnar og fremur unglegar tóftir en á sama stað eru einnig óljós ummerki um tvö niðurgrafin lítil naust við fjöruborðið sem eru án efa talsvert eldri minjar. Í Eyfreyjuneskróki eru naust 233:349 við lendingu 233:018. Þar má sjá ummerki um sex naust sem grafin hafa verið inn í sjávarbakkann.

Á milli Hundavogs og Hríseyjarsands eru naust á þremur stöðum. Tóft 233:330 er í Ytri-Hundavogslág, einföld og niðurgrafin. Tóft 233:338 er í miðjum Jakobsvogi og er hún tvískipt og hlaðin úr torfi og grjóti. Að lokum eru Skallanaust 233:066 norðvestan við Hrísey og þar eru tvær óljósar, grunnar gryfjur.

Lúsalagnarhólmi er nú gróðurlaus klettur á fastalandi og er sunnan við Orkney (sjá 233:407) og litlu austan við flugbrautina á Djúpavogsflugvelli. Örnefnið bendir til þess að þar

hafi verið lögn 233:143 en ekki er ljóst hvort að einhver mannvirki hafi tengst henni á hólmanum. Þau sáust í það minnsta ekki á vettvangi.

Skráðar minjar um fiskverkun eru tólf hjallar og einn fiskreitur. Á Hjallshrauni, um 200 m sunnan við bæinn í Búlandsnesi, eru ummerki um fiskreit 233:352 og fjórar hjallstóftir 233:119, 233:348, 233:350 og 233:354. Nokkur fjöldi hjallstófta eru einnig í Úlfsey, um 500 m suðvestan við voginn Höfn þar sem heimildir herma að hafi verið verstöð. Í eynni voru skráðar fjórar tóftir af hjöllum 233:152, 233:398, 233:410 og 233:413 en þær voru illa farnar af jarðvegseyðingu vegna sandfoks. Að auki voru hlaðnar undistöður af hjalli 233:044 við Hjallsklett ofan og sunnan við býlið Eyfreyjunes og mjög fornlegar og signar hleðslur 233:371 sem helst minna á hjall eru á klapparholti vestan við Fýluvog.

Samtala	sérheiti	tegund	hlutverk
SM-233:352		hleðsla	fiskreitur
SM-233:044	Hjallsklettur	hleðsla	hjallur
SM-233:371		hleðsla	hjallur
SM-233:119	Hjallshraun	tóft	hjallur
SM-233:152		tóft	hjallur
SM-233:348	Hjallshraun	tóft	hjallur
SM-233:350	Hjallshraun	tóft	hjallur
SM-233:354	Hjallshraun	tóft	hjallur
SM-233:356		tóft	hjallur
SM-233:359		tóft	hjallur
SM-233:398		tóft	hjallur
SM-233:410		tóft	hjallur
SM-233:413		tóft	hjallur
SM-233:379		frásögn	lending
SM-233:018		hleðsla	lending
SM-233:121	Búlandshöfn ytri	hleðsla	lending
SM-233:414	Höfn	örnefni	lending
SM-233:333			lending
SM-233:143	Lúsalagnarhólmi	örnefni	lögn
SM-233:066	Skallanaust	gryfja	naust
SM-233:346		gryfja	naust
SM-233:349		gryfja	naust
SM-233:330		tóft	naust
SM-233:338		tóft	naust
SM-233:122	Búlandshöfn ytri	tóftir	naust
SM-233:331		tóftir	naust
SM-233:361		heimild	uppsátur
SM-233:416		heimild	uppsátur
SM-233:030		tóft	verbúð

Tafla 2. Minjar um sjósókn.

Refagildrur

Nokkur fjöldi refagildra er á Búlandsnesi og sáust ummerki um sex af ellefu skráðum gildrum. Eru það allt felligildrur að einni frátalinni sem er krókgildra. Í bók sinni Siglt og róið greinir Ingimar Sveinsson frá því hvernig krókgildrur virkuðu:

> „Þær voru þannig gerðar að hlaðin voru göng úr grjóti, ekki víðari en svo að karlmaður gat rétt smeygt handlegg inn í þau. Göngin voru höfð um þriggja metra löng og höfð í þeim vinkilbeygja. Var um einn metri innan við beygjuna en tveir metrar framan við. Yfir göngin voru síðan lagðir þungir hellusteinar. Innst í göngin var látið æti og tróð tófan sér inn í göngin til að ná ætinu en gat ekki bakkað aftur út fyrir vinkilbeygjuna því skottið þvældist alltaf fyrir.“[13]

13 Ingimar Sveinsson. 2003: 75.

Krókgildra 233:173 er við Fagrahól austan við býlið Eyfreyjunes. Þar sést enn jarðlæg vinkilhleðsla úr grjóti. Mjög vel varðveitt felligildra 233:024 er nokkru sunnan við Eyfreyjunes. Hún er um 2 m á lengd og 0,6 m á breidd. Hleðslan myndar stokk og eru stórar hellur ofan á henni sem loka stokknum. Op er á gildrunni í norðurenda og þar er grjóthella upp á rönd sem hefur lokað henni. Aðrar sýnilegar gildrur eru á Innri-Hálsum 233:178, í Gildruhrauni 233:179 og í Hörganesi 233:180.

Enn er ótalin nokkuð vegleg refagildra 233:155 á Krosshóli sem er á Hörganesi. Refagildran er hlaðin upp úr eldra grjóthlöðnu mannvirki sem virðist nokkuð fornt og er vaxið mosa og skófum. Forna mannvirkið er grjótþúst sem er um 2 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Á þessum stað kann að hafa verið stór varða sem hefur hrunið til grunna en einnig kemur til greina að um sé að ræða grjóthlaðnar undirstöður fyrir trékross og gæti örnefnið Krosshóll bent til þess. Landslagið í Útlandinu og í kringum eyjarnar suðaustur af því hefur gjörbreyst og eru margir vogar orðnir fullir af sandi og flestar eyjar orðnar landfastar. Mögulega hefur verið lending í Þangbrandsvogi sem gengur inn í Hörganesið litlu norðaustan við Krosshól. Það kemur þá til greina að trékross á þessum stað hafi verið vegkross þar sem fólk gat beðið til Guðs um vernd á leið sinni.

Enn hefur ekki verið minnst á fjölda minja sem falla í aðra minjaflokka en hér hefur verið fjallað sérstaklega um. Í töflu 3 hér fyrir neðan má sjá skiptingu allra minja eftir hlutverki.

aftökustaður	1	huldufólksbústaður	2	rétt	7
annað_ótilgreint	8	kartöflugarður	1	samgöngubót	5
áveita	1	kálgarður	22	sel	2
beitarhús	4	kvíar	2	skemma	7
brunnur	1	landamerki	4	skotbyrgi	1
bústaður	2	legstaður	1	stekkur	4
býli	8	leið	3	túngarður	4
bænhús	1	lending	5	uppsátur	3
draugur	1	lögn	1	útihús	14
fiskreitur	1	mógrafir	9	verbúð	1
fjárhús	3	naust	7	verslunarstaður	1
fjós	1	nátthagi	1	vörslugarður	4
heystæði	4	óþekkt	33	þingstaður	1
hjallur	12	refagildra	11		

Tafla 3. Hlutverk allra minja sem skráðar voru í landi Búlandsness (utan þéttbýlis) og Bjargarréttar.

Verndun og kynning

Ástand minja er óvenju gott á jörðunum Búlandsnesi og Bjargarrétt en ummerki 82% allra skráðra minja á svæðinu sjást enn. Helgast þessi góða varðveisla einna helst af því að jörðin fór í eyði fyrir miðja 20. öld og því hefur ýmsum minjum verið hlíft við túnræktun í heimatúni og nýrækt utan þess. Einnig hefur það eitthvað að segja um gott ástand minja að landsig er nánast ekkert á Austfjörðum og því er er ástand minja við ströndina betra þar en víða annarsstaðar

á landinu. Þess má geta að ástand minja innan þéttbýlisins á Djúpavogi var einstaklega gott miðað við að um þéttbýli er að ræða. Þar hafði landslagið mikil áhrif á varðveisluna því minjar eru víða upp við bergganga sem eru einkennandi fyrir svæðið og ekki hefur verið hægt að slétta yfir þær. Í töflu 2 má sjá ástand minja sem skráðar voru í landi Búlandsness utan þéttbýlis og Bjargarréttar.

Auk þess að gera ástandsmat fyrir þær fornleifar sem hægt var að staðsetja, var gert hættumat fyrir þær. Hættustigin eru þrjú: engin hætta, hætta og stórhætta. Af þeim 204 fornleifum sem voru skráðar töldust 24 í hættu og 51 fornleif í stórhættu. Hættuorsök var í flestum tilvikum trjárækt (53%) og næstalgengasta hættuorsökin var landbrot (21%). Í töflu 4 hér til hliðar má sjá nánari upplýsingar um hættuorsakir.

Ástæða hættu	fjöldi
vegna ábúðar	3
vegna jarðræktar	6
vegna landbrots	16
vegna rasks	1
vegna rofs	7
vegna trjáræktar	40
vegna uppblásturs	1
vegna vegagerðar	1
Alls	75

Tafla 4. Hætta sem steðjar að minjum á skráningarsvæðinu. Algengasta hættuorskökin er trjárækt.

Ekki eru neinar friðlýstar minjar innan jarðanna Búlandsness og Bjargarréttar en allar fornlefiar eru friðaðar. Komið hefur fram að innan þéttbýlisins á Djúpavogi er svæði í kringum gamla verslunarstaðinn sem skilgreint hefur verið sem verndarsvæði í byggð. Þar er lögð mikil áhersla á að vekja athygli á húsum og minjum og stuðla að varðveislu þeirra. Þéttbýlið og verndarsvæði í byggð er utan þess svæðis sem hér er til umfjöllunar en innan jarðarinnar Búlandsness eru ýmsar minjar sem hafa mikið varðveislu- rannsóknar- og kynningargildi. Hér verða nefnd nokkur dæmi um slíkar minjar en ekki er um tæmandi lista að ræða.

1) **Bæjarstæði Búlandsness** er fallegt þar sem það kúrir undir Setbergi. Í bæjarhólnum 233:001 leynast mannvirki og önnur mannvistarlög sem spanna að líkindum þúsund ára skeið, frá upphafi byggðar og fram á miðja 20. öld. Enn er sýnilegur grunnur síðasta íbúðarhússins á Búlandsnesi og í kring er brunnur, fjóstóft og tóftir annarra útihúsa sem eru vel greinilegar. Bænhús á Búlandsnesi var einnig að líkindum á bæjarhólnum. Mikilvægt er að huga vel að þessu svæði og grisja skóg sem farinn er að ógna minjunum. Bæjarhóllinn og næsta nágrenni hans hefur mjög mikið varðveislu- og kynningargildi fyrir heimafólk og gesti.

2) **Minjar um býlið Merki 233:016** eru vel greinilegar og mynda fallega minjaheild sem hefur mikið varðveislu- og kynningargildi. Innan túnsins eru margar tóftir sem standa vel og eru skemmtilegur og fróðlegur vitnisburður um forna byggingarhefð. Hlutverk flestra tóftanna er þekkt og saman gefur minjaheildin góða hugmynd um búskaparhætti í upphafi 20. aldar.

3) Lítið er vitað um verslunarstað sem var við Fýluvog á 16. öld og tók við af verslunarstaðnum í Gautavík í Berufirði. Vogurinn hefur lokast vegna sands sem berst upp með ströndinni og hafa miklar breytingar orðið á landslagi. Engar minjar fundust á vettvangi sem hægt er að tengja verslunarstaðnum með vissu en þó er ein **fornleg tóft 233:365 við vestanverðan Fýluvog** sem gæti hafa tengst honum. Hún hefur því mikið rannsóknargildi.

4) **Krosshóll 233:155** er við Þangbrandsvog og á honum er refagildra. Hún virðist hlaðin upp úr nokkuð fornu grjóthlöðnu mannvirki sem kann að tengjast nafni hólsins. Kross-örnefni má finna víða um land. Þau geta haft mismunandi merkingu, m.a. trúarlega, en einnig geta þau táknað einhvers konar merki, t.d. landamerki. Ekki er ljóst hvaða merkingu örnefnið Krosshóll á Búlandsnesi hefur. Mögulega hefur verið lending í Þangbrandsvogi sem gengur inn í Hörganesið litlu norðaustan við Krosshól. Hafi verið kross á hólnum má ætla að það hafi verið vegkross en algengt var í kaþólskum sið að setja slíka krossa við hættulegar leiðir þar sem fólk gat beðið til Guðs um vernd á leið sinni. Grjóthlaðna mannvirkið á Krosshól hefur talsvert rannsóknargildi en það er nokkrum erfiðleikum háð að aldursgreina það eða komast að hlutverki þess.

5) **Tvær voldugar innsiglingarvörður 233:035 og 233:278** eru norðaustast í Brandsvík, næstu vík norðaustan við Djúpavog. Vörðurnar eru mjög afgerandi í landslaginu, þó að hleðslur í þeim séu hrundar, og hafa mikið varðveislugildi sem hluti af sögu verslunar og sjósóknar á Djúpavogi.

6) **Í Ytri-Búlandshöfn er nokkuð um útvegsminjar; naust** (233:331 og 233:122) og **lendingar** (233:333 og 233:121) á tveimur stöðum. Naustin eru alls sex talsins en eru frá ólíkum tímum og við lendingu 233:121 sést hlaðinn viðlegukantur. Minjarnar hafa mikið varðveislugildi en strandminjar eru víða horfnar vegna landbrots þar sem það er virkt. Minjarnar hafa einnig talsvert rannsóknargildi en naust hafa fram til þessa lítið verið rannsökuð með aðferðum fornleifafræðinnar.

7) **Sandey** var áður í eigu Beruneskirkju og eru ýmsar minjar á eyjunni sem ætla má að tengist nytjum í henni. Upp af Baðstofufjöru í Sandey er grösugt og þýft og talsverðar líkur til þess að þar séu mannvistarleifar undir sverði, auk þess sem örnefnið Baðstofufjara bendir til þess. **Ein sigin og ógreinileg tóft 233:054** var skráð á vettvangi nyrst í fjörunni. Hún hefur mikið rannsóknargildi og getur varpað ljósi á það hvaða starfsemi fór fram í eynni, hvort þar hefur verið árstíðabundin búseta og útgerð eða hvort eyjan hafi aðallega verið nýtt til beitar fyrir sauðfé.

8) **Í Úlfsey** eru heimildir um verbúð 233:030 auk lendingar 233:414 og tuttugu skipa uppsáturs 233:416 í vogi sem ber nafnið Höfn. Líkt og aðrar eyjar og sker úti fyrir Búlandsnesi er Úlfsey orðin landföst og mikill sandur hefur safnast að henni og inn í Höfn. Engar sýnilegar minjar eru á yfirborði um lendingu eða uppsátur en utar í voginum eru **nokkrar signar tóftir** (233:030, 233:402, 233:153) og **eitt naust** (233:346). Þessar minjar hafa mikið rannsóknargildi og gætu varpað ljósi á aldur og umfang verstöðvar í Úlfsey.

9) **Í Úlfsey er einnig Úlfshaugur 233:060** og segir sagan að í honum sé fornmaður að nafni Úlfur heygður. Grjótþúst er suðaustarlega á Úlfsey og hefur verið talið að hún gæti verið Úlfshaugur. Þústin er greinilega manngerð en hún virðist frekar vera leifar af herslubyrgi en fornmannahaugi. Minjarnar eru í hættu vegna rofs og hafa mikið rannsóknargildi. Rannsókn á staðnum myndi skera úr um hvort þarna sé í raun kuml úr heiðnum sið eða hvort um hversdagslegra mannvirki er að ræða og þá hvers konar og frá hvaða tíma.

10) Fjöldi refagildra var skráður á Búlandsnesi og eru þær nokkuð algengar minjar á svæðinu, þó að ekki hafi ummerki um þær allar fundist á vettvangi. **Sérlega falleg og vel varðveitt refagildra 233:024** er upp og suður af eyðibýlinu Eyfreyjunesi. Gildran er felligildra sem hefur mikið varðveislu- og kynningargildi.

Skráning menningarminja leggur grunninn að rannsóknum, varðveislu og fræðslu. Með fornleifaskráningu á jörðinni Búlandsnesi og hjáleigum sem byggðust út úr henni er mikilvægum áfanga náð í Djúpavogshreppi. Í kjölfar skráningarinnar er upplagt að huga að skrefum sem hægt er að taka til þess að stuðla að áframhaldandi varðveislu minjanna og kynningu. Sem dæmi um slíkar aðgerðir má nefna að gera framkvæmdaaðilum grein fyrir staðsetningu minja og samhengi, huga að útbreiðslu og staðarvali skógræktar og með kynningu til almennings.

Almennt má segja að miklir möguleikar felist í kynningu á menningarminjum á Búlandsnesi í ljósi þess hve fjölbreyttar þær eru og hve varðveisla þeirra er góð. Tilvalið er að nýta þá miklu vinnu sem þegar hefur verið unnin á verndarsvæði í byggð inni á Djúpavogi og fornleifaskráningu í þéttbýlinu og fjalla um þessi svæði sem eina heild þannig að áfram verði unnið með þá stefnu sveitarfélagsins að varðveita sögu svæðisins og miðla henni til heimamanna og gestkomandi. Minjar mætti t.d. kynna með því að hanna ólíkar gönguleiðir um svæðið sem taka mið af staðsetningu minjanna en einnig mætti nýta þær gönguleiðir sem þegar eru til staðar og flétta saman við þær fróðleik um valda minjastaði. Þá eru miklir möguleikar á því að koma upplýsingum á framfæri um minjar í túnum Búlandsness og Bjargarréttar sem eru innan Hálsaskógar, skógræktarinnar á Djúpavogi. Mikilvægt er að gæta þess að fjarlægja tré

sem vaxa í eða þétt við minjarnar og stuðla þannig að varðveislu þeirra en tóftir og hleðslur á svæðinu setja mikinn svip á það og gefa því sögulega dýpt.

6. Heimildaskrá

ÁFÍ 2002: Hjörleifur Guttormsson. 2002. *Árbók Ferðafélag Íslands 2002. Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar.* Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic land registers.* C.W.K. Gleerup, Lund.

Bogi Th. Melsteð. 1907-1915. „Ferðir, siglingar og samgöngur milli Íslands og annara landa á dögum þjóðveldisins." *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta að fornu og nýju.* 4. bindi, 585-910. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík og Kaupmannahöfn.

Capelle, Thorstein. 1982. *Untersuchungen auf dem mittelalterlichen Handelsplatz Gautavík, Island.* Rheinland Verlag, Köln.

DI I-XVI*: Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

FF I: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823.* I bindi. 1983. Sveinbjörn Rafnsson (ritstjóri). Örn og Örlygur, Reykjavík.

Gríma I: *Gríma hin nýja: Safn þjóðlegra fræða íslenzkra*. 1979. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.

Ingimar Sveinsson. 1989. *Djúpivogur. 400 ár við voginn*. Búlandshreppur, Egilsstaðir.

Ingimar Sveinsson. 2003. *Djúpivogur. Siglt og róið um firði og eyjasund*. Búlandshreppur, Egilsstaðir.

Íslandsmyndir Mayers: Mayer, Auguste. 1986. *Íslandsmyndir Mayers 1836 gerðar af Auguste Mayer og fl. í leiðangri Paul Gaimard um Ísland fyrir 150 árum.* Árni Björnsson og Ásgeir S. Björnsson, höfundar texta. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Íslensk fornrit XI. Þorsteins saga Síðu-Hallssonar. 1954. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.

Íslenskir sjávarhættir II: Lúðvík Kristjánsson. 1982. *Íslenskir sjávarhættir 2***.** Menningarsjóður, Reykjavík.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2018. *Aðalskráning fornleifa á Djúpavogi: þéttbýli.* FS671-16302. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir. 2018. *Fornleifaskráning vegna breytinga á Borgarfjarðarvegi um Njarðvíkurskriður.* FS722-18391. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir. 2017. *Fornleifaskráning á Djúpavogi. Verndarsvæði í byggð.* FS637-16301. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Mehler, Natascha et al. 2020. „Gautavik - a trading site in Iceland re-examined." *German Trade in the North Atlantic c. 1400–1700. Interdisciplinary Perspectives*. AmS-Skrifter 27, 259-

275. N. Mehler, M. Gardiner, E. Elvestad (ritstj.). Museum of Archaeology, University of Stavanger, Stavanger.

Múlaþing 1970: Halldór Stefánsson. 1970. „Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum.“ *Múlaþing 5:* 17-187.

Múlaþing 1988: Sigurður Ægisson. 1988. „Um guðshús í Djúpavogsprestakalli frá öndverðu til okkar daga.“ *Múlaþing 16:* 120-144.

Múlaþing 1998: Birgir Thorlacius. 1998. „Ýmislegt um Búlandsnes. *Múlaþing 25:* 91-110.

SJM III: *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* III. 1975. Búnaðarsamband Austurlands, Egilsstöðum.

SSM: *Múlasýslur. Sýslu og Sóknalýsingar*. 2000. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfu. Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands, Reykjavík.

Stefán Jónsson. *Að breyta fjalli*. 1987. Svart á hvítu, Reykjavík.

Svavar Sigmundsson. 2009. „Place-names at boundaries in Iceland.“ *Nefningar*, 283-294. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

Sædís Gunnarsdóttir. 2004. *Menningarminjar í Djúpavogshreppi.* FS239-03191. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Undir Búlandstindi: Eiríkur Sigurðsson. 1970. *Undir Búlandstindi. Austfirskir sagnaþættir*. Norðri, Akureyri.

Vitar á Íslandi: Guðmundur Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson. 2002. *Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002.* Siglingastofnun Íslands, Kópavogi.

ÞJÁ I: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, I.-VI. bindi. 1961. Jón Árnason safnaði, ný útg. Þjóðsaga, Reykjavík.

Þórður Tómasson. 1975. „Föng til búmarkafræði.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1975*: 91-102.

Óprentaðar heimildir

Fasteignamat 1916 – 1918 SM I-II: *Fasteignamat 1916-1918 – Undirmat: Múlasýsla – suður I-II.* Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ (Li2-5246): Loftmynd Landmælinga Íslands af Djúpavogi og nágrenni frá 1957. Leyfisnúmer (Li2-5246).

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: www.manntal.is

Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn: www.sarpur.is

Túnakort 1919: Túnakort Geithellnahrepps. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Vefsíða Djúpavogshrepps: www.djupivogur.is

Ö-Búlandsnes viðb: Viðbætur við örnefnaskrá Búlandsness. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

Ö-Búlandsnes: Örnefnaskrá Búlandsness. Skrásetjari Eyjólfur Guðjónsson. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

Ö-Djúpivogur og Búlandsnes Aths: Djúpivogur og Búlandsnes. Athugasemdir og viðbætur. Ingimar Sveinsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

Örnefnakort-Búlandsnes: Örnefnakort unnið ofan á loftmynd af jörðinni Búlandsnesi sótt á vefsíðu Djúpavogshrepps þann 25.04. 2018:

https://www.djupivogur.is/Djupivogur/Nattura/Bulandsnes/

Örnefnakort EG: Örnefnakort handteiknað af Eyjólfi Guðjónssyni. Ljósrit í eigu Andrésar Skúlasonar.

Heimildamenn

Andrés Skúlason f. 03.03. 1963
Ingimar Sveinsson f. 19.06. 1927
Ragnhildur Garðarsdóttir f. 4.10. 1942
Svandís Kristinsdóttir f. 23.09. 1948

Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
SM-233:001	723005	470045
SM-233:003	723017	470063
SM-233:004	723030	470057
SM-233:005	723022	470032
SM-233:006	722933	470016
SM-233:007	722990	470025
SM-233:008	722983	470026
SM-233:009	722974	470096
SM-233:010	722924	470025
SM-233:011	723123	470107
SM-233:013	722240	470107
SM-233:015	724971	468304
SM-233:016A	722298	470052
SM-233:016B	722287	470064
SM-233:016C	722279	470067
SM-233:016D	722239	470080
SM-233:016E	722253	470084
SM-233:016F	722259	470009
SM-233:016G	722141	469999
SM-233:016H	722242	470017
SM-233:016I	722240	470045
SM-233:016J	722207	470074
SM-233:016K	722200	470064
SM-233:016L	722167	470078
SM-233:016M	722180	470087
SM-233:016N	722222	470052
SM-233:016O	722255	470079
SM-233:017A	722559	471540
SM-233:017B	722565	471541
SM-233:017C	722573	471542
SM-233:017D	722570	471549
SM-233:017E	722559	471558
SM-233:017F	722569	471561
SM-233:017G	722556	471566
SM-233:017H	722609	471566
SM-233:018	722638	471833
SM-233:019	722539	471486
SM-233:020	722700	471929
SM-233:021	721761	469777
SM-233:022	721911	470182
SM-233:023	721871	470703
SM-233:024	722550	471231
SM-233:027	723001	470064
SM-233:028	723631	469799
SM-233:029	726141	469498
SM-233:030	726894	468698
SM-233:031	727423	468490
SM-233:032A	726013	470870
SM-233:032B	726019	470873
SM-233:033	725882	471040
SM-233:035	725633	470598
SM-233:039	723144	469910
SM-233:040	724195	469191
SM-233:043	722833	469962
SM-233:048	724313	471136
SM-233:049	724365	471191
SM-233:051	723210	470193
SM-233:053	723209	470525
SM-233:054	726553	467624
SM-233:057	725247	469165
SM-233:058	722882	471645
SM-233:059	722706	471916
SM-233:060	727106	468936
SM-233:061	726518	468198
SM-233:065A	724834	469379
SM-233:065B	724822	469358
SM-233:065C	724795	469371
SM-233:066	724360	468022
SM-233:112	722888	469898
SM-233:113	722601	469540
SM-233:114	723427	470532
SM-233:115	723847	470442
SM-233:116	723653	470119
SM-233:117	723709	470289
SM-233:118	723349	469751
SM-233:119	723158	469851
SM-233:121	722912	469277
SM-233:122A	722930	469303
SM-233:122B	722945	469306
SM-233:122C	722944	469299
SM-233:122D	722948	469299

SM-233:123	721661	469035
SM-233:124	722027	469935
SM-233:125	722845	471586
SM-233:136	722989	470089
SM-233:137	723220	470042
SM-233:138	723094	470043
SM-233:139A	723182	470032
SM-233:139B	723018	470133
SM-233:139C	723097	470124
SM-233:139D	723178	470111
SM-233:140A	723071	470121
SM-233:140B	723080	470141
SM-233:143	725787	468281
SM-233:144A	722800	471368
SM-233:144B	722772	471239
SM-233:151	724826	469706
SM-233:152	726666	468217
SM-233:153	726850	468581
SM-233:154	727564	468539
SM-233:155A	725913	469052
SM-233:155B	725909	469010
SM-233:167	723120	470194
SM-233:168	723657	470338
SM-233:172	723411	471213
SM-233:173	723131	471463
SM-233:178	722349	470637
SM-233:179	724229	470936
SM-233:180A	725820	469231
SM-233:180B	725818	469230
SM-233:182	724187	468158
SM-233:184	724059	469232
SM-233:195	725368	469241
SM-233:203	721735	469750
SM-233:213	725468	469583
SM-233:225A	725142	469423
SM-233:225B	725165	469438
SM-233:225C	725092	469421
SM-233:225D	725046	469304
SM-233:225E	725047	469309
SM-233:225F	725036	469330
SM-233:253A	725181	469465
SM-233:253B	725173	469465

SM-233:259	725323	469376
SM-233:273	726055	470294
SM-233:274	726042	470257
SM-233:275	725847	469534
SM-233:276	726000	470884
SM-233:277	725749	470637
SM-233:278	725716	470530
SM-233:289	725408	469319
SM-233:294A	724321	469045
SM-233:294B	724301	469010
SM-233:294C	724297	469004
SM-233:327A	724974	469334
SM-233:327B	724979	469347
SM-233:327C	724991	469340
SM-233:327D	724981	469309
SM-233:329	722920	469980
SM-233:330	723419	468432
SM-233:331	722778	469219
SM-233:332	723312	468493
SM-233:333	722789	469214
SM-233:334	723411	469345
SM-233:335	722697	469266
SM-233:336	724861	468701
SM-233:337A	722604	469287
SM-233:337B	722583	469271
SM-233:337C	722529	469236
SM-233:338	724116	468342
SM-233:339	722261	468944
SM-233:340	723021	470064
SM-233:341	725425	469365
SM-233:342	723034	470069
SM-233:343	723291	471315
SM-233:344	722956	470055
SM-233:345	723152	471556
SM-233:346	726871	468674
SM-233:347	723437	470498
SM-233:348	723159	469878
SM-233:349	722654	471807
SM-233:350	723160	469887
SM-233:351	722680	471745
SM-233:352	723168	469907
SM-233:353	722857	471607

SM-233:354	723152	469884
SM-233:355	722827	471575
SM-233:356	722751	469715
SM-233:357	722828	471558
SM-233:358	723353	469718
SM-233:359	724920	468169
SM-233:360	723292	469807
SM-233:361	724920	468069
SM-233:362	723766	469866
SM-233:363	725166	469328
SM-233:364	723579	469650
SM-233:365	725058	469088
SM-233:366	723706	470262
SM-233:367	725135	469410
SM-233:368	723734	470328
SM-233:369	725087	469411
SM-233:370	723748	470347
SM-233:371	724983	469198
SM-233:372	723769	470400
SM-233:373	724998	469211
SM-233:374	723806	470260
SM-233:375	725196	469051
SM-233:376	723717	470378
SM-233:377A	725200	468985
SM-233:377B	725203	468984
SM-233:377C	725195	468985
SM-233:377D	725195	468981
SM-233:377E	725206	468977
SM-233:377F	725176	468982
SM-233:377G	725164	468986
SM-233:378	724328	470776
SM-233:379	725357	469114
SM-233:380	724418	471143
SM-233:381	725875	470797
SM-233:382	723733	471173
SM-233:383	725346	469452
SM-233:384	724536	467807
SM-233:385	725363	469469
SM-233:386	723487	469245
SM-233:387	725385	469487
SM-233:388	724937	468088
SM-233:389	726299	469906

SM-233:390	724518	467776
SM-233:391	725802	469776
SM-233:392	723477	469227
SM-233:393	725896	470042
SM-233:394	725825	469782
SM-233:395	725912	469994
SM-233:396	722262	469813
SM-233:397	726552	467672
SM-233:398	726644	468177
SM-233:399	725882	469321
SM-233:400	726837	468572
SM-233:401A	725864	469549
SM-233:401B	725860	469543
SM-233:402	726883	468706
SM-233:403	726683	467877
SM-233:404	727578	468554
SM-233:405	727664	468301
SM-233:406	726599	467748
SM-233:407	725868	468505
SM-233:408	724542	471335
SM-233:409	724435	471226
SM-233:410	726630	468219
SM-233:411	726575	467792
SM-233:412	724549	471365
SM-233:413	726646	468194
SM-233:414	726820	468694
SM-233:415	726523	468148
SM-233:416	726792	468689
SM-235:001	722799	469869
SM-235:002	722808	469860
SM-235:003	722788	469833
SM-235:004	722834	469900
SM-235:005	722860	469917
SM-235:006	722828	469896
SM-235:007	722815	469898
SM-235:008	722888	469901
SM-235:009	722844	469916
SM-235:010	722820	469915
SM-235:011A	722764	469804
SM-235:011B	722881	469955
SM-235:011C	722847	469971
SM-235:011D	722829	469953

SM-235:011E	722764	469829
SM-235:012	722758	469815
SM-235:013	722751	469805
SM-235:014	722749	469802
SM-235:015	722903	469917
SM-235:016	722892	469947
SM-235:017A	722835	469930
SM-235:017B	722826	469930

Minjakort

Minjakortin eru unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Búlandsnes - Yfirlitskort

Kort 2 Norðurland

Kort 1
Tún Búlandsness
og Bjargarréttar

Kort3
Suðurland

Kort 4
Suðurland, Útland og eyjar

Kort 5 Útland og eyjar

Skýringar
- Fornleifar_punktar
- Mörk þéttbýlis

0 500 1000 1500 2000 m

Kort 1
Tún Búlandsness og Bjargarréttar


N

233167
233051
233140B
233139B
233140A
233139C
233011
233139D
233009
233136
233342
233027
233340
233344
233003
233004
233138
233137
233001
233139A
233010
233008
233007
233005
233006
233329
235011C
233043
235011B
235011D
235016
235017B
235017A
235010
235009
235005
235015
235007
235004
235008
233112
235006
235001
235002
233039
233352
233354
233350
233348
233119
235011E
235003
235012
235013
235011A
235014
233360
233118
233356
233358

Skýringar
- Fornleifar_punktar
- Fornleifar_línur

0 75 150 225 300 m


Kort 2
Norðurland
N
233020
233059
233018
233349
233351
233058
233125
233017G
233353
233345
233017H
233173
233019
233144A
233343
233412
233408
233024
233144B
233172
233382
233049
233409
233380
233048
233179
233378
233023
233178
233053
233114
233347
233115
233376
233372
233168
233370
0
250
500
750
1000 m
Skýringar
Fornleifar_punktar
Fornleifar_línur
Mörk þéttbýlis


Kort 3
Suðurland
N
233115
233376
233372
233168
233368
233366
233374
233116
233167
233051
233139B
233139C
233344
233342
233137
233005
233139A
233039
233352
233362
233028
233348
233119
233360
233118
233358
233364
233022
233013
233016L
233016J
233016A
233016G
233016F
233124
233396
233021
233203
235011C
235007
235011E
235006
235003
235014
233356
233113
233334
233337A
233122A
233122B
233335
233121
233337C
233331
233333
233386
233392
233184
233123
233339
Skýringar
Fornleifar_punktar
Fornleifar_línur
Mörk þéttbýlis
0
250
500
750
1000 m



Kort 4
Suðurland, Útland og eyjar

Kort 5
Útland og eyjar

N

233033
233276
233032A
233032B
233381
233277
233035
233278
233273
233274
233393
233395
233389
233391
233394
233213
233401B
233401A
233275
233029
233385
233387
233383
233341
233259
233289
233399
233180B
233195
233180A
33057
233379
233155A
233377A
233155B
E
233060
233402
233030
233416
233346
233400
233153
233407
233404
233031
233154
233143
233405
233061
233152
233398
233415
233403
233411
233406
233397
233054

Skýringar

- Fornleifar_punktar
- Fornleifar_línur
- Mörk þéttbýlis

0 250 500 750 1000 m